



Ársskýrsla

KFUM og KFUK á Íslandi
Starfsárið 2014–2015





Inngangur formanns



Auður Pálsdóttir
formaður KFUM
og KFUK

Kæra félagsfólk

Starfsári KFUM og KFUK 2014–2015 er senn lokið og við litum þakklát til baka yfir ríkulegan ávöxt starfsins. Í þessari ársskýrslu er að finna yfirlit yfir fjölbreytt starf félagsins sem ber vitni um trúmennsku starfsfólks og fjölda sjálfboðaliða félagsins sem hafa sinnt börnum og ungmennum af kærleiksríkum metnaði.

Það er bjart framundan í kristilegu starfi því fleiri og fleiri átta sig á að það er réttur barna að fá að vita að þau geti trúað á Guð og að Guð hefur trú á þeim. Um þetta snýst starf okkar í KFUM og KFUK og birtist í kraftmiklu félagsstarfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri velferð einstaklingsins.

Í þessari ársskýrslu má sjá að styrkur okkar í KFUM og KFUK felst aðallega í þrennu. Í fyrsta lagi búum við yfir fjölbreyttum hópi félagsmanna er starfa sem sjálfboðaliðar við margvísleg verkefni bæði vetur og sumar. Sum verk eru sýnileg en önnur ekki en öll eru þau mikilvægur hlekkur í sterkri keðju lærisveina Jesú Krists. Í öðru lagi höfum við skýra sýn á tilgang starfsins sem er að vekja trú á Jesú Krist og kalla fólk til þjónustu í ríki hans. Í þriðja lagi felst styrkur okkar í því

að vera frjáls félagasamtök, samtök leikmanna sem starfa eftir lýðræðislegum leikreglum, félagasamtök sem stuðla að mannrækt og mannúð og láta sig náungann varða.

Jesús veitti samferðafólki sínu vandaða og á stundum beitta leiðsögn um hvað sé gagnlegt, hvað mikilvægt og hvað ekki. Allar frásagnir af Jesú kenna okkur að hann mætti hverri manneskju í þeirra eigin aðstæðum og á jafnréttisgrunni. Í þessum frásögnum felast líka dýrmætar leiðbeiningar til okkar sem eldri erum um hvernig við getum sinnt yngri leiðtogunum í starfinu okkar og hvernig við sköpum þeim aðstæður til að verða þjónandi leiðtogar.

Með stolti fylgi ég þessari ársskýrslu úr hlaði enda sómi af starfi okkar í KFUM og KFUK. Við byggjum á sterkum stofni sem er Jesús Kristur og kærleiksboðskapur hans. Á næstu síðum má sjá að Guð hefur gefið ríkulegan ávöxt og fyrir hann erum við þakklát.

Auður Pálsdóttir
Formaður KFUM og KFUK á Íslandi

Efnisyfirlit

1.	Forysta KFUM og KFUK	6
2.	Æskulýðsstarf	9
3.	Leikjanámskeið	16
4.	Fræðslustarf	17
5.	Fjölskyldu- og fullorðinsstarf	19
6.	Alþjóðastarf	23
7.	Jól í skókassa	26
8.	Innlend samstarfsverkefni	27
9.	Útgáfu- og kynningarmál	29
10.	Fjármál	31

Starfsstöðvar:	
KFUM og KFUK á Akureyri	32
KFUM og KFUK á Suðurnesjum	34
KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum	36
Vatnaskógur	38
Vindáshlíð	43
Ölver	46
Hólavátn	48
Kaldársel	50
Vinagarður	52

Nafnið segir hver við erum

Við í KFUM og KFUK búum við þau forréttindi að nafn félagsins segir hver við erum. Hver stafur hefur sína merkingu.

K

Kristilegt

Við fræðum þátttakendur um boðskap Biblíunnar, líf og starf Jesú Krists. Kennum þeim að þekkja trú sína, rækja hana og meta gildi hennar.

F

Félag

Við erum frjáls félagasamtök og störfum eftir lýðræðislegum leikreglum. Aldargamalt félag þarf að gæta þess að breytast ekki í stofnun. Ekki má rugla félaginu saman við söfnuð, þrátt fyrir kristilegan grunn þess.

U


Ungra

Við erum æskulýðshreyfing og leggjum áherslu á að standa fyrir heilbrigðu félagsstarfi fyrir börn og ungmenni.

M/K

Manna og kvenna

Við stuðlum að mannrækt og mannúð. Við stöndum fyrir uppbyggjandi verkefnum, gagnlegum samfélaginu.



Merkið undirstrikar markmiðið

KFUM og KFUK er æskulýðshreyfing sem hefur að markmiði að stuðla að heilbrigði mannsins til líkama, sálar og anda. Þríhyrningurinn í merki félagsins undirstrikar þetta, en hliðar hans tákna líkama, sál og anda. Aðferðafræðin er aðferð Jesú Krists: Að mæta hverri manneskju af umhyggju, kærleika og virðingu.



Sumarstarf KFUM og KFUK í Kaldárseli fagnar 90 ára afmæli á árinu 2015. Það voru vaskir félagsmenn í KFUM í Reykjavík og Hafnarfirði sem réðust í það þrekvirki að ryðja fyrst veg í átt að Kaldárseli vorið 1925, bera svo á milli sín timbur í nýjan skála hluta leiðarinnar, reisa því næst skálann og vígja hann til þjónustu fyrir æsku Íslands þann 25. júní 1925. Á myndinni sést þessi fyrsti skáli Kaldæinga, en þess má geta að 90 ára afmælisins verður m.a. minnst á fundi í AD KFUM fimmtudaginn 9. apríl og á vorhátíð í Kaldárseli sunnudaginn 26. apríl. Sjálf afmælishátíðin verður síðan helgina 27.–28. júní.


116 ára æskulýðsfélag

KFUM og KFUK voru stofnuð 1899. Stofnandinn sr. Friðrik Friðriksson telst til merkari manna 20. aldarinnar. Mörg önnur félög eiga rætur að rekja til KFUM og KFUK og starfs sr. Friðriks, þar á meðal íþróttafélögin Valur og Haukar, karlakórinn Fóstbræður og skátastarf á Íslandi. Fjölbreytnin í starfi KFUM og KFUK er í samræmi við orð stofnandans: „Ekkert sannarlega mannlegt er óviðkomandi sönnunum kristindómi.“

Skilvirkt skipulag

KFUM og KFUK leitast stöðugt við að gera innra skipulag skilvirkara. Allir félagar eru skráðir í sama félagið, KFUM og KFUK á Íslandi, óháð búsetu eða hvaða þætti starfsins þeir taka þátt í. Starfsstöðvar eru sjálfstæðar rekstrareiningar innan félagsins sem annast sértæka starfsemi á sínu starfssvæði. Hvort viðburður eða starf heyrir undir einstaka starfsstöð eða félagið í heild byggir meira á hefðum en reglum.

Stjórnir og starfsmenn KFUM og KFUK á Íslandi starfa með stjórnnum og starfsmönnum starfsstöðva að sameiginlegum markmiðum.



1. Forysta KFUM og KFUK

Aðalfundur KFUM og KFUK á Íslandi var haldinn laugardaginn 5. apríl 2014 og markaði upphaf nýs starfstímabils stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi. Í stjórninni 2014–2015 störfuðu eftirtalin og skiptu þannig með sér verkum:

Auður Pálsdóttir, formaður
Gísli Davíð Karlsson, varaformaður
Anna Elísa Gunnarsdóttir, ritari
Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri
Lára Halla Sigurðardóttir, vararitari
Óskar Birgisson, varagjaldkeri
Henning Emil Magnússon, meðstjórnandi
Þórunn Arnardóttir, meðstjórnandi

Varamenn:

Björgvin Hansson
Jónína Erna Arnardóttir

Stjórnarfundir

Haldnir voru 16 stjórnarfundir á starfsárinu. Sá síðasti verður 7. apríl (nr. 139).

Málefni á borði stjórnar og ýmis verkefni. td.

Mönnun ráða fyrir starfstímabilið og forgangsörðun verkefna.
Mótun starfslýsinga einstakra ráða.
Skipulag og framkvæmd samráðsþings KFUM og KFUK á Íslandi 26.–28. september.
Stefnumörkun í æskulýðsstarfinu, einkum því sem snýr að deildastarfi yfir vetrarmánuðina.
Nýting á félagsheimilinu Holtavegi 28.
Ráðning nýs framkvæmdastjóra.
Samstarf við Þjóðarbókhöfðu um varðveislu á bréfum og ritum sr. Friðriks Friðrikssonar.
Þátttaka félagsins í Kristsdegi, samkirkjulegu verkefni í Hörpu í september.
Undirbúningur og framkvæmd hátíðar- og inntökufundar KFUM og KFUK á Íslandi 12. febrúar 2015.
Öflun nýrra félaga (sjá nánar síðar í kaflanum).



Stjórn KFUM og KFUK á Íslandi 2014–2015. Fv. Auður Pálsdóttir, Gísli Davíð Karlsson, Lára Halla Sigurðardóttir, Anna Elísa Gunnarsdóttir, Sveinn Valdimarsson, Jónína Erna Arnardóttir, Björgvin Hansson og Þórunn Arnardóttir. Á myndina vatnar Henning Emil Magnússon og Óskar Birgisson.

Undirbúningur vegna aðalfundar og fulltrúaráðsfundar KFUM og KFUK á Íslandi 11. og 12. apríl 2015.

Gengið frá nýrri skiptingu á þátttöku starfsstöðva félagsins í kostnaði við rekstur Þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK.

Þátttaka í norrænu samstarfi, fundum og námskeiðum erlendis.

Skipting í ráð á vegum KFUM og KFUK á Íslandi:

Stjórnin skiptir með sér málaflokkum með því að taka þátt í ráðum á vegum félagsins. Á árinu voru stofnuð kynningarráð og fjármálaráð.

Alþjóðaráð:

Anna Elísa Gunnarsdóttir
Birgir U. Ásgeirsson
Hildur Björg Gunnarsdóttir
Jóhanna Sesselja Erludóttir
Sólveig Reynisdóttir
Tinna Rós Steinsdóttir

Stjórnarfundir og mætingatafla:

Dagsetning	7. apríl	23. apríl	7. maí	13. maí	10. júní	14. ág.	1. sept.	23. sept.	21. okt.	12. nóv.	15. des.	13. jan.	10. feb.	26. feb.	17. mars
Númer stjórnarfundar	124	125	126	127	128	129	130	131	132	133	134	135	136	137	138
Anna Elísa Gunnarsdóttir	x	x	x	Leyfi	Leyfi	Leyfi	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Auður Pálsdóttir	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Björgvin Hansson (varam.)	x	x			x	x	x	x	x			x	x		
Gísli Davíð Karlsson	x		x	x	x	x	x	x	x		x	x		x	x
Henning Emil Magnússon	x		x		x	x	x		x	x	x	x	x	x	
Jónína Erna Arnardóttir (varam.)		x					x			x					
Lára Halla Sigurðardóttir	x	x	x	x	x	x	x	x	x		x	x			
Óskar Birgisson	x	x		x		x		x	x	x		x	x		x
Sveinn Valdimarsson	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Þórunn Arnardóttir	x	x	x	x			x	x	x	x	x		x	x	



Á starfsárinu gengu 34 nýir félagar í KFUM og KFUK. Löng hefð er fyrir því að bjóða nýjum félögum á sérstakan hátíðar- og inntökufund, þar sem þau eru boðin velkomin í félagið með formlegum hætti. Í ár höfðu 16 þeirra tók á að sækja fundinn.

Æskulýðsráð:

Gísli Davíð Karlsson
Þórunn Arnardóttir
Arnór Heiðarsson
Ástríður Jónsdóttir

Kynningarráð:

Lára Halla Sigurðardóttir
Karítas Hrundar Pálsdóttir
Guðni Már Harðarson

Húsráð:

Björgvin Hansson
Geirlaugur Sigurbjörnsson

Fjármálaráð:

Sveinn Valdimarsson
Björn Arnar Kárasen
Magnús Jóhannsson
Sigurður Erlingsson
Stefán Jónsson

Tengiliðir stjórnar félagsins við stjórnir starfsstöðva:

Anna Elísa Gunnarsdóttir – Vindáshlíð.
Sveinn Valdimarsson – Akureyri og Hólavátn.
Óskar Birgisson – Kaldársel.
Jónína Erna Arnardóttir – Suðurnes.
Lára Halla Sigurðardóttir – Vatnaskógur.
Henning Emil Magnússon – Vestmannaeyjar.
Gísli Davíð Karlsson – Vinagardur.
Björgvin Hansson – Ölver.

Breytingar í starfsmannahópnum

Gyða Karlsdóttir sem gegnt hefur starfi framkvæmdastjóra KFUM og KFUK á Íslandi frá árinu 2005 (og þar á undan hjá Landssambandi KFUM og KFUK til margra ára) sagði starfi sínu lausu á fyrri hluta árs 2014.

Þá leitaði stjórn félagsins til Magnúsar Pálssonar um handleiðslu við ráðningu nýs framkvæmdastjóra. Starfið var auglýst og tekin voru viðtöl við umsækjendur. Niðurstaðan var að ráða Tómas Torfason sem kom til starfa 11. ágúst 2014.



**Gyða
Karlsdóttir**



**Tómas
Torfason**

Sr. Jón Ómar Gunnarsson, sem gengdi 50% stöðu hjá KFUM og KFUK (á móti 50% stöðu hjá Kristilegu skólahreyfingunni) sagði starfi sínu lausu á starfsárinu. Hann hafði verið í árs námsleyfi og Magnea Sverrisdóttir djákni gegndi stöðunni í hans fjarveru. Ákveðið var að endurskoða og færa verkefni til og ráða ekki í stöðuna að svo stöddu.

Samráðsþing í Vindáshlíð

Dagana 26.–28. september 2014 var forystufólki í starfi KFUM og KFUK á Íslandi boðið til samráðsþings í sjöunda skipti í röð. Í ár var þéttskipuð dagskrá af áhugaverðum fyrirlestrum. Sigrún Gunnarsdóttir dósent við Háskólann á Bifröst fjallaði um aðferðir og árangur þjónandi forystu í félagsstarfi og atvinnulífi. Tómas Ingason, MBA og stjórnunarráðgjafi, flutti erindi um fjármögnun félagasamtaka og fjármálastefnu. Grétar Halldór Gunnarsson guðfræðingur kynnti og leiðbeinti um kyrrðarþæn (Centering Prayer). Þórir Ingvarsson, rannsóknarlögreglumaður og umsjónarmaður samfélagsmiðla hjá lögreglunni sagði frá notkun samfélagsmiðla í starfi lögreglunnar. Sr. Ólafur Jóhannsson flutti hugleiðingu um hvernig starf í ríki Guðs felur í sér fjölbreytt verkefni sem mörg fela í sér nýjar áskoranir, en lúta öll að einu markmiði. Gunnar Jóhannes Gunnarsson dósent við menntavísindasvið Háskóla Íslands hélt erindi um hvernig við getum séð tækifæri í þeim hindrunum sem við stöndum frammi fyrir og þá ábyrgð sem felst í að takast á við þær.



Dagana 26.–28. september 2014 var forystufólki í starfi KFUM og KFUK á Íslandi boðið til samráðsþings í sjöunda skiptið í röð. Þingið var haldið í Vindáshlíð.



Gunnar J. Gunnarsson var einn þeirra sex sem fluttu erindi á samráðsþinginu í Vindáshlíð.



Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK er við Holtaveg 28 í Reykjavík.

Þá voru kvöldvökur, morgunstundir, útvera og dagskrá fyrir börnin líkt tíðkast hefur á liðnum árum.

Þríf, matargerð og dagskrá fyrir börnin var í höndum sjálfboðaliða sem sinntu hópnum af alúð.

Hátíðar- og inntökufundur

Á hverju ári eru nýir félagar í KFUM og KFUK boðnir velkomnir í félagið á sérstökum hátíðar- og inntökufundi sem að þessu sinni fór fram 12. febrúar 2015 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg.

Dagskrá fundarins var í senn hátíðleg og skemmtileg. Fundarstjórn var í höndum Arnars Ragnarssonar og Perlu Magnúsdóttur. Elín Sif Halldórsdóttir var með tónlistaratriði. Hugvekju flutti sr. Petrína Mjöll Jóhannsdóttir. Hljómsveit hússins var skipuð Bjarna Gunnarssyni, Henning Emil Magnússyni og Rúnu Þráinsdóttur. Hátíðarfundurinn var að vanda veislufundur með veglegum kvöldverði. Umsjón með fundinum var alfarið í höndum stjórnar félagsins.

Þá gengu 34 nýir félagar til liðs við félagið á þessu starfsári.

Nýliðakvöld

Nýjum félögum í KFUM og KFUK var boðið á stutt námskeið um málefni félagsins 16. febrúar 2015. Tilgangur nýliðakvöldsins var að gefa nýjum félögum yfirsýn yfir fjölbreytt og umfangsmikið starf KFUM og KFUK. Umsjón var í höndum Tómasar Torfasonar.

Þátttaka í fundum og námskeiðum erlendis

Auður Pálsdóttir og Tómas Torfason tóku þátt í árlegum norrænum formanna- og framkvæmdastjórárfundi í Helsingi 23.–25. janúar 2015. Tómas sótti einnig fund framkvæmdastjóra KFUM í Evrópu í London 24.–26. nóvember 2014.

Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK

KFUM og KFUK á Íslandi starfrækir Þjónustumiðstöð í félagshúsinu að Holtavegi 28 í Reykjavík. Þjónustumiðstöðin er opin alla virka daga kl. 9–17.

Starfsfólk í þjónustumiðstöðinni eru: Tómas Torfason, framkvæmdastjóri, Þorsteinn Arnórsson, fjármálastjóri, Klara V. Þórhallsdóttir sem sér um bókhald og rekstur, Berglind Ósk Einarsdóttir, þjónustufulltrúi, Hjördís Rós Jónsdóttir, æskulýðsfulltrúi, Petra Eiríksdóttir, æskulýðsfulltrúi og Jóhann Þorsteinsson, sviðsstjóri æskulýðssviðs. Jóhann hefur starfsaðstöðu í félagshúsi KFUM og KFUK á Akureyri.

Gísli Stefánsson er í 15% starfi með aðsetur í Vestmannaeyjum. Sumarstarfsmenn í Þjónustumiðstöðinni 2014 voru Anna Elísa Gunnarsdóttir og Arna Auðunsdóttir.

Í þjónustumiðstöðinni er einnig skrifstofa framkvæmdastjóra Vatnaskógar, Ársæls Aðalbergssonar og starfsmanns Kristilegrar skólahreyfingar (KSH) sr. Sveins Alfþéssonar.



2. Æskulýðsstarf

Æskulýðsstarf er kjarnastarfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Markmið félagsins er að bjóða ungu fólki að taka þátt í að skapa jákvætt félagsstarf sem mætir hverjum einstaklingi af umhyggju og virðingu og stuðlar að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska þátttakenda. Í KFUM og KFUK fær ungt fólk tækifæri til að vaxa í vitund um sjálft sig, um aðra, um samfélagið í kringum okkur og um lífandi Guð. Með þátttöku í starfinu öðlast einstaklingar færni til að hafa áhrif til breytinga á þessum sviðum. Æskulýðsstarfinu er sinnt af sjálfbóðaliðum sem hafa fengið þjálfun, fræðslu og handleiðslu. Margir þeirra hafa tekið þátt í starfinu frá því þeir voru börn en svo fengið tækifæri til að axla ábyrgð og vaxa og þroskast í hlutverki leiðtoga. Það er því mikilvægt verkefni stjórnar og starfsfólks félagsins að hlúa að sjálfbóðaliðunum og veita þeim tækifæri til virkrar þátttöku í starfinu.

Félagsdeildir KFUM og KFUK starfsárið 2014–2015

Á haustmisseri voru starfræktar 29 deildir en 26 deildir á vormisseri. Víða hefur starfið gengið ágætlega og er sérstaklega ánægjulegt að mæting í unglingadeildir hefur sumstaðar farið vaxandi. Þá var endurvakið samstarf við sóknarkirkjurnar á Dalvík og í Ólafsfirði og fara leiðtogar frá Akureyri aðra hverja viku en þess á milli eru samverurnar í höndum prestanna. Alls voru 87 leiðtogar skráðir til þátttöku í deildarstarfinu á starfsárinu en þar fyrir utan eru ýmsir gestir og eldri leiðtogar sem hafa með einum

eða öðrum hætti lagt sitt af mörkum. Þá hefur fjöldi eldri leiðtoga aðeins dregist saman. Stór og skemmtilegur hópur ungleiðtoga hefur í vetur tekið þátt í leiðtogabjálfun og verður spennandi að sjá þau þroskast áfram til ábyrgðar í starfi félagsins.

Börn 9–12 ára

Vikulegir fundir í hefðbundnum félagsdeildum og ýmsir sameiginlegir viðburðir og ferðalög. Skemmtileg og uppbyggileg dagskrá er útbúin og skipulögð fyrir börnin.

Unglingar 13–15 ára

Vikulegir fundir í hefðbundnum deildum. Þátttakendur taka meiri þátt í að skipuleggja dagskrána, með styrki leiðsögn og frumkvæði frá leiðtogum.

Ungmennir 16–25 ára

Þátttakendur stýra dagskrá og verkefnum að mestu sjálf með dyggri aðstoð frá starfsfólki æskulýðssviðs. Fjölbreytni verkefna er mikil.

Nálgun á æskulýðsstarfi KFUM og KFUK er þrískipt. Því eldri sem þátttakendur eru því meiri áhrif hafa þeir á mótun starfsins.

Yfirlit yfir félagsdeildir, forstöðufólk og leiðtoga, veturinn 2014–2015

YD KFUM og KFUK Digraneskirkju

Sóley Björk Atladóttir – forstöðukona (haustönn)
Helgi Gíslason – forstöðumaður (vorönn)
Andri Lórensson
Margrét Linda Kristjánsdóttir – (haustönn)
Tinna Dögg Birgisdóttir – (vorönn)
Ragnheiður Haraldsdóttir – (vorönn)
Þátttakendur á haustönn: 25
Þátttakendur á vorönn: 13

YD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Hreinn Pálsson – forstöðumaður
Pétur Ragnhildarson – forstöðumaður
Gunnar Hrafn Sveinsson
Lilja Rós Kristbjörnsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 10

UD KFUM og KFUK Fella- og Hólakirkju

Hreinn Pálsson – forstöðumaður
Pétur Ragnhildarson – forstöðumaður
Gunnar Hrafn Sveinsson
Lilja Rós Kristbjörnsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 47
Þátttakendur á vorönn: 45

YD KFUK Grensáskirkju

Þórhildur Einarsdóttir – forstöðukona
Vilborg Pála Eiríksdóttir
Axel Orri Sigurðsson
Þátttakendur á haustönn: 24
Þátttakendur á vorönn: 16

UD KFUM og KFUK Grensáskirkju

Daníel Bergmann – forstöðumaður (haustönn)
Vilborg Pála Eiríksdóttir – forstöðukona (vorönn)
Davíð Tómas Tómasson (haustönn)
Kristbjörg Steingrímsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 8
Þátttakendur á vorönn: 13

YD KFUM og KFUK Bústaðakirkja (haustönn)

Berglind Ólafsdóttir – forstöðukona
Steinunn Þorsteinsdóttir – forstöðukona
Ásgerður Birna Halldórsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 13

Leikjafjör KFUM og KFUK í Grafarholti

Unnar Freyr Erlendsson – forstöðumaður (haustönn)
Hjördís Rós Jónsdóttir – forstöðukona (vorönn)
Þórhildur Einarsdóttir (haustönn)
Þátttakendur á haustönn: 24
Þátttakendur á vorönn: 25

UD KFUM og KFUK í Grafarholti (haustönn)

Þórhildur Einarsdóttir – forstöðukona
Unnar Freyr Erlendsson
Gunnhildur Einarsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 10

Sköpunargleði á Holtavegi

Petra Eiríksdóttir – forstöðukona
Arna Auðunsdóttir
Þráinn Andreusson
Þátttakendur á haustönn: 21
Þátttakendur á vorönn: 16

YD KFUM og KFUK Grindavíkurkirkju

Póra Jenny Benónýsdóttir – forstöðukona
Blær Elíasson – forstöðumaður
Ragnheiður Haraldsdóttir (haustönn)
Gná Elíasdóttir
Anna María Tryggvadóttir
Álfheiður Ingibjörg Arnfinnsdóttir
Elín Björg Eyjólfsdóttir
Haukur Arnórsson
Rannveig Ósk Hjaltadóttir
Pétur Bjarni Sigurðarson
Hákon Klaus Haraldsson
Elvar Geir Sigurðsson
Þátttakendur á haustönn: 34
Þátttakendur á vorönn: 46

UD KFUM og KFUK Grindavíkurkirkju

Póra Jenny Benónýsdóttir – forstöðukona
Blær Elíasson – forstöðumaður
Gná Elíasdóttir
Anna María Tryggvadóttir
Ragnheiður Haraldsdóttir (haustönn)
Þátttakendur á haustönn: 69
Þátttakendur á vorönn: 78

YD KFUM og KFUK Hveragerðiskirkju

Pálína Agnes Baldursdóttir – forstöðukona
Samuel Örn Pétursson – forstöðumaður
Hreinn Pálsson (vorönn)
Pétur Ragnhildarson (vorönn)
Svavar Daðason
Gunnar Karl Gunnarsson
Ívar Örn Sveinbjörnsson
Jón Lárus Stefánsson
Andrea Guðný Hauksdóttir (vorönn)
Þátttakendur á haustönn: 77
Þátttakendur á vorönn: 50

UD KFUM og KFUK Hveragerðiskirkju

Pálína Agnes Baldursdóttir – forstöðukona
Samuel Örn Pétursson – forstöðumaður
Hreinn Pálsson (vorönn)
Pétur Ragnhildarson (vorönn)
Davíð Emir Kolbeins (haustönn)
Þátttakendur á haustönn: 39
Þátttakendur á vorönn: 32

VD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Brynja Eiríksdóttir – forstöðukona
Erla Guðmundsdóttir – forstöðukona
Adam Sveinsson
Björn Kristinn Jóhannsson
Þátttakendur á haustönn: 19
Þátttakendur á vorönn: 19

YD KFUM Hátúni (Reykjanesbæ)

Sveinn Valdimarsson – forstöðumaður
Þorsteinn Helgason
Ívar Karl Sveinsson
Pétur Loftur Árnason
Jón Kristján Harðarson
Adam Sveinsson
Þátttakendur á haustönn: 10
Þátttakendur á vorönn: 11

YD KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Sigurbjört Kristjánsdóttir – forstöðukona
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
Bryndís Sunna Guðmundsdóttir
Elín Pálsdóttir
Gná Elíasdóttir
Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir
Birta Rún Benediktsdóttir
Þátttakendur á haustönn: 42
Þátttakendur á vorönn: 43

UD KFUM og KFUK Hátúni (Reykjanesbæ)

Sigurbjört Kristjánsdóttir – forstöðukona

Brynja Eiríksdóttir – forstöðukona

Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir

Alexandra Ýr Auðunsdóttir

Ívar Karl Sveinsson

Elín Pálsdóttir

Gná Elíasdóttir

Pátttakendur á haustönn: 28

Pátttakendur á vorönn: 40

YD KFUM og KFUK í Njarðvík

Póra Jenny Benónýsdóttir – forstöðukona

Blær Elíasson

Pátttakendur á haustönn: 29

Pátttakendur á vorönn: 50

YD KFUK Lindakirkju

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir – forstöðukona

Kristín Gyða Guðmundsdóttir – forstöðukona

Eva Rós Eyjólfssdóttir

Helga Sóley Björnsdóttir

Pátttakendur á haustönn: 27

Pátttakendur á vorönn: 23

YD KFUM Lindakirkju

Guðni Már Harðarson – forstöðumaður

Arnar Ragnarsson

Jón K. Guðbergsson

Pátttakendur á haustönn: 46

Pátttakendur á vorönn: 47

UD KFUM og KFUK Lágafellskirkju

Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson –
forstöðumaður

Kolfinna Rut Haraldsdóttir

Margeir Haraldsson

Jón Árni Haraldsson

Thelma Dögg Haraldsdóttir

Pátttakendur á haustönn: 25

Pátttakendur á vorönn: 25

Leikjafjör KFUM og KFUK í Seljakirkju

Gunnar Hrafn Sveinsson – forstöðumaður

Ísak Henningsson

Pátttakendur á haustönn: 24

Pátttakendur á vorönn: 28



YD KFUM Akureyri

Jóhann Þorsteinsson – forstöðumaður

Halþór Freyr Líndal

Guðlaugur Sveinn Hrafnsson

Ríkharður Ólafsson

Pátttakendur á haustönn: 22

Pátttakendur á vorönn: 17

YD KFUK Akureyri

Sigrún Birna Guðjónsdóttir – forstöðukona

Katrín Harðardóttir

Brynhildur Bjarnadóttir

Ragnheiður Harpa Arnardóttir

Bára Dís Sigmarsdóttir

Ída Hlín Steinþórsdóttir

Sara Rut Jóhannsdóttir

Telma Guðmundsdóttir

Guðlaug Sigríður Hrafnadóttir

Margrét Ída Ólafsdóttir

Pátttakendur á haustönn: 22

Pátttakendur á vorönn: 39

UD KFUM og KFUK Akureyri

Jóhann Þorsteinsson – forstöðumaður

Jón Ómar Gunnarsson

Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir

Lárus Óskar Sigmundsdóttir

Pátttakendur á haustönn: 38

Pátttakendur á vorönn: 33

UD KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Gísli Stefánsson – forstöðumaður

Alma Lís Halþórsdóttir

Ásgeir Þór Þorvaldsson

Erlingur Orri Hafsteinsson

Ingi Þór Halldórsson

Ísak Máni Jarlsson

Thelma Lind Halldórsdóttir

Pátttakendur á haustönn: 18

Pátttakendur á vorönn: 18

YD KFUM og KFUK í Dalvíkurkirkju

Jóhann Þorsteinsson – forstöðumaður

Oddur Bjarni Þorkelsson

Sara Rut Jóhannsdóttir

Telma Guðmundsdóttir

Margrét Ída Ólafsdóttir

Bára Dís Sigmarsdóttir

Ída Hlín Steinþórsdóttir

Pátttakendur á haustönn: 24

Pátttakendur á vorönn: 17

YD KFUM og KFUK í Ólafsfjarðarkirkju

Jóhann Þorsteinsson – forstöðumaður

Sigríður Munda Jónsdóttir

Sara Rut Jóhannsdóttir

Telma Guðmundsdóttir

Margrét Ída Ólafsdóttir

Bára Dís Sigmarsdóttir

Ída Hlín Steinþórsdóttir

Halla Karen Johnsdóttir

Pátttakendur á haustönn: 10

Pátttakendur á vorönn: 8



Æskulýðsmótið Friðrik var haldið í Vatnaskógi 20.–22. febrúar. Á laugardagskvöldinu fór dagskráin fram í félagsheimilinu Hlöðum í Hvalfirði.



Um 150 þátttakendur og leiðtogar tóku þátt í æskulýðsmótinu Friðriki. Yfirskrift mótsins var náungakærleikur.



Þrír af skipuleggjendum æskulýðsmótsins Friðriks: Ísak Henningsson, Samúel Örn Pétursson og Axel Orri Sigurðsson. Mótið var hluti af viðburðastjórnunarnámskeiði sem þeir sóttu.

Viðburðir og verkefni í æskulýðsstarfinu

Þátttaka í Landsmóti ÆSKP á Hvammstanga

Dagana 24.–26. október var Landsmót Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar (ÆSKP) haldið á Hvammstanga. Rúmlega 100 manns úr unglíngadeildum KFUM og KFUK sóttu mótið en þær deildir komu frá Vestmannaeyjum, Hveragerði, Akureyri, Grindavík og Fella- og Hólakirkju. Yfirskrift mótsins var Já! og fjallaði fræðslan um kynhegðun og kynheilbrigði. Þátttakendur mótsins söfnuðu fé fyrir alnæmisverkefni Hjalparstarfs kirkjunnar sem stuðlar að forvörnum, aðhlyningu og stuðningi við alnæmissjúka og börn sem misst hafa foreldra af völdum sjúkdómsins. Mótið tókst vel og meðal þess sem var í boði voru kvöldvökur, hæfileikakeppni, búningaball og karnival.

Hæfileikasýning yngri deilda

KFUM og KFUK stóð fyrir sinni árlegu hæfileikasýningu, *KFUM og KFUK got talent* í nóvember síðastliðnum. Eftir vel heppnaða nýbreytni í fyrra var ákveðið að gera sýninguna að föstum lið. Á sýningunni fengu börnin tækifæri til að sýna hæfileika sína og um leið að koma fram. Börn úr starfi félagsins á aldrinum 9–12 ára af höfuðborgarsvæðinu, frá Hveragerði, Keflavík, Grindavík og Njarðvík, tóku þátt þetta árið. Hæfileikasýningin tókst með afbrigðum vel og var gaman að fylgjast með börnunum sýna rúmlega 20 atriði með töfrabroögðum, söng, dansi eða hljóðfæraleik. Það þarf mikinn kjark til að koma fram og stóðu þátttakendur sig vel, enda fullur salur af áhugsömum gestum sem fylgdust með og hvöttu. Leiðtogar héldu utan um sýninguna ásamt starfsfólki æskulýðssviðs og Hreiðari Erni Pollapönkara. Einnig unnu tæknimenn félagsins frábært starf og gerðu alla umgjörð faglega og flotta. KFUM og KFUK leggur ríka áherslu á að öll séum við jöfn og öll höfum við fengið hæfileika sem ber að nýta.

Jól í skókassa

Líkt og undanfarin ár hefur verkefnið Jól í skókassa fengið góða umfjöllun innan deildastarfs KFUM og KFUK. Nokkrar deildir voru með sérstakan fund fyrir verkefnið þar sem börnin fengu kynningu á Úkraínu og verkefninu sjálfu og útbjuggu svo í kjölfarið skókassa með gjöfum. Verkefnið hefur mikið samfélagslegt gildi og gaman er að geta tekið þátt í því. Nánar má lesa um verkefnið í 7. kafla þessarar ársskýrslu.

Æskulýðsmótið Friðrik

Unglíngadeildir KFUM og KFUK fjölmenntu á Æskulýðsmótið Friðrik sem haldið var í Vatnaskógi dagana 20.–22. febrúar. Undirbúningur og umsjón með mótinu var í höndum þeirra Axels Orra Sigurðssonar, Daniels Bergmann Ásmundssonar, Ísaks Henningssonar og Samuels Arnar Péturssonar. Þeir sóttu námskeið í viðburðastjórnun á vegum KFUM og KFUK nú í vetur og var hluti af námskeiðinu að undirbúa og stýra raunverulegum viðburði á vegum félagsins. Mótið tókst mjög vel og voru rúmlega 150 þátttakendur og leiðtogar á mótinu. Yfirskrift mótsins var náungakærleikur og var dagskráin vönduð. Hópastarf, spurningakeppnin SOS, kvöldvökur, frjáls tími og vinátta að ógleymsdu balli með Sálmara sem haldið var að Hlöðum. Fræðsla mótsins var í höndum starfsfólks æskulýðssviðs auk þeirra Samuels Arnar Péturssonar og Péturs Ragnhildarsonar.

Landsþing unga fólksins í KFUM og KFUK

Sunnudaginn 24. febrúar héldu rúmlega eitt hundrað 13–16 ára unglíngar úr æskulýðsstarfi KFUM og KFUK sitt árlega landsþing. Landsþingi unga



fólksins var stjórnað af lýðræðislega kjörnu ungmennaráði sem er skipað fulltrúum úr öllum unglingadeildum KFUM og KFUK á Íslandi. Þingið hófst með því að unglingarnir gerðu skoðanakönnun. Áttu þátttakendur ýmist að standa upp á stól eða sitja, til þess að taka afstöðu með eða móti. Fleiri segja pulsa en pylsa, mikill meirihluti kys frekar smákökur með súkkulaði, fremur en með rúsínum og mikill meirihluti taldi rétt að leyfa múslímum að reisa sér mosku, nokkrir voru í vafa en enginn vildi taka einarða afstöðu gegn því. Þannig brutu krakkarnir ísinn og hituðu upp fyrir eiginlegar umræður sem fóru fram í sex umræðuhópum og var hverjum hópi stjórnað af tveimur fulltrúum úr ungmennaráði. Umræðurnar hófust á því að ræða um æskulýðsmótið Friðrik og var almenn skoðun sú að mótið hefði verið vel heppnað og fjölbreytt en gagnlegar ábendingar komu fram um það sem betur mætti fara. Þá var nokkur umræða um þátttöku og viðhorf foreldra til starfs KFUM og KFUK og virtust flestir vera á því máli að foreldrar væru frekar jákvæðir út í starfið en ekki mörg dæmi um virka þátttöku þeirra. Spurt var út í ástæður þess að unglingarnir hefðu sjálfir kosið að vera þátttakendur í starfi félagsins og komu fram ýmis svör en helstu ástæðurnar sem voru nefndar voru að þetta væri skemmtilegt starf með skemmtilegum krökkum og leiðtogum, fjölbreyttri dagskrá og það besta væri að maður gæti verið maður sjálfur. Umræðunum var svo lokað með tveimur spurningum sem snéru að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og kom fram í máli unglinganna að þótt þau hefðu öll heyrt um Barnasáttmálann þá töldu þau sig vita frekar lítið um hann. Sérstaklega var spurt út í 12. grein sáttmálans þar sem kveðið er á um rétt barna til þess að láta skoðanir sínar í ljós. Töldu unglingarnir að almennt væri hlustað ágætlega á skoðanir þeirra en þó gætu fullorðnir gert betur í þeim efnum. Áberandi var að allir hópar tilgreindu að í KFUM og KFUK væri hlustað eftir því sem þau hefðu að segja og fannst þeim það vera jákvætt og gott.

Spurningakeppnin SOS – örugg hjálp í nauðum

Í vetur buðum við upp á nýjan viðburð í unglingastarfinu, spurningakeppnina Spurt Og Svarað – örugg hjálp í nauðum. Spurningakeppnin var hugmynd Ísaks Henningssonar, sem hélt alfarið utan um keppnina, þótt hann hafi fengið til liðs við sig fleiri leiðtoga sem aðstoðuðu við spurningagerð og framkvæmd keppinnar. Allar unglingadeildir KFUM og KFUK gátu tekið þátt og var mikil stemning í deildunum þegar valið var í liðin. Sjálf keppnin fór svo fram á Æskulýðsmótinu Friðrik sem haldið var í Vatnaskógi dagana 20.–22. febrúar. Eftir hörkuspennandi undanúrslit voru það Akureyri og Keflavík sem kepptu til úrslita á kvöldvöku æskulýðsmótsins. Keppnin var afar jöfn og það var ekki fyrr en í síðustu spurningu sem Keflavík tókst að sigra með eins stigs mun. Það er alltaf gaman þegar leiðtogar koma með hugmyndir á borð við þessa og tekst að framkvæma þær svona vel.

Brennómót yngri deilda

Hið árlega brennómót KFUM og KFUK var haldið í mars. Mótið var ætlað börnum úr yngri deildum félagsins. Í ár tóku um 40 börn þátt í mótinu sem er svipaður fjöldi og í fyrra. Brennómótið hefur breyst frá því sem áður var. Nú höldum við það í félagsheimilinu okkar og höfum margs konar dagskrá því samhliða. Meðan á mótinu sjálfu stóð gafst börnunum kostur á spila, fönndra, leysa þrautir og að taka þátt í spurningaleik. Húsið okkar iðaði því af lífi allan tímann meðan á mótinu stóð. Leiðtogar stýrðu mótinu með miklum myndarskap. Lið Grensáskirkju og Lindakirkju bar sigur úr býtum þetta árið og eru því brennómeistarar KFUM og KFUK árið 2015. Foreldrar og systkini fylgdust með og er það ánægjulegt að þátttaka foreldra aukist í starfinu okkar.



KFUM og KFUK stóð fyrir sinni árlegu hæfileikasýningu, KFUM og KFUK got talent, í nóvember síðastliðnum. Á sýningunni fengu börnin tækifæri til að sýna hæfileika sína og um leið að koma fram. Í lok sýningar var tekin hópmynd af öllum sem komu fram.

Vorferðir yngri deilda

Dagana 11.–12. apríl 2014 fór hópur barna í yngri deildum KFUM og KFUK í vorferð í Vatnaskóg og á Hólavatn. Um 170 þátttakendur og leiðtogar þeirra streymdu í sumarþúðirnar í ferðirnar sem báru yfirskriftina „Trú, von og kærleikur“. Krakkar úr Bústaðakirkju, Grafarholti, Keflavík, Lindakirkju, Akurskóla, Holtavegi, Grindavík, Grensáskirkju, Digranesirkju, Hveragerði og frá Patreksfirði fóru í Vatnaskóg en hópurinn frá Akureyri fór á Hólavatn. Markmið vorferðarinnar var að leyfa krökkum í starfi KFUM og KFUK að kynna, eignast nýja vini, taka þátt í skemmtilegri dagskrá og fræðast um Guðs orð. Vorferðin hófst með kvöldmat og kvöldvöku á föstudeginum og við tók þétt og skemmtileg dagskrá. Hver klukkutími var vel nýttur og fengu börnin að upplifa sumarþúðadvöl í einn sólarhring. Það voru því þreytt en ánægð börn sem sneru aftur heim á laugardegnum.

Viðburðir leiðtoga

Skipulagssamverur leiðtoga

Einn þáttur í hlutverki leiðtoga er að undirbúa veturinn og útbúa dagskrá fyrir deildirnar. Í upphafi hvorrar annar hittast leiðtogar deildarstarfsins, fara yfir verkefni vetrarins, bera saman bækur sínar, deila hugmyndum og fá kynningu á fræðsluefni annarinnar. Fundurinn á haustönn var haldinn 25. ágúst en fyrir vorönnina 7. janúar. Þessar samverur eru afar dýrmætar og gefa okkur kost á að hitta leiðtogana í upphafi starfs til að stilla saman strengi fyrir veturinn.

Jólasamvera leiðtoga

Í upphafi aðventunnar var leiðtogum í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK boðið í jólasamveru leiðtoga í Reykjavík og á Akureyri. Stundin er haldin á þeim tíma sem deildastarfið er að fara í jólafrí. Sú hefð hefur skapast að bjóða til kvöldverðar og áttum við saman góða stund. Mikilvægt er að hittast á viðburðum sem þessum til þess að auka samkennd og vináttu leiðtoga. Notaleg stemning ríkti á samverunni og tókum við þátt í ýmsum leikjum og glæsilegu jólahappdrætti. Elín Sif Halldórsdóttir söng nokkur frumsamin lög og séra Guðni Már Harðarson, sjálfboðaliði í deildarstarfi félagsins og prestur í Lindakirkju, endaði kvöldið með fallegri jólahugvefju. Með viðburði sem þessum vill stjórn félagsins og starfsfólk þakka sjálfboðaliðum sínum fyrir mikilvægt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og Jesú Krists.

Leiðtogakvöld

Á hverju ári hittist hópur leiðtoga til að hafa gaman saman og rækta vináttusamböndin. Viðburðurinn hefur fengið nafnið „Hið árlega keilumót leiðtoga“ þrátt fyrir að ekki sé alltaf keppt í keilu. Það var þó raunin í ár og fjölmennti hópur leiðtoga í keiluhöllina þann 10. febrúar. Keilumeistari í ár var Arnar Ragnarsson en einnig voru veitt verðlaun fyrir hina ýmsu takta. Kvöldið var frábært enda flottur hópur leiðtoga sem starfar á vegum félagsins.

Vorfagnaður leiðtoga

Að venju var leiðtogum æskulýðsstarfsins boðið í vorfagnað á Holtavegi og voru leigðir skemmtilegir bubbluboltar sem leiðtogarnir fóru í og svo var spilaður fótbolti við mikinn fögnuð og hlátrasköll. Æskulýðsráð félagsins mætti á staðinn og grillaði hamborgara handa leiðtogunum og var kvöldið hið ánægjulegasta.

Námskeið og þjálfun

KFUM og KFUK leggur mikið upp úr menntun og þjálfun starfsfólks og sjálfboðaliða. Leiðtogi í æskulýðsstarfi ber mikla ábyrgð á gæðum starfsins og þátttakendum þess. Félagið skipuleggur markvissa þjálfun þar sem saman fara námskeið og þjálfun á vettvangi. Nánar má lesa um námskeið og þjálfun starfsfólks í kafla ársskýrslunnar um fræðslustarf. Fræðsluefni í æskulýðsstarfinu 2013–2014.

Fræðsluefni í æskulýðsstarfinu

Fræðsluefni sumarbúða sumarið 2014

Magnea Sverrisdóttir, djákni, hafði umsjón með fræðsluefnisgerð fyrir sumarstarfið 2014. Farið var í gegnum helstu grunnatriði kristinnar trúar með áherslu á kærleikann og samfylgd Jesú í hversdagslífinu gegnum bæn, biblíulestur og samfélag. Fræðsluefnið að þessu sinni var byggt upp á hlutbundinni kennslu og fylgdi efnið kassi með ýmsum munum sem hægt var að nota samhliða kennslunni.

Fræðsluefni að hausti 2014

Fræðsluefni KFUM og KFUK haustið 2014 var tvískipt. Annan hvern fund voru biblíusögur og á hinum fundunum voru sagðar sögur með kristlegum boðskap sem tengdar voru við biblíuvers. Sögurnar hétu t.d. séra Friðrik og upphaf KFUM og KFUK, Bartimeus blindi, Jesús mettar, Sakkeus, Jesús stillir storminn, Tveir synir og Jólaguðspjallið. Einnig var fjallað um að við værum öll mikilvæg og dýrmæt, hefðum öll fengið hæfileika frá Guði og að við ættum að elska náunga okkar. Á hverjum fundi lærðu börnin nýtt biblíuvers auk þess sem lögð var áhersla á valdar bænir. Fræðsluefnið var gefið út í hefti en einnig var hægt að nálgast það á rafrænni efnisveitu KFUM og KFUK. Efnið var tekið saman af æskulýðsfulltrúnum Hjördísi Rós Jónsdóttur og Petru Eiríksdóttur.

Fræðsluefni að vori 2015

Fræðsluefni vorið 2015 var að stærstum hluta til byggt á fræðsluefni sem kom út haustið 2003 og bar yfirskriftina Sköpunarverk Guðs. Efnið var endurskoðað lítillega, en megininntak þess er um sjálfsmynd einstaklingsins, sköpunarverk Guðs og þau heilræði sem við fáum úr Guðs orði um heilbriggt líf. Þá er í lok efnisins fjallað um hvernig við getum látið gott af okkur leiða með því að sýna hvert öðru kærleika í verki. Efnið var tekið saman af æskulýðsfulltrúnum, Jóhanni Þorsteinssyni, Hjördísi Rós Jónsdóttur og Petru Eiríksdóttur.



Að venju var leiðtogum æskulýðsstarfsins boðið í vofagnað á Holtavegi og voru leigðir skemmtilegir bubbluboltar sem leiðtogarnir fóru í og svo var spilaður fótbolti við mikinn fögnuð og hlátraskóll.



Fjöldi barna steig á svið í hæfileikasýningu KFUM og KFUK.

3. Leikjanámskeið

Leikjanámskeið KFUM og KFUK voru haldin á tveimur stöðum sumarið 2014, í Lindakirkju í Kópavogi og í Hátúni 36 í Reykjaneshæ. Markmið leikjanámskeiðanna er að bjóða börnum á aldrinum 6–9 ára upp á metnaðarfullt sumarstarf þar sem áhersla er lögð á aukinn þroska líkama, sálar og anda. Mikið er lagt upp úr því að mæta hverju barni á eigin forsendum svo það fái að njóta sín sem best. Því er mikil áhersla lögð á vináttu, kærleika og virðingu. Á námskeiðunum er unnið með kristið siðferði í hugsunum, orðum og gjörðum.

Í Lindakirkju í Kópavogi voru haldin fjögur leikjanámskeið sumarið 2014. Námskeiðið var frá kl. 8–17 á daginn. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg. Á leikjanámskeiðinu var forstöðukona, tveir starfsmenn eldri en 18 ára og tveir starfsmenn undir 18 ára aldri sem Vinnuskóli Kópavogs lagði til. Þátttakendur námskeiðanna voru 102.

Fjöldi barna á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK sumarið 2014

Leikjanámskeið Lindakirkju 2014

1. Leikjanámskeið	10. til 13. júní	27
2. Leikjanámskeið	16. til 20. júní	25
3. Leikjanámskeið	23. til 27. júní	26
4. Leikjanámskeið	30. júní til 4. júlí	24
Samtals:		102

Leikjanámskeið Reykjaneshæ 2014

1. Leikjanámskeið	10. til 13. júní	13
2. Leikjanámskeið	16. til 20. júní	12
3. Leikjanámskeið	23. til 27. júní	17
Samtals:		42

Í Reykjaneshæ voru haldin þrjú námskeið í júní. Samtals 42 börn sóttu þau. Námskeiðin í ár gengu vel. Dagarnir voru hver öðrum skemmtilegri og dagsráin afar fjölbreytt og ævintýrleg. Það var því sannkölluð gleði sem ríkti í öllu starfi námskeiðanna þar sem starfsmenn fengu að njóta sín í boðun og ummönnum. Daglega fengu börnin kristilega fræðslu, sungu kristilega söngva, báðu bænir og tóku þátt í leikjum og ferðalögum. Til dæmis var farið var í Viðey, Húsdýragarðinn, á Árbæjarsafn og í Hallgrímskirkju.

Pema námskeiðanna var vináttu og að hvert og eitt barn er dýrmætt og mikilvægt. Samvinna barnanna var í brennidepli og þeim kennt að saman áorkum við meiru en hvert í sínu lagi.

Eins og venja er sótti starfsfólk leikjanámskeiðanna ýmis undirbúningsnámskeið áður en sumarstarfið hófst. Lesa má nánar um þau í kaflanum um fræðslustarf.

Eftirtaldir störfuðu á leikjanámskeiðum KFUM og KFUK sumar 2014:

Í Lindakirkju: Inga Vigdís Baldursdóttir var forstöðukona. Aðrir starfsmenn voru Áslaug Dóra Einarisdóttir, Sigurður Jón Sveinsson, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir og Markús Bjarnason. Frá vinnuskóla Kópavogs komu Erla Kristín Arnalds og Eysteinn Hrafnkelsson.

Í Reykjaneshæ: Brynja Eiríksdóttir, forstöðukona. Aðrir starfsmenn voru Adam Sveinsson, Agnes Sigurbórsdóttir, Birkir Bjarnason, Benjamín Gísli Einarsson, Elín Pálsdóttir, Gná Elíasdóttir, Markús Bjarnason, Petrína Bergmann og Pétur Loftur Árnason.





4. Fræðslustarf

Fræðslustarf KFUM og KFUK miðar að því að undirbúa leiðtoga félagsins til að sinna starfi með börnum og unglingum á vettvangi deildastarfsins og sumarbúðanna. Fræðslustarfið byggir á fjórum þáttum sem leggja grunninn að hlutverki og markmiði félagsins og koma fram í nafni þess. Bókstafurinn K táknar að við erum kristilegt félag með það aðalmarkmið að boða fagnaðarerindið um Jesú Krist. Þess vegna er einn af grunnþáttum fræðslustarfsins að fræða um líf og starf Jesú Krists, bænalíf og helgiöld. Bókstafurinn F táknar að við leggjum áherslu á fræðslu um félagsstarf. Bókstafurinn U táknar að KFUM og KFUK er félag fyrir ungt fólk og leggur mikið upp úr því að leiðtogar í barna- og unglingastarfi séu búnir undir hlutverk sitt. Bókstafirnir M og K táknar að KFUM og KFUK er mannræktarhreyfing fyrir karla og konur á öllum aldri þar sem mannúðar- og samfélagsmál eru í brennidepli.

Leiðtogabjálfun KFUM og KFUK

Bjálfun leiðtoga í æskulýðsstarfi félagsins byggir á heildrænni sýn á einstaklinginn, fjölbreyttum kennsluháttum, bjálfun í samvinnu og samskiptum og eflingu sjálfsmyndar og sjálfstrausts hjá þátttakendum.

Þessi heildræna nálgun er í anda grunnilda KFUM og KFUK sem eru að hlúa að velferð einstaklinga, líkama, sál og anda.

Leiðtogabjálfun félagsins fer fram með tvenns konar hætti; annars vegar á tveimur leiðtogahelgum og hins vegar á nokkrum kvöldnámskeiðum. Í ár voru báðar leiðtogahelgarnar opnar fyrir allan aldur og var fræðslan því oft í aldursskiptum hópum, en yngri aldurshópurinn var fjölmennari og því meiri áhersla á grunnþætti leiðtogastarfsins. Lögð var áhersla á að kynna félagið, markmið þess og tilgang, uppbyggingu og starfsaðferðir.

Samstarf um fræðslumál 2014–2015

KFUM og KFUK hefur átt í umfangsmiklu samstarfi um fræðslumál við BÍS, UMFÍ og Landsbjörgu í gegnum Æskulýðsvettvanginn (ÆV). Á starfsárinu var námskeiðið *Verndum þau* haldið átta sinnum, þar af eitt í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi 28. Þá bauð ÆV upp á tvö námskeið um Litla Kompás sem er handbók um mannréttindamenntun fyrir börn og tók Jóhann Þorsteinsson, sviðsstjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK að sér kennsluna á þessum námskeiðum en annað þeirra var í Reykjavík og hitt á Akranesi.



Fjöldi ungleiðtoga sótti námskeiðið 24 STUNDIR sem var haldið á Hólavatni í janúar 2015.

Námskeið á starfsárinu 2014–2015

Námskeið fyrir starfsfólk í sumarstarfi

28.–30. maí 2014

Leiðbeinendur: Hjördís Jónsdóttir, Petra Eiríksdóttir, Magnea Sverrisdóttir, Jóhann Þorsteinsson, Ársæll Aðalbergsson, Arnar Yngvason, Anna Elísa Hreiðarsdóttir, Guðni Már Harðarson, Ólafur Sverrisson, Jón Pétursson og Kristján Sigfússon.

Starfsmannanámskeið sumarþúðanna vorið 2014 var haldið í Vatnaskógi dagana 28.–30. maí. Frætt var um fjölmarga þætti sem snerta sumarþúðastarfið en fyrirferðamest var fræðsla í skyndihjálpi og brunavörnum en sá hluti námskeiðsins var í höndum þeirra Jóns Péturssonar og Kristjáns Sigfússonar. Þá var frætt um ábyrgð og skyldur starfsfólks, hreinlæti, hvernig bregðast má við heimþrá, verkferla í barnaverndarmálum, húmor í starfi með börnum, öryggismál og síðast en ekki síst var fræðsla um það hver við erum og hvað við boðum í starfi okkar með börnum og unglingum. Starfsmannanámskeið sumarþúðanna er mikilvægur þáttur í viðleitni félagsins til að tryggja gæði starfsins og stuðla að auknu öryggi og vellíðan þeirra barna sem taka þátt í sumarstarfi félagsins.

Verndum þau, námskeið fyrir starfsfólk og sjálfbærni á starfi félagsins.

30. apríl 2014

Leiðbeinandi: Þorbjörg Sveinsdóttir.

Námskeiðið fjallar um hvernig þekkja megi einkenni ofbeldis og vanrækslu gagnvart börnum og hvernig eigi að bregðast við ef grunur vaknar um að slíkt eigi sér stað. Á námskeiðinu er farið yfir réttar boðleiðir í slíkum tilfellum sem og réttindi og skyldur allra aðila. KFUM og KFUK leggur áherslu á að allir sem starfa með börnum og unglingum á vegum félagsins sitji þetta námskeið. Þetta námskeiðið var haldið í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28 og var sérstaklega ætlað starfsfólki sumarþúðanna.

Global Leadership Summit

7.–8. nóvember 2014

Global Leadership Summit (GLS) er alþjóðleg árleg ráðstefna sem haldin er í Bandaríkjunum í ágústmánuði og eru fyrirlestrarir síðan sýndir víða

um veröld um haustið. Markmið ráðstefnunnar er að veita leiðtogum í kristilegu starfi innblástur og nýjar hugmyndir til uppbyggingar og vaxtar. Líkt og undanfarin ár var ráðstefnan haldin í Neskirkju í Reykjavík. Flestir starfsmenn KFUM og KFUK á Íslandi sóttu ráðstefnuna að þessu sinni.

24 STUNDIR – leiðtoganámskeið

17.–18. október 2014

Leiðbeinendur: Hjördís Rós Jónsdóttir, Jóhann Þorsteinsson, Petra Eiríksdóttir, Auður Pálsdóttir og Karl Gíslason.

Námskeiðið fór fram í Kaldárseli og sóttu það tæplega 40 leiðtogar úr deildastarfi KFUM og KFUK. Sumir þátttakendur voru að koma á sitt fyrsta leiðtoganámskeið á meðan aðrir höfðu sótt slík námskeið um nokkurra ára skeið og var okkur því nokkur vandi á höndum að hafa fræðsluna við allra hæfi. Var sumum fræðslusamverum skipt upp í yngri og eldri hópa. Á laugardeginum komu tveir gestafyrirlesarar, fyrst á dagskrá var formaður félagsins, Auður Pálsdóttir, sem fræddi leiðtogana um hin 10 mótsagnarkenndu boðorð. Þá talaði Karl Gíslason, kristniboði, um köllunina og hvernig við þurfum öll að leita og finna köllun okkar í lífinu. Þar að auki var unnið með verkefni úr Kompás, frætt um hlutverk forstöðufólks, fjallað um fyrirmyndarleiðtoga og teknar umræður um lykilatriði sem auka lýkur á því að ná árangri í starfi.

24 STUNDIR – leiðtoganámskeið

30. janúar–1. febrúar 2015

Leiðbeinendur: Hjördís Rós Jónsdóttir, Jóhann Þorsteinsson, Petra Eiríksdóttir og sr. Jón Ómar Gunnarsson.

Annað námskeiðið undir heitinu 24 STUNDIR var haldið á Hólavatni og sóttu það um 35 leiðtogar úr deildastarfi KFUM og KFUK. Megináhersla námskeiðsins var á biblíufræðslu og var sr. Jón Ómar Gunnarsson með biblíulestur á laugardagsmorgninum sem bar yfirskriftina Rauði þráðurinn í Biblíunni. Þá leitaðist hann einnig við að svara spurningunni hvort Gamla Testamentið eigi erindi við okkur í dag. Þar að auki var boðið upp á fræðslu sem byggði á Kompás, handbók í mannréttindafræðslu og jafnframt tókust leiðtogarnir á við að setja upp örleikþætti þar sem teknar voru fyrir ýmsar aðstæður sem geta skapast í æskulýðsstarfi. Einelti, agavandamál og frásagnir af ofbeldi eða misnotkun voru meðal þess sem leiðtogarnir reyndu að leysa eða bregðast við með leikrænni framsetningu.

Viðburðastjórnunarnámskeið KFUM og KFUK

Á haustmánuðum hófst námskeið í viðburðastjórnun sem KFUM og KFUK stóð fyrir og styrkt var af Æskulýðssjóði ríkisins. Námskeiðið var í boði fyrir ungmenni á aldrinum 16–25 ára og var námskeiðinu ætlað að kenna þátttakendum hvernig stýra ætti viðburðum með markvissum og árangursríkum hætti. Farið var yfir helstu þætti viðburðarstjórnunar, fjárhagsáætlunargerð og styrkumsóknir, hvernig standa ætti að kynningarmálum og samskiptum við fjölmiðla. Eftir kynningu á þessum þáttum fengu þátttakendur að spreyta sig á raunverulegu verkefni en fyrir valinu varð Æskulýðsmótið Friðrik, sameiginlegt mót allra unglingadeilda KFUM og KFUK. Þátttakendur námskeiðsins undirbyggðu mótið, kynntu það, sáu um alla dagskrá og annað sem sinna þurfti til að mótið gengi upp. Þeir stýrðu svo mótinu með sóma og sáu til þess að 160 þátttakendur og leiðtogar fóru glaðir heim eftir frábæra upplifun í Vatnaskógi. Nánar má lesa um Æskulýðsmótið Friðrik í kaflanum um æskulýðsstarf. Umsjón með námskeiðinu hafði Hjördís Rós Jónsdóttir æskulýðsfulltrúi en með henni voru þau Þorsteinn Arnórsson, fjármálastjóri KFUM og KFUK og Lára Halla Sigurðsdóttir, blaðamaður á mbl.is.



5. Fjölskyldu- og fullorðinsstarf

Fjölskyldu- og fullorðinsstarf á vegum KFUM og KFUK á Íslandi er mikilvægur þáttur í starfi félagsins sem safnar saman fólki á öllum aldri. Þar er áhersla lögð á að styrkja tengsl fjölskyldna og samfélag félagsfólks með margvíslegum hætti. Leitast er við að bjóða upp á uppbyggilega dagskrá og samverustundir þar sem allir aldurshópar njóta sín.

Fjölskyldustarf í sumarbúðum KFUM og KFUK

Stærstur hluti starfsemi sumarbúða KFUM og KFUK fer fram í dvalarflokkum fyrir börn og unglinga á sumrin en að hausti og vori er einnig boðið upp á styttri flokka fyrir fjölskyldufólk og fullorðna. Á liðnu starfsári voru haldnir feðgaflokkur, feðginaflokkur, mæðgnaflokkur, fjölskylduflokkur, ungbarnaflokkur, Heilsudagar karla og kvennaflokkur auk fjölskylduhátíðarinnar Sæludaga í Vatnaskógi. Fjölskyldutilboð sumarbúðanna fóru fram í Vatnaskógi, Vindáshlíð og Ölveri. Hér fyrir neðan má sjá þátttökutölur:

Þátttaka í fjölskyldustarfi í sumarbúðum starfsárið 2014–2015:

Feðginaflokkur Vatnaskógi.....	29
Feðgaflokkur Vatnaskógi	61
Fjölskylduflokkur Vatnaskógi	73
Heilsudagar karla Vatnaskógi.....	54
Mæðgnaflokkur Vindáshlíð	44
Kvennaflokkur Vindáshlíð.....	45
Krílaflokkur Ölveri.....	30
Mæðgna- og mæðginaflokkur Ölver	19
Sæludagar Vatnaskógi	1.000
Samtals:.....	1.355

Sæludagur í Vatnaskógi

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímalausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 2014. Um 1.000 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi. Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum. Af stökum viðburðum í starfi KFUM og KFUK teljast Sæludagar í Vatnaskógi til þeirra umfangsmestu. Nánar er fjallað um Sæludaga í kaflanum um starfið í Vatnaskógi.

Fullorðinsstarf karla og kvenna að vetri

Starf aðaldeilda KFUM og KFUK

Yfir vetrarmánuðina eru haldnir vikulegir fundir í fullorðinsstarfi hjá aðaldeildum félagsins, AD KFUM og AD KFUK, í húsi félagsins við Holtaveg. Áralöng hefð er fyrir þessum fundum og form þeirra er nokkuð fastmótað. Umfjöllunarefni fundanna er þó fjölbreytt og margt spennandi sem ber á góma. Á fundina koma ýmsir gestir sem upplýsa og fræða félagi um áhugaverð málafni.

Aðaldeild KFUK heldur fundi á þriðjudögum. Dagskráin í vetur hófst með árlegri ferð í Vindáshlíð. Nokkrir fundir hafa verið sameiginlegir með AD KFUM. Í vetur hafa að meðaltali 20–25 konur sótt fundina. Fyrir jól fór Kristín Sverrisdóttir fyrir hópi sem skipulagði dagskrá haustsins. En eftir áramót sá Auður Pálsdóttir um skipulag fundanna.

Aðaldeild KFUM heldur fundi á fimmtudögum. Á bilinu 30–60 karlar sækja fundina. Ársæll Aðalbergsson og Ólafur Sverrisson sáu um skipulagningu fundanna fyrir áramót. Eftir áramót fjölgaði í hópnum. Þá



Sunnudaginn 25. maí 2014 var sr. Friðrikshlaupið haldið í fyrsta skiptið. Hlaupið er haldið á þessum degi í tilefni af fæðingardegi stofnanda félagsins sem fæddist 1868. Um sjötíu hlauparar á öllum aldri tóku þátt.

Þættust þeir Árni Sigurðsson, Gunnar Jóhannes Gunnarsson, Ingi Bogi Bogason og Þórarinn Björnsson í umsjónarhópinn með þeim Ársæli og Ólafi.

Basar KFUK

Hinn glæsilegi basar KFUK var haldinn á Holtavegi 28 laugardaginn 29. nóvember 2014, en hann hefur verið haldinn nánast árlega frá árinu 1909. Á boðstólum var einstaklega fallegt og vandað handverk, heimabakaðar gómsætar kökur og sultur ásamt ýmsu öðru góðgæti. Nýbakaðar vöffur, kaffi og kakó var selt og stöldruðu margir við og nutu þess að spjalla við vini og kunningja. Basarinn er afar mikilvæg fjárflokkur fyrir félagið og ómetanleg sú vinna sem KFUK konur inna af hendi við undirbúning hans. Um sjötíu sjálfboðaliðar komu að framkvæmd basarsins þetta árið sem við viljum skila sérstöku þakklæti til. Alls kom um ein og hálf milljón inn vegna sölu á basarnum og kaffisölu og rennur allur ágóði til starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Viðburðurinn var auglýstur á helstu miðlum félagsins ásamt keyptri útvarpsauglýsingu. Einnig fékk basarinn ágætis umfjöllun í ýmsum blaðagreinum. Arna Auðunsdóttir hannaði plakát sem var hengt upp víðsvegar um borgina. Um 10% af ágóða basarsins



Fundur í Aðaldeild KFUM hafa verið vel sóttir á starfsárinu.

rennur í sérstakan Kærleikssjóð félagsins. Í basarnefnd eru Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir (formaður), María Sighvatsdóttir, Betsy Halldórsson, Kristín Sverrisdóttir, Gunnlaug Sverrisdóttir, Hanna Sigríður Jósafatsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir og Berglind Ósk Einarsdóttir.

Sunnudagssamkomur á Akureyri

Hjá KFUM og KFUK á Akureyri voru fimm samkomur haldnar á starfsárinu. Þær voru allar haldnar í félagshúsi KFUM og KFUK í Sunnuhlíð 12 á Akureyri. Samkomurnar eru auglýstar í helstu miðlum félagsins ásamt því að vera í Sjórvápsdagskránni sem borin er í hvert hús á Akureyri í viku hverri. Þar af voru um tvær fjölskyldusamverur og að þeim komu Brynhildur Bjarnadóttir, sr. Jón Ómar Gunnarsson, Katrín Harðardóttir, Jóhann Þorsteinsson og börn úr æskulýðsstarfi á Akureyri. Ein samkoma var haldin í samstarfi við Kristniboðsfélag Akureyrar. Konukvöld var haldið í umsjón Katrínar Harðardóttur og Brynhildar Bjarnadóttur og með hugleiðingu var sr. Guðrún Eggertsdóttir.

Sr. Friðrikshlaupið

Sunnudaginn 25. maí 2014 var sr. Friðrikshlaupið haldið í fyrsta skiptið. Hlaupið er haldið á þessum degi í tilefni af fæðingardegi stofnanda félagsins sem fæddist 1868. Um sjötíu hlauparar á öllum aldri tóku þátt. Hlaupaleiðin er frá félagshúsinu á Holtavegi 28 og er fimm kílómetra löng með tímatöku og kostaði 500 kr. að taka þátt ásamt því að miðinn gildi einnig sem happdrættismiði í lokin. Veitt voru glæsileg verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í karla- og kvennaflokki óháð aldri ásamt yfir tuttugu flottum útdráttarverðlaunum. Samhliða hlaupinu var margþætt barnaskemmtun í tilefni af Degi barnsins. Börnin prófuðu veltibíllinn og tóku þátt í barnahlaupi við félagshúsið. Öll börnin fengu verðlaunapening. Viðburðurinn var auglýstur á helstu miðlum félagsins ásamt því að vera auglýstur á almennum hlaupasíðum. Vel yfir þrjátíu sjálfboðaliðar komu að hlaupinu sem við viljum skila sérstöku þakklæti til. Stefnt er að því að sr. Friðrikshlaupið verði árlegur viðburður. Í nefnd sátu Berglind Ósk Einarsdóttir, Anna Elísa Gunnarsdóttir, Arna Auðunsdóttir, Jessica Leigh Andrésdóttir og Bára Sigurjónsdóttir.



Hinn glæsilegi basar KFUK var haldinn á Holtavegi 28 laugardaginn 29. nóvember 2014, en hann hefur verið haldinn nánast árlega frá árinu 1909. Mikil hátíð var í bæ á basarnum sem tókst afskaplega vel. Góður hópur af KFUK konum á öllum aldri komu að basarnum.



Starfsyfirlit Karlakórs KFUM

Aðalfundur Karlakórs KFUM var haldinn 31. mars 2014. Eftir hann er stjórn kórsins þannig skipuð: Ragnar Baldursson formaður, Pétur Ásgeirsson gjaldkeri og Ólafur Jóhannsson ritari.

Að venju söng kórinn á fjóröflunarsamkomu Skógarmanna KFUM að kvöldi sumardagsins fyrsta, 24. apríl. Vortónleikar voru í Grensáskirkju að kvöldi 1. maí og var aðsókn mjög góð. Þá tók kórinn þátt í messu í Grensáskirkju 25. maí á fæðingardegri sr. Friðriks Friðrikssonar. Starfsárinu lauk með hópferð í Skálholt 4. júní. Þar var snæddur kvöldverður, sungið saman og Þorlaksbúð skoðuð undir leiðsögn listasmíðsins Gunnars Bjarnasonar.

Að loknu sumarhléi hófust æfingar aftur um miðjan sept. Auk vikulegra æfinga á mánudagskvöldum fór kórinn í æfingabúðir í Vatnaskóg laugardaginn 1. nóvember og æfði þá sérstaklega fyrir jólatónleikana sem haldnir voru 16. desember að Holtavegi 28. Frameftir degi var leiðindaveður og færð spilltist en með kvöldinu rofaði til og vel var mætt á tónleikana sem þóttu takast afbragðsvel. Einsöngvari með kórnum var Helga Vilborg Sigurjónsdóttir. Kórinn söng með í nokkrum lögum á geisladiski Jóhanns Helgasonar Eftirfylgd en á þeim diskum eru lög Jóhanns við ljóð sr. Friðriks.

Kórinn kom fram á Kristsdegi í Hörpu 27. september, herrakvöldi KFUM 30. október, aðventukvöldi KFUM og KFUK 11. desember og samkomu í kristniðöðsviku 5. mars 2015.

Þá söng hann í messum í Dómkirkjunni 23. nóvember, Grafarvogskirkju 15. febrúar, Fella- og hólakirkju 8. mars og Grensáskirkju 22. mars 2015.

Tveir kórfélagar létust á starfsárinu, Gunnar Bjarnason í september 2014 og Ásgeir Markús Jónsson í janúar 2015. Blessuð sé minning þeirra! Kórinn söng í útförum þeirra beggja og einnig í sjö öðrum útförum þar sem um var að ræða tengsl hinna látnu eða aðstandenda þeirra við kórfélaga.

Kórfélagar eru nú 36, allir hæstánægðir með störf Laufeyjar G. Geirlausdóttur stjórnanda og Ástu Haraldsdóttur meðleikara. Stjórn kórsins gekk frá þriggja ára ráðningarsamningi við þær báðar. Í honum felst gagnkvæmur vilji til að halda áfram á sömu braut og efla kórinn enn frekar.

Vortónleikar eru fyrirhugaðir að kvöldi 30. apríl nk.



Sú hefð hefur skapast á hátíðar- og inntökfundum að þeir heiðursfélagar sem eru í salnum, heilsa nýjum félögum og bjóði þá velkomna fyrir hönd allra félaga í KFUM og KFUK.

Bænasamverur í Friðrikskapellu

Bænasamverur voru haldnar á mánudögum yfir vetrartímann í hádeginu í Friðrikskapellu við Hlíðarenda. Hver stund felur í sér altarisgöngu og bænastund og er í umsjá presta höfuðborgarsvæðisins. Friðrikskapella er í eigu KFUM og KFUK á Íslandi, Karlakórsins Fóstbræðra, Íþróttafélagsins Vals og Skátasambands Reykjavíkur. Kapellan var vígð 25. maí 1993 og er minnisvarði um sr. Friðrik Friðriksson stofnanda KFUM og KFUK. Stjórn Friðrikskapellu skipuðu þau Kári Geirlausgsson, Birgir Borgþórsson, Elías Hergeirsson og séra Irma Sjöfn Óskarsdóttir.

Aðventufundur KFUM og KFUK

Aðventufundur félagsins var haldinn 11. desember 2014. Tómas Torfason stórnaði fundinum. Sr. Sigurður Árni Þórðarson flutti hugvekkju. Karlakórinn söng ásamt Jóhanni Helgasoni tónlistarmanni. Aðkoma Jóhanns tengdist útgáfu á geisladiski með lögum sem Jóhann hafði samið við ljóð sr. Friðriks. Alls sóttu 108 manns fundinn.

Hátíðar- og inntökufundur

Hátíðar- og inntökufundur KFUM og KFUK fór fram 12. febrúar 2015 í húsi KFUM og KFUK við Holtaveg. Dagskrá fundarinnar var í senn hátíðleg og skemmtileg. Fundarstjórn var í höndum Arnars Ragnarssonar og Perlu Magnúsdóttur. Elín Sif Halldórsdóttir var með tónlistaratriði. Hugvekkju flutti sr. Petrína Mjöll Jóhannesdóttir. Hljómsveit hússins var skipuð Bjarna Gunnarssyni, Henning Emil Magnússyni og Rúnu Þráinsdóttur. Hátíðarfundurinn var að vanda veislufundur með veglegum kvöldverði. Umsjón með fundinum var alfarið í höndum stjórnar félagsins. Samtals 34 nýir félagar höfðu gengið til liðs við félagið á þessu starfsári.

Pakklæti til sjálfbóðaliða

Ábyrgð og umsjón viðburða í fjölskyldu- og fullorðinsstarfi KFUM og KFUK er samþætt vinna sjálfbóðaliða og starfsmanna KFUM og KFUK á Íslandi. Flestir viðburðir fullorðinsstarfsins hafa orðið að veruleika fyrir tilstilli frumkvæðis og vinnu sjálfbóðaliða úr röðum félagsfólks. KFUM og KFUK á Íslandi færir þeim kærar þakkar fyrir óeigingjarn og alúðlegt starf í þágu félagsins og ómetanlegt framlag til þess.



6. Alþjóðastarf

Alþjóðastarf er stór hluti af starfsemi KFUM og KFUK á Íslandi. Unnið er í samstarfi við önnur KFUM og KFUK félög, bæði í Evrópu og á heimsvísu, ásamt sérstöku norrænu samstarfi. Þar að auki tekur félagið þátt í ýmsum æskulýðs- og leiðtogaverkefnum sem ekki tengjast KFUM og KFUK. Það alþjóðastarf sem KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í er því fjölbreytt og á sér stað bæði á innlendum og erlendum vettvangi.

Samtals tíu fulltrúar félagsins tóku þátt í ráðstefnum, fundum eða námskeiðum sem tengdust alþjóðastarfi KFUM og KFUK, að þátttakendum á Norrænu móti og Jól í skókassa frátöldum. Atburðirnir voru í langflestum tilfellum fjármagnaðir með utanaðkomandi styrkjum eða eigin framlagi þátttakenda.

Á síðustu misserum hefur alþjóðastarf KFUM og KFUK í auknum mæli notast við kosti samfélagsmiðla og internetsins til að vekja athygli á sér. Alþjóðastarfið stendur fyrir eigin Facebook-síðu, þar sem tilboð og atburðir eru auglýstir, ásamt því að þar eru settar inn fréttir sem tengjast starfinu. Bloggsíða alþjóðastarfsins hefur haldið áfram að vaxa og dafna eftir að henni var komið á fót á síðasta ári. Þar birtast reglulega frásagnir frá félagsfólki sem voru þátttakendur á námskeiðum og öðrum atburðum erlendis. Síðuna má finna á slóðinni www.althjodastarfkumogkfuk.wordpress.com. Alþjóðaráð heldur utan um bloggið og Facebook-síðu alþjóðastarfsins.

Alþjóðaráð KFUM og KFUK hefur umsjón með alþjóðastarfi félagsins. Ráðið er skipað af stjórn félagsins og á stjórnin þar einn fulltrúa. Starfsárið 2014–2015 sátu eftirfarandi einstaklingar í ráðinu: Anna Elísa Gunnarsdóttir, fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi, Birgir U. Ásgeirsson, Hildur Björg Gunnarsdóttir, Jóhanna Sesselja Erludóttir, Sólveig Reynisdóttir og Tinna Rós Steinsdóttir, formaður. Fundir ráðsins voru sjö talsins á tímabilinu.





Áhersla var lögð á kristni og samskipti trúarbragða á námskeiðinu Cultural Roots of Peaceful Co-existence í Voloshin í Hvíta-Rússlandi 13.–18. október 2014.



Ísak Henningsson var fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi á námskeiðinu Global Week og þátttakandi á hátíðinni TT Festival sem haldin voru í Gjøvik, Noregi dagana 19.–29. júní 2014.

Eitt af markmiðum alþjóðaráðs er að stuðla að því að sú þekking og reynsla sem fæst af þátttöku á námskeiðum, ráðstefnum og öðrum atburðum verði féluginu og þátttakendum sjálfum til góðs. Alþjóðaráð hefur því reglulega boðið þátttakendum í alþjóðastarfinu á fundi þar sem þeim gefst kostur á að segja frá upplifun sinni og finna farveg fyrir ný verkefni. Tveir þátttakendur sátu fundi ráðsins á síðasta starfsári.

Norrænn formanna- og framkvæmdastjórnarfundur

Í janúar 2015 sóttu Auður Pálsdóttir, formaður KFUM og KFUK á Íslandi, og Tómas Torfason, framkvæmdastjóri, árlegan formanna- og framkvæmdastjórnarfund norrænna KFUM og KFUK félaga sem haldinn var í Helsinkí í Finnlandi. Birgir U. Ásgeirsson sótti einnig fundinn, sem fulltrúi stjórnar KFUM í Evrópu.

Norrænt mót 2014

Síðasta sumar, dagana 18.–29. júlí 2014, var norrænt mót æskulýðsfélaga KFUM og KFUK haldið í Norrbyskär, skammt frá Umeå, í Svíþjóð. Mótið er haldið annað hvert ár. Unglingar og leiðtogar í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum, Mosfellsbæ og Reykjanesbæ tóku þátt á mótinu, og voru þeir 41 talsins. Mótið þótti ganga afar vel, og skemmtu þátttakendur sér í hinum ýmsu verkefnum í fínu veðri og góðra vina hópi.

KFUM í Evrópu

KFUM og KFUK á Íslandi er fullgildur aðili að KFUM í Evrópu, samtökum KFUM félaga í Evrópu. Félagið tekur virkan þátt í starfi samtakanna á fjölbreyttan hátt, meðal annars með því að sækja ráðstefnur, námskeið og aðalfundi. Þar að auki situr íslenskur félagsmaður í stjórn KFUM í Evrópu, Birgir U. Ásgeirsson.

Catch the Vision í Hvíta-Rússlandi

Áhersla var lögð á kristni og samskipti trúarbragða á námskeiðinu Cultural Roots of Peaceful Co-existence í Voloshin í Hvíta-Rússlandi 13.–18. október 2014. Námskeiðið er hluti af Catch the Vision námskeiðaráð KFUM í Evrópu sem KFUM og KFUK á Íslandi hefur tekið þátt í þrisvar

sinnum áður. Þátttakendur frá 13 löndum tóku þátt í vinnustofum um hin ýmsu málefni sem tengjast kristni og samskiptum trúarbragða. Birgir U. Ásgeirsson fór á námskeiðið og lét vel að upplifun sinni.

Aðalfundur KFUM í Evrópu 2014

Aðalfundur KFUM í Evrópu var haldinn í Litomyšl í Tékklandi 29. maí til 1. júní 2014. Þar komu saman yfir 100 fulltrúar frá 32 löndum undir yfirskrifinni Inclusive Christianity. Fulltrúi Íslands á fundinum var Birgir U. Ásgeirsson. Birgir var endurkjörinn í stjórn KFUM í Evrópu til tveggja ára til viðbótar. Á fundinum voru meðal annars unnin almenn aðalfundarstörf, lagabreytingar voru gerðar og rætt var um stöðu kristni í Evrópu í dag.

YES

Ungmennaráð KFUM í Evrópu, YES, stuðlar að valdeflingu ungs fólks innan KFUM í Evrópu með leiðtogaþjálfun og fleiru. Tinna Rós Steinsdóttir situr í stjórn YES og var á árinu endurkjörin til næstu tveggja ára. YES hefur undanfarin fjögur ár staðið fyrir árlegu námskeiði í tengslum við aðalfund KFUM í Evrópu með styrk frá Evrópusambandinu. Þar sem enginn styrkur fékkst árið 2014 var það námskeið aðeins einn dagur þetta árið og var Birgir U. Ásgeirsson þar meðal 12 þátttakenda, sá eini frá Íslandi.

Heimssamband KFUK

Félagið tók þátt í ýmsum verkefnum á vegum heimssambands KFUK á starfsárinu. Ísland er þó ekki fullgildur aðili að heimssambandinu.

Heimssping heimssambands KFUK í Taílandi

Dagana 11.–16. október 2015 verður heimssping heimssambands KFUK haldið í Bangkok, höfuðborg Taílands. Þetta er í 28. sinn sem heimssping sambandsins er haldið. Þar fara fram vinnustofur, fyrirlestrar og stefnumótun, ásamt kosningu í stjórn heimssambandsins.

Heimssamband KFUM

Félagið tók þátt í ýmsum verkefnum á vegum heimssambands KFUM á starfsárinu. Ísland er þó ekki fullgildur aðili að heimssambandinu.

Ping Heimssambands KFUM í Colorado

Dagana 29. júní til 6. júlí 2014 var 18. ping heimssambands KFUM haldið í Colorado í Bandaríkjunum. Yfirskrift þingsins var Valdeffling ungs fólks (Empowering Young People). Á þinginu voru unnin almenn þingstörf en þar að auki voru haldin námskeið, fyrirlestrar og vinnustofur. Einnig var unnið að stefnumörkun heimssambandsins til næstu ára. Jóhann Þorsteinsson tók þátt á heimsþinginu fyrir hönd félagsins ásamt Daníel Bergmann, breytingafulltrúa og Tinna Rós Steinsdóttir formanni alþjóðaráðs félagsins.

Breytingafulltrúar (Change Agents)

Í lok árs 2014 lauk breytingafulltrúaverkefni heimssambands KFUM, sem staðið hafði yfir frá því árið 2012, en um er að ræða alþjóðlega leiðtogaþjálfun. Samtals 220 breytingafulltrúar voru útskrifaðir af heimssambandi KFUM á heimsþinginu í Colorado í júlí. Meðal þeirra útskrifuðu voru íslensku þátttakendurnir í verkefninu, Daníel Bergmann og Daría Rudkova. Þegar hefur verið hafist handa við að þjálfra nýja breytingafulltrúa og hófst ný lota verkefnisins þann 1. mars 2015. Ísland mun eiga tvo þátttakendur í þessari lotu eins og þeirri síðustu.

Milljón raddir

Árið 2013 hóf heimssamband KFUM verkefni meðal aðildafélaga sem ber heitið Milljón raddir (One Million Voices). KFUM og KFUK á Íslandi tekur þátt í verkefninu. Þátttaka félagsins felst í því að leggja alþjóðlega spurningalista fyrir 100 manns á aldrinum 15–24 ára, bæði innan félagsins og utan þess þar sem meðal annars er spurt um atvinnu, heilsu og borgaralega virkni. Markmið verkefnisins er að fá sjónarmið ungs fólks á þessum mállefnum. Fyrirlögn spurningalistans er hafin og verður unnið úr niðurstöðunum seinna á þessu ári. Daníel Bergmann og Tinna Rós Steinsdóttir hafa umsjón með verkefninu á Íslandi.

Annað alþjóðlegt starf

World Council for Youth á Sri Lanka

Dagana 6.–10. maí 2014 gafst KFUM og KFUK kostur á að senda fulltrúa á ungmenningaráðstefnu sem haldin var á Sri Lanka og voru það Unnar Freyr Erlendsson, Gylfi Bragi Guðlaugsson og Tinna Rós Steinsdóttir sem fóru utan. Á ráðstefnunni tóku þátttakendur þátt í gerð yfirlýsingar ungs fólks Sameinuðu Þjóðanna (SP) um það hvað ungt fólk í heiminum vill sjá í forgangi á árunum 2015–2030. Þetta var jafnframt í fyrsta skipti þar sem ungt fólk hefur átt fulltrúa í samninganefnd SP og var því stórt skref fyrir ungmenntalýðræði í heiminum.

Sjálfbóðaliði hjá KFUM í München, Þýskalandi

Í september flutti Dagrún Linda Barkardóttir, leiðtogi í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK, til München í Þýskalandi til að starfa sem sjálfbóðaliði hjá KFUM á svæðinu (CVJM). Dagrún tilheyrir hópi sjálfbóðaliða sem vinna fjölbreytt verkefni fyrir félagið í München í heilt ár, meðal annars starfi með börnum. KFUM í München hefur verið mjög virkt í kristilegu starfi og hafa myndast tengsl undanfarin ár meðal félaga þaðan við félaga innan KFUM og KFUK á Íslandi. Alþjóðaráð hafði milligöngu í þessu máli.

Global Week í Noregi

Ísak Henningsson var fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi á námskeiðinu Global Week og þátttakandi á hátíðinni TT Festival sem haldin varu í Gjøvik, Noregi dagana 19.–29. júní 2014. Á námskeiðinu fór meðal

annars fram leiðtogaþjálfun og önnur fræðsla. TT Festival er kristileg ungmenntahátíð fyrir þátttakendur í unglingadeildum KFUM og KFUK í Noregi þar sem fræðslu og skemmtun er blandað saman. Þátttakendur voru ánægðir með námskeiðið og hátíðina, lærðu margt og tóku þátt í ýmsum verkefnum.

European Youth Conference á Ítalíu

Dagana 13.–16. október 2014 sóttu Berglind Ósk Einarsdóttir og Kristín Gyða Guðmundsdóttir ungmenningaráðstefnu í Róm sem bar yfirskriftina Efling ungmenna til stjórnmálaþátttöku. Þær sóttu ráðstefnuna fyrir hönd KFUM og KFUK á Íslandi og Æskulýðsvettvangsins (ÆV) sem KFUM og KFUK á Íslandi er hluti af. Á ráðstefnunni var ráðstefnugestum skipt í vinnuhópa þar sem unnið var með umræðuefni í tengslum við yfirskrift ráðstefnunnar.

Úttekt á EVS-sjálfbóðaliðaverkefni

Í ársbyrjun 2015 gerði Anna Elísa Gunnarsdóttir, meðlimur í alþjóðaráði, samantekt á möguleikum KFUM og KFUK á Íslandi til að taka þátt í EVS-sjálfbóðaliðaverkefnum. EVS (European Voluntary Service) er grundvöllur fyrir evrópsk ungmenni að sinna sjálfbóðaliðastörfum í öðrum Evrópulöndum. Í samantektinni var gerð grein fyrir þeim skilmálum sem félagið þarf að uppfylla fyrir þátttöku í slíku verkefni. Samantektin er aðgengileg hjá alþjóðaráði.

Þátttaka í AD KFUM

Á dagskrá AD KFUM fundar fimmtudaginn 9. október 2014 var frásögn tveggja félagsmanna á heimsþing KFUM í Colorado sumarið 2014. Þeir Jóhann Þorsteinsson og Daníel Bergmann sögðu frá þátttöku sinni á þinginu og Birgir U. Ásgeirsson, meðlimur í alþjóðaráði, stjórnaði fundinum. Alþjóðaráð fagnar tækifærum sem þessum.

Afmæliskveðja til KFUM í Hvíta-Rússlandi

KFUM í Hvíta-Rússlandi varð 15 ára í byrjun árs 2015. Af því tilefni sendu meðlimir alþjóðaráðs myndbandskveðju, þar sem þeim var óskað til hamingju með afmælið. Myndbandið féll í góðan jarðveg og hlaut ráðið miklar þakkir fyrir.

Starfsmaður Y's Men International

Tinna Rós Steinsdóttir hóf störf hjá alþjóðlegu Y's Men samtökunum í Genf í Sviss í haust, eftir að hafa lokið þar árslöngu starfsnámi. Y's Men eru samtök sem styðja við starfsemi KFUM-félaga um allan heim. KFUM og KFUK á Íslandi á því góða tengingu við alþjóðlegt KFUM starf, sem getur falið í sér ýmis tækifæri.

Mannréttindanefnd KFUM og KFUK á Íslandi

Árið 2013 var stofnuð ný nefnd innan KFUM og KFUK á Íslandi, mannréttindanefnd. Hún var stofnuð í kjölfar alþjóðlegra námskeiða og ráðstefna sem nokkrar félagskonur sóttu á árunum 2011–2012. Markmið nefndarinnar er að vekja athygli á mannréttindum og jafnrétti kynjanna. Vegna óviðráðanlegra ástæðna lá starf nefndarinnar niðri á síðasta starfsári.

7. Jól í skókassa

Verkefnið Jól í skókassa er hluti af starfi KFUM og KFUK á Íslandi. Verkefnið er góðgerðarstarf sjálfbóðaliða og snýst um að safna jólagjöfum fyrir börn og unglinga í Úkraínu sem búa við fátækt, veikindi, erfiðar aðstæður eða líða á annan hátt fyrir aðstæður sínar.

Stjórn verkefnisins var skipuð eftirfarandi aðilum á starfsárinu:

Björgvin Þórðarson, formaður
Mjöll Þórarinsdóttir, gjaldkeri
Áslaug Björgvinsdóttir, ritari
Salvar Geir Guðgeirsson, meðstjórnandi
Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, meðstjórnandi

Stjórnin hélt fjölmarga stjórnarfundir á árinu, flesta á tímabilinu september til desember 2014.

Helstu verkefni stjórnar á árinu var undirbúningur fyrir söfnun jólagjafanna, móttaka á jólagjöfum, samskipti við fjölmiðla og annars konar kynning á verkefninu, samskipti við sjálfbóðaliða, styrktaraðila verkefnisins, tengiliði verkefnisins á landsbyggðinni sem og í Úkraínu. Einnig skýrslugerð í tengslum við flutning jólagjafanna og önnur tilfallandi verkefni. Þá kom stjórnin að samningi sérstakra samþykka fyrir verkefnið og mótun verklagsreglna.

Í undirbúningshóp verkefnisins á starfsárinu sátu eftirfarandi aðilar:

Anna Kristjana Vilhjálmssdóttir
Dóra Sif Sigurðardóttir
Herdís Hupfeldt
Rakel Hlín Bergsdóttir
Svanfríður Elín Jakobsdóttir
Telma Ýr Birgisdóttir
Ylfa Jónsdóttir
Póra Jenný Benónýsdóttir

Auk þess kom fjöldi sjálfbóðaliða að verkefninu í ár, líkt og undanfarin ár. Mestur fjöldi sjálfbóðaliða tók þátt í yfirferð jólagjafa viku fyrir lokaskiladag, sem og á lokaskiladeginum þann 15. nóvember 2014. Þá var fjöldinn allur af sjálfbóðaliðum á landsbyggðinni sem sá um að taka á móti gjöfum og koma þeim til Reykjavíkur. Starfsmenn Þjónustumiðstöðvarinnar gegndu jafnframt viðamiklu hlutverki í að taka á móti jólagjöfum, svara spurningum og sinna móttöku á leikskóla- og grunnskólabörnum sem komu færandi hendi með jólagjafir.

Söfnun gjafa

Árið 2014 var ellefta árið í röð sem jólagjöfum var safnað fyrir munaðarlaus og fátæk börn í Úkraínu. Lokaskiladagur gjafa í Reykjavík í húsi KFUM og KFUK á Holtavegi var laugardagurinn 15. nóvember 2014, en fyrir þann tíma var hægt að koma kössum til skila víða um land. Eins og fyrri ár gekk verkefnið mjög vel og var vinnu við yfirferð kassanna lokið fyrir miðnætti lokaskiladags.

Alls söfnuðust 4.533 kassar. Öllum skókössum var pakkað á bretti og komið fyrir í stórum gámi. Miðvikudaginn 19. nóvember 2014 var gámurinn sóttur og hófst þá ferðalag gámsins frá húsi KFUM og KFUK að Holtavegi til Kirovohrad í suðurhluta Úkraínu.



Börn á Íslandi að afhenda kassa



... og fátæk börn í Úkraínu að þiggja kassa.

Eins og áður gaf Flytjandi flutning á kössum til Reykjavíkur og Eimskip gaf gáminn og flutning hans til meginlands Evrópu. Gáminn fékk svo KFUM í Úkraínu til eignar.

Tollafgreiðsla á skókössunum gekk hratt og örugglega fyrir sig og fulltrúar verkefnisins í Úkraínu voru komnir með gjafirnar í sína umsjón milli jóla og nýárs sem var mikið gleðiefni.

Útdeiling gjafa til barna í Úkraínu

Þann 2. janúar 2015 héldu fulltrúar verkefnisins, Inga Ingimundardóttir, Mjöll Þórarinsdóttir, Herdís Hupfeldt og Svanfríður Jakobsdóttir til Úkraínu til að taka þátt í dreifingu jólagjafanna í Kirovohrad.

Fulltrúar verkefnisins voru við dreifingu jólagjafanna í Úkraínu til 8. janúar 2015 og afhentu gjafirnar á munaðarleysingjaheimili, barnaspítala, til einstæðra mæðra og fjölskyldna sem búa við bágar aðstæður. Ferðasögu hópsins má nálgast á vef verkefnisins, skokassar.net eða á heimasíðu félagsins, www.kfum.is.

Fulltrúar KFUM og KFUK í Úkraínu tóku svo við frekari dreifingu jólagjafanna og sjá um að koma þeim í réttar hendur.

8. Innland samstarfsverkefni

KFUM og KFUK á Íslandi á samstarf við fjölmarga aðila innanlands. Í kaflanum er greint frá helstu samstarfsaðilum og samstarfsverkefnum á starfsárinu.

Æskulýðsvettvangurinn

KFUM og KFUK á Íslandi, Bandalag íslenskra skáta, Ungmennafélag Íslands og Slysavarnarfélagið Landsbjörg mynda saman samstarfsvettvang undir heitinu Æskulýðsvettvangurinn (ÆV). Þetta samstarf má rekja til ársins 2007, en formleg stofnun ÆV fór fram 2012 þegar ÆV fékk lög og kennitölu og réði til sín starfsmann. Skrifstofa Æskulýðsvettvangsins síðastliðið starfsár var í húsnæðni UMFÍ í Sigtúni 29 og verkefnistjóri ÆV í fullu starfi er Ragnheiður Sigurðardóttir. Stjórn ÆV á starfsárinu skipuðu þau Sæmundur Runólfsson formaður (UMFÍ), Gyða Karlsdóttir (KFUM og KFUK), Tómas Torfason (KFUM og KFUK) tók við af Gyðu í ágúst, Hermann Sigurðsson (BÍS) og Gunnar Stefánsson (Slysavarnarfélagið Landsbjörg). Á vegum ÆV er einnig starfandi vinnuhópur sem skipaður er fulltrúum aðildarfélaganna. Í honum eru Petra Eiríksdóttir (KFUM og KFUK), Helena Dögg Magnúsdóttir (Slysavarnarfélagið Landsbjörg), Sabína Steinunn Halldórsdóttir (UMFÍ) og Ingibjörg Hannesdóttir (BÍS). Með vinnuhópnum starfar verkefnisstjóri ÆV, Ragnheiður Sigurðardóttir.

Helstu verkefni ÆV á starfsárinu:

Verndum þau



Á árinu 2014 voru auglýst og skipulögð tíu Verndum þau námskeið víðs vegar um landið. Tvö námskeið féllu niður annars vegar vegna dræmrar þátttöku og hins vegar vegna þess að ákveðið var að vinna betur að undirbúningi. Lágmarkspáttataka svo námskeið fari fram eru tólf skráningar. Námskeiðin voru auglýst með fjöldsendingum í tölvupósti og á heimasíðum aðildarfélaganna. Tvö af þessum námskeiðum voru haldin í Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK á Holtavegi

28. Alls sóttu 270 manns námskeiðin, sem er fjölgun frá fyrra ári. Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, höfundar bókarinnar Verndum þau, voru kennarar á námskeiðunum. ÆV og KFUM og KFUK telja það mjög mikilvægt að bjóða og standa fyrir þessum námskeiðum. Þau auka fagkunnáttu starfsfólks og sjálfbæðaliða sem starfa innan ÆV og gerir starfsfólk og sjálfbæðaliða betur í stakk búna til þess að hlúa enn frekar að velferð barna og ungmenna sem það starfar með. Að auki má nefna að þar sem námskeiðin eru auglýst opin þá hefur annað fagfólk einnig aðgang að þeim.

Það er afar mikilvægt fyrir alla þá sem starfa með börnum og ungmennum að vera meðvitaðir um skyldur sínar og ábyrgð, geta lesið í vísbendingar um að vanræksla eða ofbeldi, hvort sem það er andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt, eigi sér stað og vita hvernig bregðast eigi við ef slík mál koma upp.

Litli-kompás

Aðildarfélag ÆV hafa nýtt bókina Kompás í starfi sínu frá árinu 2010. Kompás er handbók í mannréttindafræðslu. Litli-kompás er jafnframt handbók um mannréttindamenntun fyrir börn sem nýtist öllum þeim sem vinna með börnum. Í handbókinni er fjallað um lykilhugtök á sviði mannréttinda og réttinda barna. Kjarni bókarinnar eru 40 fjölbreytt verkefni sem byggjast á virkum kennsluáðferðum og er ætlað að hvetja og örva áhuga og vitund barna um mannréttindi í eigin umhverfi. Verkefni eiga ennfremur að þroska gagnrýna hugsun, ábyrgð og réttlætiskennnd og stuðla að því að börn læri að grípa til aðgerða og leggja sitt af mörkum til hagsbóta fyrir skólann sinn og samfélagið. Auk þess er í bókinni fræðileg umfjöllun um þrettán lykilatriði mannréttinda, svo sem lýðræði, borgarvitund, kynjajafnrétti, umhverfismál, fjölmiðla og ofbeldi. Á árinu 2014 stóð ÆV í samvinnu við Félag fagfólks í frítímaþjónustu (FFF) fyrir tveimur námskeiðum í notkun á Litla-kompási, annars vegar í Reykjavík og hins vegar á Akranesi. Þátttaka var góð og almenn ánægja með námskeiðin.



Komdu þínu á framfæri!

Í júlí mánuði 2013 hlaut Æskulýðsvettvangurinn (ÆV) styrk frá Evrópu unga fólksins (EUF) til þess að framkvæma viðamikil lýðræðisverkefni undir nafninu Fundir ungs fólks og þeirra sem bera ábyrgð á æskulýðsmálum sem síðar breyttist í heitið Komdu þínu á framfæri. Verkefnið stóð frá haustmánuði 2014 til mars mánaðar 2015. Markmið og tilgangur verkefnisins var að skapa umræðuvettvang fyrir ungmenntu þar sem þau gátu látið í sér heyrna og komið skoðunum sínum á framfæri við þá sem bera ábyrgð á æskulýðsmálum, menntun, listum og menningu og samfélaginu í heild í þeirra heimabyggð. Mikilvægt er að ungmenntu upplifi sig og séu virkir þátttakendur í samfélaginu. Með

verkefninu var ætlunin að brúa bilið á milli þeirra sem bera ábyrgð á málefnum ungs fólks og ungmennanna sjálfrá sem starfið er ætlað fyrir. Að auki var markmið verkefnisins að efla frumkvæði ungs fólks, frumkvæði í því að þora að láta skoðanir sínar í ljós á málefnum sem það varðar. Einnig var markmið verkefnisins að auka þátttöku ungs fólks í samfélaginu. Sú færni sem þátttakendur öðluðust á því að taka þátt í verkefninu var því aukið frumkvæði, sjálfstraust og sú viðhorfsbreyting að raddir ungs fólks skipti máli, að þeir sem eru eldri (fullorðnir) og bera ábyrgð hafi áhuga á og hlusti á skoðanir og raddir ungs fólks. Á fundinum var stuðst við svokallað þjóðfundar fyrirkomulag (World café) þar sem ungmenni voru í öllum lykilhlutverkum. Til stóð að skipta ungmennum og stjórnendum upp í tvo til fjóra hópa eða hringi en rétt fyrir fundinn var ákveðið að notast við einn hring. Í hringnum var umræðustjóri sem stýrði umræðunni og ritari sem skrifaði niður það sem kom fram. Þegar fundarstjóri gaf merki hafði hópurinn um 20 mínútur til þess að ræða málin saman. Eftir um 20 mínútur gaf fundarstjóri aftur merki og þá var skipt um umræðuefni. Fjórar 20 mínútna lotur fóru svona fram þannig að ungmenni fengu tækifæri til að koma sínum skoðunum á framæri í öllum fjórum málaflokkunum. Viðfangsefni fundarins voru menntun, íþrótt- og æskulýðsmál, samfélagið mitt og svo listir og menning. Samtals fóru fram átta landsfundir víðs vegar um landið og var heildarfjöldi þátttakenda um 250 manns. Nánari upplýsingar um samstarfið innan ÆV má finna á heimasíðunni: aeskulydsvettvangurinn.is.



Mikið samstarf er við Kristilegu skólahreyfinguna. Hér eru krakkar úr KSS á móti í Vatnaskógi.

Kristileg skólahreyfing

Kristilega skólahreyfingin (KSH); Kristileg skólasamtök (KSS) og Kristilegt stúdentafélag (KSF) eiga samstarf við KFUM og KFUK á Íslandi og eru samofin starfi félagsins. Skólahreyfingin hefur skrifstofuaðstöðu í Þjónustumiðstöðinni á Holtavegi 28. Sr. Sveinn Alfreðsson kom til starfa hjá KSH í janúar 2015 í 50% starf.

Þjóðkirkjan og önnur trúfélög

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við marga söfnuði þjóðkirkjunnar um barna- og æskulýðsstarf (sjá nánar kafla 2). Ennfremur er samstarf við kirkjuna um leiðtogaþjálfun (sjá nánar kafla 4). Þá á félagið mikið samstarf við söfnuði þjóðkirkjunnar um fermingarnámskeiðin í Vatnaskógi (sjá nánar í skýrslu Vatnaskógar bls. 41)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og sveitarfélög

KFUM og KFUK á Íslandi á gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið, sérstaklega íþrótt- og æskulýðsdeildina. Erlendur Kristjánsson deildarstjóri átti fundi með stjórn og starfsfólki KFUM og KFUK á Íslandi og heimsótti viðburði í starfinu. Þjónustusamningur er á milli KFUM og KFUK á Íslandi og mennta- og menningarmálaráðuneytisins af hálfu ríkisins. KFUM og KFUK á einnig samstarf við fjölmörg sveitarfélög. Gerður hefur verið þjónustusamningur á milli KFUM og KFUK í Reykjanesbæ og Reykjanesbæjar. Ennfremur hefur verið gerður þjónustusamningur á milli KFUM og KFUK og Reykjavíkurborgar.

9. Útgáfu- og kynningarmál

Í þessum kafla koma fram upplýsingar um útgáfu- og kynningarmál KFUM og KFUK á Íslandi á starfsárinu 2014–2015. Að útgáfu- og kynningarmálum koma bæði starfsmenn félagsins og sjálfbóðaliðar. Notast er við fjölbreytta miðla til að koma á framfæri því starfi sem félagið býður upp á. Í vikulegum fréttum er notast við ókeypis miðla eða þá sem kosta lítið og nokkrum sinnum á ári er farið í kostnaðarmeiri kynningar.

Fréttabréf

Fréttabréf KFUM og KFUK kom tvisvar sinnum út árið 2014 í júní og september. Ritstjórar þess voru Berglind Ósk Einarsdóttir og Gyða Karlsdóttir. Halldór Elías sá um umbrot. Ísafoldarprentsmiðja sá um prentunina og hægt er að nálgast prentuð eintök í Þjónustumiðstöð félagsins. Fréttabréfið var sent út til allra félagsmanna KFUM og KFUK, marga kirkna, æskulýðssamtaka á landinu, alþingismanna og borgar- og bæjarfulltrúa. Rafrænar útgáfur má skoða á slóðinni Íssuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>. Fréttabréfin eru hvert um sig tólf blaðsíður að lengd og má þar finna helstu fréttir félagsins, upplýsingar um viðburði framundan, fréttir og upplýsingar frá sumarbúðunum, dagskrá æskulýðs- og fullorðinsstarfs félagsins ásamt pistlum og hugleiðingum frá félagsfólki.



Dagskrá

Dagskrárhefti KFUM og KFUK var gefið út tvisvar sinnum á árinu 2014, janúar og september. Umsjón með útgáfunni á starfsárinu höfðu Berglind Ósk Einarsdóttir, Gyða Karlsdóttir og Tómas Torfason. Dagskráin er yfirlit yfir viðburði og fundi í fullorðinsstarfi félagsins á haust- og vormisseri. Þar má sjá efni funda í aðaldeildum (AD) KFUM og KFUK, upplýsingar um sunnudagssamkomur í Reykjavík og á Akureyri, bænasamverur í Friðrikskapelli, æskulýðsstarf, viðburðir og fræðslustarf félagsins. Dagskrárnar eru gefnar út í „vasabroti“ en Tómas Torfason sér um uppsetningu og Ísafold/Svansprent sáu um prentun. Eintök af dagskrárheftunum má nálgast í Þjónustumiðstöð félagsins sem einnig voru send til félagsfólks með fréttabréfi félagsins í janúar og september.

Ársskýrsla

Vorið 2014 kom út ársskýrsla KFUM og KFUK á Íslandi fyrir starfsárið 2013–2014. Sú skýrsla var einungis send í prentuðu formi til félagsmanna 50 ára og eldri. Aðrir fengu hana senda á rafrænu formi og hún fór á heimasíðuna og á íssuu, rafrænu útgáfusvæði félagsins. Í skýrslunni er fjallað um starfsemi og verkefni á vegum félagsins. Ritstjóri skýrslunnar er Gyða Karlsdóttir. Skýrslan var prentuð hjá Odda.

Heimasíða og aðrir samskiptavefir

Félagið heldur úti heimasíðu: www.kfum.is og til að halda utan um þau gögn sem fara þar inn er notast við opna hugbúnaðinn Wordpress. Í lok febrúar 2015 voru tíu kerfisstjórar á heimsíðunni og sex ritstjórar. Einnig heldur félagið úti vefsíðunni www.sumarfor.is sem er skráningarsíða fyrir viðburði og starfsemi á vegum félagsins. Á heimasíðunni er dagskrá félagsins sett upp í dagatal þar sem notast er við kerfi frá Google. Myndir frá starfi félagsins fara inn á myndasíðuna flickr: <http://www.flickr.com/photos/kfum-kfuk-land/> sem er tengd við heimasíðu félagsins. Í lok febrúar 2015 voru 249 myndamöppur á flickr. Heimasíðan er einnig tengd við samfélagsmiðilinn Twitter og þar var félagið með 79 fylgjendur í lok febrúar 2015. Fréttir sem birtast á heimasíðu félagsins tilkynnast samstundis sem „tvít“ á https://twitter.com/KFUM_KFUK. Félagið hafði aðgang að tveimur netrásur, YouTube og Vimeo, til að birta myndbönd en vegna ónotkunar á árinu þá er búið að loka Vimeo reikningnum. Á síðasta starfsári var birt eitt myndband á YouTube og er slóðin á heildarsafnið af myndböndum: <https://www.youtube.com/user/kfumogkfuk>. Umsjón með heimasíðunni og flestum þessara miðla er að mestu leyti hjá Berglinni Ósk Einarsdóttur og Jóhanni Þorsteinssyni. KFUM og KFUK á Íslandi er með Facebook-síðu þar sem fréttir og myndir úr starfinu eru birtar, oftast tengt heimsíðu félagsins. Í lok febrúar 2015 var síðan með 1.375 „aðdáendur“



og gátu sex manns, bæði starfs- og félagsmenn, birt fréttir og myndir undir formerkjum KFUM og KFUK á Íslandi. Umsjón er að mestu leyti hjá Berglinni Ósk Einarsdóttur. Félagið og starfsstöðvar þess standa einnig fyrir nokkrum síðum og hópum á Facebook sem tengjast starfinu með beinum hætti og er notast við þær í miklum mæli til að halda tengslum við þátttakendur og félagsmenn.


Í starfi KFUM og KFUK er fræðsluefni félagsins fyrir æskulýðsstarf mikið notað og má nálgast það slóðinni: <http://efnisveita.kfum.is>. Þar eru hugmyndir fyrir fundi, verkefni, hugleiðingar, leikir og fleira efni frá árunum 2007 til 2015. Leiðtogar í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK gátu fengið útprentuð eintök af fræðsluefninu fyrir haustmisserið 2014 og vormisserið



Fjöldi barna heimsækja KFUM og KFUK í tengslum við verkefnið Jól í skókassa. Vel er tekið á móti öllum. Hér er Petra Eiríksdóttir æskulýðsfulltrúi að segja leikskólabörnum frá verkefninu.

2015. Þá fengu starfsmenn sumarþúða og leikjanámskeiða hjá félaginu útprentuð eintök af fræðsluefni sumarsins 2014. Fræðsluefni félagsins má skoða á Issuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>. Umsjón með fræðsluefni hefur æskulýðssvið félagsins.

Opnað var fyrir nýjan reikning á 29. apríl 2014 á samfélagsmiðlinum Instagram: <http://instagram.com/kfumkfukiceland>. Lára Halla Sigurðardóttir stjórnarkona og blaðamaður stóð fyrir því og er með umsjón yfir þeim reikningi. Fylgjendur KFUM og KFUK á Instagram í lok febrúar 2015 voru 138.



Netfréttir

Í lok hverrar viku eru yfir vetrarmánuðina sendar út netfréttir um starf félagsins og viðburði sem eru á döfni í fullorðins- og æskulýðsstarfi. Fréttirnar eru sendar með tölvupósti til allra þeirra sem hafa skráð sig á netfangalista í gegnum heimasíðu félagsins. Notast var við netpóstkerfið MailChimp til að halda utan um sendingu á netfréttunum. Í lok febrúar 2015 voru 591 netföng skráð á póstlistanum. Umsjón með netfréttum hefur Berglind Ósk Einarsdóttir.

Kynning á sumarstarfi KFUM og KFUK

Fyrir fyrsta skráningardag 2015 var gefið út sumarþúðablað, 16 blaðsíðna bæklingur, þar sem sumarþúðir og leikjanámskeið á vegum félagsins sumarið 2015 voru kynnt. Safnað var auglýsingum og styrkjum frá ýmsum fyrirtækjum til að greiða fyrir útgáfu blaðsins. Blaðið var prentað út í um 12.000 eintökum og dreift til forráðamanna þeirra barna sem tóku þátt í sumarstarfi KFUM og KFUK sumarið 2014 og einnig til barna sem verða níu ára á árinu (fædd árið 2006). Rafræna útgáfu af bæklingnum er hægt að nálgast á Issuu: <http://issuu.com/kfumkfuk>.

Annað almennt kynningarstarf

Í júní 2014 gaf Vatnaskógur út Sæludagabækling sem var prentaður í 2.000 eintökum. Bæklingurinn var sendur til félagsfólks og forráðamanna barna í sumarstarfi félagsins. Umsjón með gerð hans hafi Ársæll Aðalbergsson.

Bæklingur um verkefnið Jól í skókassa var gefinn út af stjórn verkefnisins. Honum var dreift víðsvegar um landið en rafræna útgáfu af bæklingnum má síðan finna á heimasíðu félagsins: <http://kfum.is/skokassar/prentefni/>.

Ýmsar aðrar kynningar hafa átt sér stað á starfi KFUM og KFUK á starfsárinu. Má þar nefna stóran hóp nemenda úr tómstundafræðinámi við menntavísindasvið Háskóla Íslands sem kom í heimsókn í félagsheimilið í byrjun apríl 2014. Gyða Karlsdóttir, Ársæll Aðalbergsson og Magnea Sverrisdóttir sáu um kynningu fyrir hópinn á starfi okkar. Í

lok október og byrjun nóvember 2014 voru margar kynningar í þjónustumiðstöð KFUM og KFUK vegna verkefnisins Jól í skókassa. Hópar frá leik- og grunnskólum komu til að skila inn jólagjöfum ásamt ýmsum öðrum og fengu þá kynningu á verkefninu og félaginu.

10. Fjármál

Með bæn að vopni getur félag eins og KFUM og KFUK sigrast á áskorunum. Síðasta rekstrarár var gott hjá öllum starfsstöðvum. Sumarþúðirnar okkar voru mjög vel sóttar og þurfum við að fara mörg ár aftur til að finna jafngóða nýtingu. Leikskólinn heldur áfram því góða starfi sem þar er unnið og biðlistar innan skólans er góður mælikvarði á því frábæra starfi sem þar er unnið. Með bættum rekstri geta starfsstöðvar farið í viðhald og endurbætur sem því miður hafa setið nokkuð á hakanum frá árinu 2008. Endurbætur og viðhald er það sem við horfum fram til á næstu árum sem okkar stærstu verkefni í hverri starfsstöð. Félagið hefur aðlagð sig að nýju samfélagi. Á nýjum tímum gefast ný tækifæri og nú eru teikn um að niðurskurður verði ekki eins mikill og undanfarin ár.

Tækifærin fyrir árið 2015 eru til staðar en áfram þarf að horfa í hverja krónu við töku ákvarðana innan félagsins. Félagið býr að miklum mannauði, án félagsfólks væri ekkert félag. Sá stuðningur sem félagið hefur fengið hefur verið dýrmætur og erum við þakklát fyrir allar þær gjafir sem bárust á síðasta ári. Uppbygging í Vindáshlíð er gott dæmi um hvernig gjafir eru nýttar beint í verkefni bæði vegna viðhalds á staðnum sem og að byggja upp afþreyingu fyrir dvalargesti.

Styrkir og gjafir

Grundvöllur fyrir rekstri félagsins byggist á styrkjum, gjöfum og framlögum. Við fengum óbreyttan styrk frá ríki en höfum verið svo lánsöm að aðrar tekjur hafa aukist, s.s. frá sveitarfélögum og rausnarlegar peningagjafir frá félagsfólki. Án styrkja og gjafa getur félagið ekki staðið undir öflugum faglegu starfi. Biðjum fyrir gjafakerfi félagsins og auknum styrkjum til starfsins.

Fjáröflun

Basar KFUK var að venju haldinn laugardaginn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Í basarnefnd sátu Hildur Þóra Hallbjörnsdóttir, María Sighvatsdóttir, Betsy Halldórsson, Kristín Sverrisdóttir, Gunnlaug Sverrisdóttir, Hanna Sigríður Jósafatsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir og Berglind Ósk Einarsdóttir. Undirbúningur basarsins stendur allt árið og er þeim sem stóðu að undirbúningi og framkvæmd þakkað sitt framlag. Tekjur af basarnum (að frádregnum kostnaði) námu 1.341.716 kr. Af þeirri upphæð renna 104.521 kr. í Kærleikssjóð félagsins.

Flugeldasala KFUM og KFUK á Íslandi var að venju opin síðustu daga ársins 2014. Umsjón með flugeldasölunni var í höndum Auðar Pálsdóttur, Inga E. Erlingssonar og Árna Sigurðssonar. Hagnaður af flugeldasölunni var 497.974 kr.

Dósasöfnun. Félagið þiggur dósir og flöskur frá félagsfólki. Oddrún Jónasdóttir Uri hefur séð um að telja og flokka dósir fyrir félagið. Í fyrra söfnuðust 72.608 krónur.

Jólaort. Á hverju ári seljast eldri gerðir af jólaortum sem félagið lét framleiða fyrir nokkru. Í fyrra seldust jólaort fyrir 15.300 krónur.

Guð blessi alla þá sem leggja félaginu lið með gjöfum, vinnuframlagi og fyrirbænum. Biðjum fyrir fjárhagi félagsins áfram. Frekari upplýsingar um fjármál félagsins er að finna í ársreikningum þess.



KFUM og KFUK á Akureyri

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Markmið starfsins

Í lögum starfsstöðvarinnar segir, að markmið starfsins eigi að vera að: „... leitast við að vekja og efla trúarlegt og siðferðilegt líf ungs fólks og hlynna að andlegum og líkamlegum þroska þess.“

Þess vegna býður KFUM og KFUK á Akureyri upp á félagsstarf fyrir börn og unglinga þar sem Biblíufræðsla og bænir eru fastir liðir. Á liðnu starfsári hefur verið sérstök áhersla lögð á að styðja við upprennandi leiðtoga.

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Akureyri var haldinn 26. mars 2014.

Í stjórn KFUM og KFUK á Akureyri voru kosnar:

Brynhildur Bjarnadóttir, formaður
Katrín Harðardóttir, gjaldkeri
Ragnheiður Harpa Arnadóttir, ritari

Varamenn:

Sandra Marín Kristínardóttir
Sigrún Birna Guðjónsdóttir

Skoðunarmenn reikninga voru kosnir:

Davíð Ingi Guðmundsson
Hanna Pórey Guðmundsdóttir

Haldnir voru fjórir stjórnarfundir á árinu. Jóhann Þorsteinsson, sviðsstjóri æskulýðssviðs sat alla fundi stjórnar. Á milli funda voru ýmis mál rædd með tölvupóstsamskiptum. Þá sóttu fulltrúar stjórnarinnar fulltrúaráðsfundi, samráðshelgi og aðalfund félagsins.

Helstu verkefni stjórnar

Helstu verkefni stjórnar á árinu hafa líkt og undanfarin ár tengst barna- og unglingastarfi félagsins en markmiðið var að styðja við fundi yngri deildar að jafnaði einu sinni í mánuði. Á þessum fundum hefur gjarnan verið boðið upp á handverk eða föndur. Auk barnastarfsins hefur stjórnin haldið úti starfi fyrir fullorðna að jafnaði einu sinni í mánuði. Komið er að endurnýjun á styrktarsamningi við Samfélags og mannréttindaráð Akureyrarbæjar en fyrri samningur gildi fyrir árin 2012–2014. Þeirri vinnu er enn ólokið og kemur það í hlut næstu stjórnar að fylgja því eftir og reyna að ná góðum styrk til starfsins á næstu árum. Þá hefur stjórnin reynt að leita leiða til að halda niðri rekstrarkostnaði en því miður er engu að síður halli á rekstrinum og þarf að leita leiða til að breyta því.

Starfsemi starfsstöðvar

Starfsstöðin á Akureyri leggur fyrst og fremst áherslu á barna- og unglingastarf. Á liðnu hausti var ljóst að fjöldi ungleiðtoga var nokkur og því forsendur fyrir því að færa út kvíarnar og bjóða upp á aukið starf á Norðurlandi. Ósk kom frá prestunum á Dalvík og Ólafsfirði að KFUM og KFUK á Akureyri myndi styðja við starf fyrir 9–12 ára börn og fóru

leiðtogar frá Akureyri fjórum sinnum á hvoru misseri en alls var boðið upp á átta samverur á misseri. Leiddu prestarnir á staðnum aðra hverja samveru.

Starfsfólk

Jóhann Þorsteinsson, sviðsstjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK á Íslandi, hefur skrifstofuaðstöðu í Sunnuhlíð, félagsheimili starfsstöðvar félagsins á Akureyri, og heldur utan um barna- og unglingastarfið á Norðurlandi. Starfshlutfall hans er 100%.

Yfirlit starfs

Eftirfarandi deildir voru starfræktar á Akureyri:

Unglingadeild – skráðir voru 48, en meðaltalsmæting á fund var um 25 unglingar. Leiðtogar: Jóhann Þorsteinsson, Jón Ómar Gunnarsson, Sunna Kristrún Gunnlaugsdóttir og Lárus Óskar Sigmundsson.

Yngri deild KFUM – skráðir voru 26, en meðaltalsmæting var 11 drengir. Leiðtogar: Jóhann Þorsteinsson, Hafþór Freyr Lindal, Guðlaugur Sveinn Guðlaugsson og Ríkhartður Ólafsson.

Yngri deild KFUK – skráðar voru 45, en meðaltalsmæting á fund voru 20 stúlkur og er það talsverð aukning frá fyrra ári. Leiðtogar: Sigrún Birna Guðjónsdóttir, Ída Hlín Steinþórsdóttir, Bára Dís Sigmarsdóttir, Sara Rut Jóhannsdóttir, Telma Guðmundsdóttir, Margrét Ída Ólafsdóttir og Guðlaug Sigríður Hrafnisdóttir.

Viðburðir á árinu

Vorhátíð og upphaf skráningar var með breyttu sniði í ár en þátttakendum úr vetrarstarfi og öllum sem dvöldu á Hólavatni sumarið 2013 var boðið í Paradísarland á Glerártorgi miðvikudaginn 19. mars. Heppnaðist sú hátíð ljómandi vel og á bilinu 50–70 manns komu og skemmtu sér vel, auk þess sem fjölmargir skráðu sig í flokka á Hólavatn.

Fimm samkomur voru haldnar á starfsárinu. Þar af var fjölskyldusamvera á fyrsta sunnudegi í aðventu með þátttöku barna úr æskulýðsstarfinu ásamt fjölskyldum þeirra. Ein samkoma var haldin í samstarfi við Kristniboðsfélag Akureyrar en Leifur Sigurðsson kristniboði kom í heimsókn og sagði okkur frá kristniboðinu í Japan. Sú nýbreytni var tekin upp á starfsárinu að hafa samkomurnar kl. 17.00 og borða saman léttan kvöldverð að samkomu lokinni. Hefur þetta gert það að verkum að fleira fjölskyldufólk með ung börn hefur tekið þátt í samkomunum og er það jákvæð þróun. Þá var ágæt þátttaka í og ánægja með konukvöld sem haldið var að kvöldi konudags en dagskráin var í umsjá stjórnarkvenna.

Rúmlega tuttugu unglingar fóru á Landsmót ÆSKP á Hvammstanga helgina 24.–26. október og var sú ferð einkar vel heppnuð. Hópurinn lenti í 2. sæti í hæfileikakeppni á laugardagskvöldinu og í 3. sæti í búningakeppni. Í febrúar fóru svo 16 unglingar á æskulýðsmótið Friðrik sem haldið var í Vatnaskógi og var það ekki síður skemmtileg ferð.

Námskeið og þjálfun starfsfólks og sjálfboðaliða

Á starfsárinu tóku ungleiðtogar þátt í tveimur leiðtoganámskeiðum. Í nóvember var helgi í Kaldárseli við Hafnarfjörð og í janúar á Hólavatni. Þetta er annað árið sem ungleiðtogarnir okkar sækja leiðtogaheilar og hefur verið ánægjulegt að fylgjast með þeim vaxa og þroskast í leiðtogahlutverkinu.



Góð þátttaka er í deildastarfi KFUM og KFUK á Akureyri.

Útleiga

Nokkuð var um útleigu salarins fyrir fermingar- og skírnarveislur, auk þess sem hópur kvenna frá Dalvík hefur fengið að nota salinn fyrir kaffispjall einu sinni í mánuði yfir vetrartímann.

Gjafir og styrkir

Á starfsárinu naut félagið styrkja frá Samfélags- og mannréttindaráði Akureyrarbæjar og er þar annars vegar um að ræða vegna æskulýðsstarfsins og hins vegar endurgreiðsla á hluta fasteignagjalda.

Lokaorð

Megináhersla starfs KFUM og KFUK á Akureyri snýr að barnastarfi og við þökkum Guði fyrir öll börnin sem hafa tekið þátt í starfinu á þessu ári. Annað þakkar- og fyrirbænaefni eru allir góðu leiðtogarnir sem eru tilbúnir til þess að sinna þessu boðunar- og félagsstarfi af lífi og sál. Til að styðja við ungu leiðtogana okkar hafa stjórnarmeðlimir nú, eins og á síðasta ári, tekið þátt í nokkrum deildasamverum á árinu. Þannig fær stjórnin líka uppörvandi innsýn í það frábæra starf sem unnið er í barnastarfi KFUM og KFUK á Akureyri. Í litlu samfélagi er mikilvægt að geta sent leiðtoga og leiðtogaefni á námskeið og því sérlega ánægjulegt hve vel KFUM og KFUK á Íslandi stendur að þeim málum. Það er líka ómetanlegt fyrir kristlegt barnastarf á Akureyri og reyndar víðar á Norðurlandi að sviðsstjóri æskulýðssviðs KFUM og KFUK á Íslandi skuli vera staðsettur hér nyrðra.

Það er bjargföst trú okkar að besta veganestið fyrir lífið sé það að kynnast Kristi strax í barnæsku og þannig fá möguleika til að lifa lífi sínu umvafinn ljósi hans og kærleika. Því lofum við Guð fyrir ávöxt þessa árs og biðjum hann að efla og blessa starfið á næsta ári.

„Hver er sá sem sigrar heiminn nema sá
sem trúir að Jesús sé sonur Guðs?“
I. Jóh.5:5

Fyrir hönd stjórnar KFUM og KFUK á Akureyri,
Ragnheiður Harpa Arnardóttir, ritari

KFUM og KFUK á Suðurnesjum

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK á Suðurnesjum var haldinn 13. mars 2014.

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum á starfsárinu skipuðu:

Sigurbjört Kristjánsdóttir, formaður
Sveinn Valdimarsson, gjaldkeri
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir, ritari
Björk Guðnadóttir, varamaður
Erla Guðmundsdóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Páll Skaftason
Sigvaldi Björgvinsson

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 8.

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

- Almenn umsjón með deildarstarfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum
- Leikjanámskeið í 3 vikur sumarið 2014
- Deildarstarfið á Suðurnesjum veturinn 2014–2015 á þremur starfsstöðum; 4 deildir í félagsheimili KFUM og KFUK í Keflavík, 1 deild í safnaðarheimilinu í Innri-Njarðvík í samstarfi við Njarðvíkursókn, 2 deildir í Grindavík í samstarfi við Grindavíkursókn.
- Fá leiðtoga til að leiða starfið í Reykjanesbæ, sem gekk mjög vel.
- Stjórnin sér einnig um umsjón og viðhald félagsheimilis KFUM og KFUK að Hátúni 36 í Reykjanesbæ.
- Halda áfram með leiðtogaskóla í samstarfi við Keflavíkurkirkju, auk þess var búinn til leiðtogaskóli 2 fyrir þá sem höfðu útskrifast úr leiðtogaskóla 1.

Leiðtogar:

Nafn:

Adam Sveinsson
Alexandra Ýr Auðunnsdóttir
Anna María Tryggvadóttir
Álfheiður Ingibjörg Arnfinnsd.
Birta Rún Benediktsdóttir
Björk Guðnadóttir
Björn Kristinn Jóhannsson
Blær Elíasson
Bryndís Sunna Guðmundsdóttir.
Brynja Eiríksdóttir
Elín Pálsdóttir
Elín Björg Eyjólfssdóttir
Elvar Geir Sigurðsson
Erla Guðmundsdóttir
Gná Elíasdóttir
Hákon Klaus Haraldsson
Haukur Arnórsson
Jón Kristján Harðarson
Ívar Karl Sveinsson
Margrét Jóhanna Guðjónsdóttir
Pétur Bjarni Sigurðarson
Pétur Loftur Árnason
Ragnheiður Haraldsdóttir
Rannveig Ósk Hjaltadóttir
Sigurbjört Kristjánsdóttir
Sóley Bjarnadóttir
Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir
Sveinn Valdimarsson
Þorsteinn Helgason
Þóra Jenny Benónýsdóttir

Deild:

VD/YD M
UD
YD/UD Grindavík
YD Grindavík
YD K
Stjórn/Leiðtogaskóli
VD
YD/UD Grindavík og YD Innri-N
YD K
VD/ UD
YD K/ UD
YD Grindavík
YD Grindavík
VD/stjórn/ leiðtogaskóli
YD K/ UD – YD/UD Grindavík
YD Grindavík
YD M Grindavík
YD M
UD/YD
UD/YD/stjórn
YD Grindavík
YD M
YD/UD Grindavík
YD Grindavík
YD K/Stjórn/ UD
Leiðtogaskóli
YD K
YD M/Stjórn
YD M
UD/YD Grindavík og YD Innri-N





Starfsemi starfsstöðvar

Skráðir þátttakendur í starfi KFUM og KFUK í haust voru alls um 270 á Suðurnesjum.

Þrjú leikjanámskeið voru í júní 2014. Umsjón var í höndum Brynju Eiríksdóttur, Markúsar og Birkis Bjarnasona og Benjamíns Gísla Einarsonar. Auk þeirra unnu á námskeiðunum 6 unglingar, Adam Sveinsson, Agnes Sigurpórsdóttir, Elín Pálsdóttir, Gná Elíasdóttir, Pétur Loftur Árnason og Petrína Bergmann. Þátttakendur á námskeiðunum voru rúmlega 43 skráðir.

Einnig er húsið lánað fyrir fermingarfræðslu Keflavíkurkirkju, leigt fyrir kvennaleikfimi og ýmsar veislur.

Ýmsir viðburðir í starfi KFUM og KFUK á Suðurnesjum:

Óvissuferð leiðtoga vorið 2014

Leiðtogum er boðið í óvissuferð sem þakklætisvott fyrir starfið. Norrænt mót í Svíþjóð sumarið 2014.

Þrír leiðtogar og unglingar frá UD fóru á norræna mótið sumarið 2014. Vorferðir YD- KFUM og KFUK.

YD-K og YD-M í Keflavík fóru í vorferð í Vatnaskóg vorið 2014 ásamt YD í Akurskóla.

Leikjanámskeið

Þrjú námskeið voru haldin sumarið 2014.

Á námsleiðinu voru tíu leiðtogar.

Hæfileikakeppni

Stúlkur úr YD fóru á hæfileikasýningu sem haldin var á Holtaveginum.

Jólamatur leiðtoga

Í janúar ár hvert er leiðtogum eldri en 20 ára boðið í glæsilega máltíð og kvöldstund sem þakklætisvott fyrir starfið um haustið. Leiðtogar undir 20 ára fá jólagjöf sem þakklætisvott fyrir starfið.

Landsmót KFUM og KFUK

UD-Keflavík og Grindavík fóru á landsmót í Vatnaskógi febrúar 2015. Brennómót YD-KFUM og KFUK á Holtaveginum í Reykjavík. YD-K, YD-M, YD Grindavík og YD Akurskóli fóru á brennómót í mars 2014.

Útskrift leiðtogaskóla 1

Farið var að vori 2014 í borgarferð til að halda uppá útskrift.

Unglingadeildarferðalag

Unglingadeildin fór í ferðalag í Kaldársel í nóvember 2014.

Gjafir og styrkir

Stærstur hluti tekna KFUM og KFUK á Suðurnesjum kemur frá Reykjanesbæ samkvæmt samstarfssamningi við bæinn. Þá kom einnig vænn styrkur frá Keflavíkursókn. Einnig koma styrkir frá ýmsum velunnurum starfsins. Þá er ótalinn hinn mikli styrkur sem felst í starfi sjálfboðaliða sem koma að starfinu. Félagið veitti nokkra styrki til leiðtoga og þátttakenda, t.d. vegna ferðalaga og námskeiða.

Ég drottinn, Guð þinn,
Held í hægri hönd þína
Og segi við þig: „Óttast þú eigi,
Ég hjálpa þér“

Jes.41:13

Stjórn KFUM og KFUK á Suðurnesjum



KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum var haldinn 24. mars 2014

Stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á starfsárinu skipuðu:

Guðmundur Örn Jónsson, formaður
Sandra Dís Pálsdóttir, ritari
Hulda Líney Magnúsdóttir, gjaldkeri
Guðrún Eydís Eyjólfssdóttir, meðstjórnandi
Gísli Stefánsson, meðstjórnandi.

Skoðunarmenn reikninga voru:

Klara Þórhallsdóttir
Þorsteinn Arnórsson

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 4

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Aðalviðfangsefni stjórnarinnar í Vestmannaeyjum á síðasta starfsári var húsnæði félagsins líkt og undanfarin ár. Á árinu var haft samband við Vestmannaeyjabæ um samvinnu í málefnum hússins sem er eitt af þeim elstu í bænum og um leið elsta húsnæði KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Þau samskipti leiddur til þess að Myndlistarfélag Vestmannaeyja tók sal hússins á leigu og nýtir það undir starfsemi sína á meðan að KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum nýtir sjómannastofu undir

sína starfsemi. Myndlistarfélagið hefur tekið til hendinni að innan sem utan og létt á viðhaldi til viðbótar þeirri leigu sem félagið greiðir.

Vestmannaeyjabær hefur einnig samþykkt að styrkja framkvæmdir á komandi ári að upphæð kr. 1.500.000.- Lítur stjórn KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum á þann stuðning sem upphaf að góðu samstarfi. Undirbúningur að 90 ára afmælishátíð félagsins leikur einnig stórt hlutverk í starfssemi stjórnarinnar.

Framkvæmdir

Skipt hefur verið um gamlar og þreyttar rúður í gluggum eldri hluta hússins sem og að ljósum hefur verið skipt út að hluta og veggir í sal hafa verið málaðir.

Starfsemi starfsstöðvar

Opnu húsin

Í Vestmannaeyjum er starfrækt unglingadeild. Í vetur var ein deild fyrir 8. 9. og 10. bekk. Á fimmtudagskvöldum var opið hús í húsnæði deildarinnar við Vestmannabraut og sóttu það 10–15 unglingar í hverri viku. Leiðtogarnir Ásgeir Þór Þorvaldsson, Ingi Þór Halldórsson og Ísak Máni Jarlsson hafa haldið vel utan um starfið á opnu húsunum og eiga heiður skilið fyrir það. Þeir hafa útbúið góðan spilasal í sjómannastofu þar sem hópurinn kemur saman og nýtur sín vel. Einnig starfrækja þeir spilaklubb sinn þar á öðrum tímum.

Æskulýðsfundir í Landakirkju

Á sunnudagskvöldum eru haldnir æskulýðsfundir í Landakirkju og að jafnaði sækja um 25 unglingar þá fundi úr 8. og 9. bekk. Stór hluti þeirra fór á norrænt mót í Svíþjóð sumarið 2014 og hefur líka tekið þátt í leiðtogabjálfun KFUM og KFUK á Íslandi.

Ýmsir viðburðir í starfi KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum:

Æskulýðsmótið Friðrik í Vatnaskógi 21.-23. febrúar

Um 25 manna hópur á vegum félagsins mætti á frábært mót í Vatnaskógi. Mikil gleði og ánægja ríkti hjá krökkunum með ferðina.

James Bond messa í tilefni að Æskulýðsdegi Þjóðkirkjunnar

Félagið í samvinnu við Landakirkju stóð fyrir æskulýðsmessu á Æskulýðsdegi í Landakirkju þar sem lög úr kvikmyndunum um James Bond voru í algleymingi. Kirkjan var full af glöðu fólki sem naut tónlistarinnar í sambland við þema dagsins.

Vorhátíð Landakirkju 28. apríl

Leiðtogar félagsins aðstoðuðu við undirbúning og framkvæmd Vorhátíðar Landakirkju en mikill fjöldi barna sækir hátíðina. Leiðtogar sáu um útileiki fyrir krakkana og aðstoðuðu við að framreiða og borða pylsur.

Ferð félagsins á norrænt mót KFUM og KFUK í Svíþjóð

Félagið sótti Svía heim í sumar þegar félagið fór á norrænt mót KFUK og KFUK. Íslenski hópurinn, sem samanstóð af félögnum í Vestmannaeyjum, Keflavík og Mosfellsbæ taldi alls 48 manns og voru Eyjamenn 25 af þeim hópi. Mótið var afar vel heppnað og ánægja þátttakenda eftir því. Eftir mótið var íslenski hópurinn í Kaupmannahöfn í fjóra daga og skemmti sér við Tívolí, búðaráp og að borða góðan mat.

Landsmót ÆSKP á Hvammstanga helgina 24.-26. október

Frá Vestmannaeyjum fór 21 þátttakandi á Hvammstanga á gott æskulýðsmót á vegum Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar. Mótið var vel heppnað og mikil ánægja meðal krakkanna með ferðina.

90 ára afmælishátíð KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum

Í tilefni af þessum merka áfanga var blásið til poppmessu í Landakirkju. Fullt var út úr dyrum og mikil stemmning. Fjöldi hljóðfæraleikara og annara listamanna gaf vinnu sína sem og að Ólafur Jóhann Borgþórsson fyrrverandi æskulýðsfulltrúi Landakirkju og núverandi sóknarprestur Seljakirkju prédikaði. Að messunni lokinni var kirkjugestum boðið í kaffi og afmælistertu.

Jólaperlur – jólatónleikar Æskulýðsfélagsins og KFUM og KFUK

Félagið hélt sína árlegu jólatónleika 18. desember sl. en tónleikarnir eru helsta fjárflokkur Æskulýðsfélags Landakirkju og KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum. Úrval okkar færustu tónlistarmanna og kvenna, meðlimir Leikfélags Vestmannaeyja sem og leiðtogar í starfi félagsins, alls 26 manns, gáfu vinnu sína. Góðir bakhjarlar verkefnisins útveguðu hljóðkerfi okkur að kostnaðarlausu sem og að tónleikahaldarinn Birkir Thor Högnason gaf alla sína vinnu. Allur aðgangseyririnn rann óskertur til félagsins.



Efnt var til poppmessu í tilefni af 90 ára afmæli KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum.

Gjafir og styrkir

Vestmannaeyjabær styrkti starf félagsins líkt og annað sambærilegt félagsstarf um 325.000 kr. Fjölmargir einstaklingar og fyrirtæki styrktu unglingadeild félagsins til ferðarinnar á norræna mótið í Svíþjóð. Þar má nefna styrki frá Ós hf kr. 500.000, frá Kvennfélagi Landakirkju kr. 150.000, frá Suðurprófastsdæmi kr. 175.000, frá Landakirkju kr. 150.000, frá Ísfélagi Vestmannaeyja kr. 75.000, frá Vinnslustöð Vestmannaeyja, kr. 50.000 og frá Sparisjóði Vestmannaeyja kr. 30.000. Einnig styrkti Vífilfell félagið við kaup á einkennisfatnaði fyrir ferðina.

Sjálfboðaliðar

Alma Lís Hafþórsdóttir
Arna Dís Halldórsdóttir
Ásgeir Þór Þorvaldsson
Bára Viðarsdóttir
Díana Hallgrímsdóttir
Elín Elfa Magnúsdóttir
Erlingur Orri Hafsteinsson
Guðmundur Örn Jónsson
Guðrún Eydís Eyjólfssdóttir
Hulda Líney Magnúsdóttir
Ingi Þór Halldórsson
Ísak Máni Jarlsson
Kristín Auður Stefánsdóttir
Lís María Friðriksdóttir
Sandra Dís Pálsdóttir
Svanhildur Eiríksdóttir
Thelma Lind Halldórsdóttir

*Fyrir hönd stjórnar KFUM og KFUK í Vestmannaeyjum
Gísli Stefánsson*



Vatnaskógur

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Ársskýrsla þessi er yfirlit yfir starfsemi Skógarmanna KFUM árið 2014 fyrir sumarbúðirnar og aðra starfsemi í Vatnaskógi.

Samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (2. og 3. grein) eru markmið Skógarmanna:

„Að leiða fólk til trúar á Jesú Krist og vinna að útbreiðslu ríkis hans á grundvelli KFUM. Að afla fjár í Skálasjóð Skógarmanna KFUM til hagsbóta fyrir starfið í Vatnaskógi. Að vinna að og efla áhuga á skógrækt í Vatnaskógi”.

Leiðir að markmiðum eru samkvæmt lögum Skógarmanna KFUM (4. grein):

„Skógarmenn KFUM vinna að markmiðum sínum með skipulögðum dvalarflokkum, mótum, útgáfu- og fræðslustarfi, fundahöldum, fjáröflun, skógrækt og á annan þann hátt sem stjórnin ákveður hverju sinni í samræmi við markmið þessara laga”.

Aðalfundur Skógarmanna KFUM var haldinn 27. mars 2014.

Stjórn Skógarmanna var þannig skipuð á starfsárinu:

Ólafur Sverrisson, formaður
 Sigurður Grétar Sigurðsson, varaformaður
 Páll Skaftason, gjaldkeri og fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK á Íslandi
 Salvar Geir Guðgeirsson, ritari
 Þorkell Gunnar Sigurbjörnsson, vararitari
 Páll Hreinsson, varagjaldkeri
 Davíð Örn Sveinbjörnsson, meðstjórnandi

Sigurður Pétursson 1. varamaður
 Ingi E. Erlingsson 2. varamaður.

Skoðunarmenn reikninga eru:

Kári Geirlaugsson (fulltrúi KFUM og KFUK á Íslandi)
 og Bjarni Árnason.

Stjórnin hélt 10 fundi á árinu: 29. janúar, 19. febrúar, 18. mars, 23. apríl, 21. maí, 18. júní, 13. ágúst, 8. október, 5. nóvember og 3. desember.

Starfsmenn

Fastir starfsmenn voru þau Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri, Þórir Sigurðsson, staðarráðsmaður og Valborg Rut Geirsdóttir, ráðskona, auk þess sem hún sinnti ýmsum öðrum verkefnum. Auk þeirra starfaði fjöldi fólks með einum eða öðrum hætti fyrir Skógarmenn árið 2014.

Framkvæmdir

Nýbygging

Vorið 2014 var unnið við innréttingavinnu í sal hins nýja húss, veggir voru klæddir með krossvið og salurinn teppalagður að hluta og þar var látið staðar numið. Framkvæmdin var mikilvæg vegna þess hve mikið er farið að nota salinn. Sú viðbót sem gerð var árið 2013 þegar fimm ný herbergi voru tekin í notkun hefur komið sér vel og húsið nýtist nú mun betur.

Á árinu 2014 fengu Skógarmenn nokkra styrki til verkefnisins en fjáröflun meðal fyrirtækja sem kölluð er Bakland Vatnaskógar hefur dregist saman þar sem samningur við mörg af þeim fyrirtækjum sem lögðu verkefninu lið var útrunninn. Unnið er að gerð nýrra samninga. Þá hafa nokkrir einstaklingar stutt vel við verkefnið.

Framundan er vinna við innréttingar í miðrými og vesturhluta hússins.

Framgangur verksins mun sem fyrr ráðast af fjármögnun. Byggingarnefnd hefur umsjón með verkinu og í henni eru Ársæll Aðalbergsson, Ólafur Sverrisson, Sigurður Grétar Sigurðsson og Sveinn Valdimarsson.

Vesturflöt

Á árinu var lokið við að slétta nýja flöt vestan við malarvöllinn. Skurðir umhverfis svæðið og frá því voru einnig dýpkaðir en verkið tafðist nokkuð vegna mikilla rigninga. Flötin er um 6000 m² og mun nýtast sem tjaldflöt.

Styttan af týnda syninum

Við kapelluna var stytta af týnda syninum sett aftur upp en hún hafði verið tekin niður vegna viðgerðar. Einnig var steiptur nýr stöpull undir styttna.

Bátaskýlið

Í vor var gólf kjallara Bátaskýlisins múrað upp á nýtt. Gert var við vegg kjallarans, þeir málaðir og dren lagt í kringum húsið. Um haustið var síðan gólfð málað og er óhætt að segja að öll aðstaða sé mun betri en áður var. Verkið var unnið undir forystu feðganna Björgvins Hanssonar og Hans Gíslasonar.

Ljósleiðari, rafmagns- og vatnslögn

Í sumarbyrjun var grafinn skurður frá íþróttahúsinu að malarvöllinum. Í hann var lagt ídráttarrör fyrir ljósleiðara, rafmagnskapal og vatnslöðslu. Ljósleiðarinn hefur verið dreginn í rörið og nú tengist Vatnaskógur ljósleiðarakerfi Hvalfjarðarsveitar og hefur netsamband staðarins batnað til mikilla muna. Rafmagnskapallinn og vatnslögnin eru hugsuð fyrir tjaldstæði vestan íþróttahússins. Garðhurð var endurnýjuð í starfsmannaíbúð og einnig var nýtt gólfefni lagt á stofu og herbergi íbúðarinnar. Nýr vaskur var settur upp í eldhúsi.



Sumarstarf

Flokkar sumarsins 2014 voru:

Fl.	Tímabil	Aldur	Dagar	Fjöldi	Skýring
	16.–18. maí	6–99	2	29	Feðginaflokkur
1	4.–9. júní	10–12	6	26	Gauraflokkur
2	10.–15. júní	9–11	7	98	
3	16.–22. júní	10–12	6	101	
4	23.–29. júní	12–14	7	75	Ævintýraflokkur I
5	30. júní–4. júlí	9–11	7	103	
6	4.–6. júlí				Fjölskylduflokkur (felldur niður)
7	7.–12. júlí	0–99	2	99	
8	14.–19. júlí	12–14	6	83	Ævintýraflokkur II
9	21.–26. júlí	10–12	6	99	
10	5.–10. ágúst	14–17	6	43	Unglingaflokkur b. kyn
11	11.–14. ágúst	7–99	6	30	Töframannanámskeið
12	29.–31. ágúst	7–99	2	61	Feðgaflokkur II
13	12.–14. sept.	7–99	2	54	Heilsudagar karla

Fjöldi dvalargesta í dvalarflokkum:

2014: 784
2013: 758
2012: 804
2011: 703

Fjöldi dvalargesta í feðga- og feðginaflokkum og á heilsudögum:

2014: 144
2013: 158
2012: 180
2011: 262

Heildarfjöldi þátttakenda í sumarstarfi Skógarmanna:

2014: 928
2013: 916
2012: 984
2011: 965

Forstöðumenn sumarið 2014

1. Flokkur: (Gauraflokkur): Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon
 2. Flokkur: Ársæll Aðalbergsson.
 3. Flokkur: Sigurður Grétar Sigurðsson
 4. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 5. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson og Páll Skaftason.
 7. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 8. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 9. Flokkur: Guðmundur Karl Brynjarsson
 10. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
 11. Flokkur: Halldór Elías Guðmundsson
- Feðgaflokkur: Ársæll Aðalbergsson.

Foringjar

Arnar Ragnarsson (2 flokkar), Baldur Ólafsson (2 flokkar), Benjamín Gísli Einarsson (1 flokkur), Benjamín Pálsson (2 flokkar), Benjamín R. Sveinbjörnsson (4 flokkar), Birkir Bjarnason (3 flokkar), Bogi Benediktsson (5 flokkar), Daníel Bergmann (6 flokkar), Davíð Þór Jónsson (1 flokkur), Eggert Kaaber (1 flokkur), Erlingur Ingason (4 flokkar), Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir (1 flokkur), Gunnar Hrafn Sveinsson (4 flokkar), Hannes Þ. Guðrúnarson (1 flokkur), Hans Patrekur Hansson (3 flokkar), Hákon



Arnar Jónsson (2 flokkar), Hilmar Einarsson (2 flokkar), Ísak Henningsson (1 flokkur), Jón Guðbergsson (2 flokkar), Jón Gunnar Bergs (1 flokkur), Jón Karl Axelsson Njarðvík (2 flokkar), Kristín Sigrún Magnúsdóttir (1 flokkur), Lárus Páll Birgisson (1 flokkur), Lárus Óskar Sigmundsson (1 flokkur), Marínó Gíslason (1 flokkur), Matthías Guðmundsson (3 flokkar), Ólafur Jón Magnússon (8 flokkar), Páll Ágúst Þórarinnsson (7 flokkar), Salvar Geir Guðgeirsson (1 flokkur), Sigurður Jón Sveinsson (2 flokkar), Unnur Rún Sveinsdóttir (1 flokkur) og Þorsteinn Arnórsson (1 flokkur). Í Gauraflokki störfuðu sem sérfræðingar Andri Már Kristjánsson, Guðmundur Jónas Haraldsson, Jóhann B. Arngrímsson, Jóhanna Lind Jónsdóttir og Þorsteinn Otti Jónsson.

Ráðsmenn

Eins og síðastliðin sumur var ekki ráðinn sérstakur ráðsmaður en nokkrir aðilar gengu í þau viðhaldsstörf sem fylgja staðnum. Ársæll Aðalbergsson, Birkir Bjarnason, Gríma Katrín Ólafsdóttir og Hans Patrekur Hansson unnu við umhirðu staðarins og auk þeirra hjálpuðu fjölmargir sjálfboðaliðar til við verklega þætti, þar af nokkrir í vikutíma.

Ráðskonur

Kristín Sigrún Magnúsdóttir (1 flokkur) og Valborg Rut Geirsdóttir (9 flokkar).

Starfsfólk í eldhúsi

Ásta Guðrún Guðmundsdóttir (4 flokkar), Benjamín Pálsson (1 flokkur), Dagrún Linda Barkardóttir (3 flokkar), Daniel Bergmann (1 flokkur), Gríma Katrín Ólafsdóttir (6 flokkar), Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir (2 flokkar), Gunnhildur Einarsdóttir (2 flokkar), Huguína Lena Hansdóttir (5 flokkar), Ingibjörg Lóreyey Friðriksdóttir (2 flokkar), Ingibjörg Tómasdóttir (1 flokkur), Jóhanna Elísa Skúladdóttir (1 flokkur), Karítas Hrunnar Pálsdóttir (1 flokkur), Kristín Gyða Guðmundsdóttir (2 flokkar), Kristín Rut Ragnarsdóttir (1 flokkur), Kristín Sigrún Magnúsdóttir (3 flokkar), Ólög Birna Sveinsdóttir (3 flokkar) og Unnur Rún Sveinsdóttir (1 flokkur).

Sjálfboðaliðar

Nokkrir af ofantöldum starfsmönnum voru sjálfboðaliðar, en starfsmenn fyrri ára og fleiri velunnarar Skógarmanna hafa komið og stutt við starfið með sínu vinnuframlagi. Er þessi þróun afar góð og gleðileg. Einnig kom ungt fólk og aðstoðaði við ýmis verk eins og t.d. uppvas og umhirðu staðarins. Þá eru ótaldir þeir sjálfboðaliðar sem komið hafa í vinnuflokka og unnið við nýbygginguna og íþróttasvæðið.

Viðburðir í starfi Skógarmanna

Fjölskylduflokkur

Fjölskylduflokkur var í febrúar. Þátttakendur voru um 60 manns.

Feðginaflokkur

Boðið var upp á feðginaflokk fyrir feður og dætur í maí. Þátttakendur voru samtals 29 manns.

Feðgaflokkur

Í lok sumars var feðgaflokkur í boði fyrir feður og syni. Þátttakendur voru samtals 61.

Sæludagar

Skógarmenn stóðu fyrir Sæludögum, vímulausri hátíð fyrir alla fjölskylduna um verslunarmannahelgina 2014. Um 1.000 manns heimsóttu Vatnaskóg þessa helgi.

Markmiðið með dagskrá hátíðarinnar var að höfða til sem flestra aldurshópa. Ársæll Aðalbergsson, Guðmundur Karl Brynjarsson, Páll Hreinsson og Þóra Björg Sigurðardóttir stýrðu undirbúningi. Matráður helgarinnar var Valborg Rut Geirsdóttir og starfsmannastjórn og skipulag var í umsjón Páls Skaftasonar. Fjöldi starfsmanna og sjálfboðaliða sem kom að hátíðinni hljóp á tugum og ljóst er að þessi stærsti árlegi viðburður Skógarmanna hefur fyrir löngu fest sig í sessi sem valkostur fyrir fjölmarga um verslunarmannahelgina.

Heilsudagar karla

Helgina 13. til 15. september voru Heilsudagar karla í Vatnaskógi. Að venju var lögð áhersla á heilbrigði líkama, sálar og anda. Á föstudagskvöldinu var Ingólfur Ásgeir Jóhannesson með erindi sem nefndist „Drengir og karlmennska“. Á laugardegnum var biblíulestur í umsjá sr. Halldórs Reynissonar sem nefndist „Viltu vera heill?“ og fjallaði um heilsuna af blöðum Biblíunnar. Að loknum biblíulestri var vinnutími í þágu Vatnaskógar. Meðal verkefna má nefna að gólf neðri hæðar Bátaskýlisins var málað, umhverfi Lindarinnar var snyrt, hjólabrettapallurinn var rifinn, borð og bekkir voru smíðuð úr timbri sem var í gólf Bátaskýlisins, aspir voru gróðursettar við stíginn, grenitrám var plantað við íþróttasvæði, eldivíður var höggvinn, staur við hliðið var endurnýjaður og hluti af sal Birkiskála II var teppalagður.



Á sunnudeginum var haldið í messu í Stafholtskirkju í Borgarfirði þar sem sr. Elinborg Sturludóttir þjónaði fyrir altari. Alls tóku 54 karlmenn þátt í Heilsudögum 2014. Ólafur Sverrisson og Páll Skaftason sáu um skipulagningu þeirra.

Gauraflokkur

Gauraflokkur fyrir drengi sem eru greindir með ofvirkni, athyglisbrest og skyldar raskanir var haldinn í sjöunda sinn. Að þessu sinni voru 26 drengir þátttakendur. Starfsmenn voru mun fleiri en í venjulegum flokki og dagskrá flokksins var í samræmi við þarfir drengjanna. Forstöðumenn og forsvarsmenn verkefnisins voru þeir Ásgeir Pétursson og Styrmir Magnússon.

Leikskólar

Í apríl og maí komu leikskólahópar í dagsferðir og nutu dagskrár sem starfsmenn Skógarmanna skipulögðu og stýrðu. Alls komu 667 leikskólabörn vorið 2014. Umsjón með heimsóknnum höfðu Arnar Ragnarsson, Dagrún Barkardóttir, Ingibjörg Tómasdóttir, Ólafur Jón Magnússon og Valborg Rut Geirsdóttir ásamt fleirum.

Kynningarstarf

Sameiginlegt blað sumarbúða KFUM og KFUK var gefið út í tengslum við fyrsta skráningardag sem var þann 19. mars.

Jólatréssala

Fyrir jólin buðu Skógarmenn upp á sölu á jólatrjáum í Vatnaskógi. Starfsmenn álversins í Straumsvík heimsóttu Vatnaskóg að þessu tilefni. Nokkrir einstaklingar komu einnig á staðinn í desember 2014 og keyptu tré.

Fermingarnámskeið, skólabúðir og skálaleiga

Fermingarnámskeið/skólabúðir

Síðastliðinn vetur voru haldin fjölmörg fermingarnámskeið. Námskeiðin voru með eftirfarandi hætti:

- Fimm daga fermingarnámskeið fyrir börn af Norðurlandi í samvinnu við Skagafjarðarprófastsdæmi.
- Fimm daga fermingarnámskeið fyrir börn frá Garði, Grindavík og Sandgerði í samvinnu við Kjalarnessprófastsdæmi.



- Tveggja til þriggja daga fermingarnámskeið í umsjá Skógarmanna í samvinnu við Kjalarness- og Reykjavíkurprófastsdæmi.
- Dagsnámskeið í samvinnu við Reykjavíkurprófastsdæmi.

Í febrúar og mars 2014 komu 92 unglingar á tvö námskeið.

Um haustið (ágúst til nóvember) komu alls 1860 unglingar í Vatnaskóg á 30 námskeið.

Árið 2014 komu því samtals 1952 unglingar á 32 námskeið.

Umsjón með námskeiðunum hafði framkvæmdastjóri Skógarmanna. Forstöðufólk á námskeiðum haustsins voru: Ársæll Aðalbergsson, Jón Grétar Þórsson, Magnús Magnússon, Sigurður Grétar Sigurðsson og Soffía Magnúsdóttir. Erlingur Ingason, Eyþór Helgi Birgisson, Kristín Rut Ragnarsdóttir, Soffía Magnúsdóttir og Þorleifur Einarsson voru fastir starfsmenn á námskeiðunum.

Ingibjörg Eyja Erlingsdóttir, Kristín Rut Ragnarsdóttir, Ragnheiður Guðmundsdóttir og Valborg Rut Geirsdóttir voru eldhússtarfsmenn á námskeiðunum.

Skálaleiga

Hluti af starfi Skógarmanna er móttaka hópa í Vatnaskógi, sérstaklega yfir vetrarmánuðina.

Allmargir hópar komu árið 2014, þar á meðal leiðtogar á leiðtoga-námskeið KFUM og KFUK, hópar frá barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar og börn í vorferð yngri deilda KFUM og KFUK. Þá komu nokkrir skólahópar bæði um vor og haust, þar á meðal Kristileg skólasamtök. Meðal annarra hópa sem komu og nýttu staðinn voru Starfsmannafélag Skeljungs, Landsbjörg (ungmennamót) og hópar úr unglingadeildum KFUM og KFUK (Landsmót).

Afmæli

Þann 15. október 2014 varð Þórir Sigurðsson staðarráðsmaður Skógarmanna sjötugur. Afmælisveislan var haldin í Vatnaskógi og komu á milli 150 og 200 manns og heiðruðu afmælisbarnið. Þórir baðst undan gjöfum en óskaði þess í stað að þeir sem vildu gleðja hann styddu við Skálasjóð Skógarmanna. Fjölmargir lögðu þessu málefni lið og liðlega 1,3 milljónir króna söfnuðust þennan dag.



Fjáröflun – styrkir

Kaffisala og tónleikar

Kaffisala Skógarmanna hefur verið haldin á sumardaginn fyrsta í áratugi. Kaffisalan var haldin á Holtavegi 28 og gekk vel. Fjölmargir komu og studdu við starf Skógarmanna, bæði með því að gefa veitingar á kaffisöluna og einnig með því að greiða fyrir aðgang að kaffihlaðborðinu. Um kvöldið voru haldnir tónleikar til stuðnings nýjum skála Skógarmanna. Allir sem komu að kaffisölnunni og tónleikunum gáfu vinnu sína en um kvöldið komu fram félagar í Karlakór KFUM og söngkonurnar Bylgja Dís Gunnarsdóttir og Erla Björg Káradóttir.

Línuhappdrætti Skógarmanna

Á Sælundögum um verslunarmannahelgina hófst sala á „línun“ í Línuhappdrætti Skógarmanna til stuðnings nýjum skála í Vatnaskógi eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Sölulok og útdráttur vinninga fór fram á Heilsudögum karla en þá höfðu selst rúmlega 300 línur.

Fjáröflun meðal fyrirtækja

Skógarmenn hófu fjáröflun árið 2011 meðal fyrirtækja til stuðnings nýbyggingunni. Tókst að fá þónokkur fyrirtæki til liðs við verkefnið sem fólst í því að styðja við nýbygginguna í þrjú ár. Framlög þeirra, auk nokkurra styrkja og gjafa einstaklinga, lögðu grunninn að því að hægt var að ljúka við 1. áfanga Birkiskála II. Nú er unnið að því að fá fyrirtæki til að vera með áfram og gera nýjan þriggja ára samning með það að leiðarljósi að ljúka við verkið á þeim tíma.

Herrakvöld KFUM

Herrakvöld aðaldeildar KFUM var haldið 30. október. Stjórn Skógarmanna ásamt fleiri góðum mönnum sá um framkvæmdina. Allur ágóði rann til nýbyggingarinnar í Vatnaskógi.

Eftirfylgd

Geislaskurinn Eftirfylgd með lögum Jóhanns Helgasonar við ljóð séra Friðriks Friðrikssonar var gefinn út af Jóhanni sjálfum en Skógarmenn keyptu 500 diska sem voru seldir til fjáröflunar. Nú þegar hafa um 300 eintök verið seld.

Stuðningur/styrkir

- Framkvæmdir í Vatnaskógi voru styrktar af Landsmótssjóði mennta- og menningarmálaráðuneytisins.
- Skeljungur styrkti starfsemi Skógarmanna.
- Bakland Vatnaskógar studdi nýbyggingu Skógarmanna.
- Gjafir einstaklinga.
- Einstaklingar studdu starfið með mánaðarlegum framlögum.

Pakkargjörðarhátíð

Í lok starfsársins 2014, þann 21. nóvember, var starfsfólki ársins boðið í kvöldverð og dagskrá í Vatnaskógi þar sem því var þakkað fyrir vinnuframlag sitt fyrir Skógarmenn.

Lokaorð

Starfið í Vatnaskógi árið 2014 gekk vel og geta starfsmenn, dvalargestir og velunnarar glaðst yfir því. Ljóst er að fara þarf mjög varlega í rekstri Skógarmanna, þar sem Vatnaskógur er viðkvæmur fyrir áföllum í rekstri og fækkun dvalargesta. Kostnaðarhækkningar geta einnig skipt miklu máli. Einnig eru framundan dýrar viðhaldsframkvæmdir við eldri hús staðarins.

Ljóst er að rekstur Vatnaskógar er í járnnum. Stjórn Skógarmanna hefur á síðasta rekstrarári gætt aðhalds í rekstri og hefur markvisst leitast við að öðlast skýrari yfirsýn yfir fjármál Vatnaskógar.

Ekki skal gleyma að framlag sjálfbæðaliða í Vatnaskógi er ómetanlegt og er öllum þeim sem komið hafa að starfi Skógarmanna með einum eða öðrum hætti þakkað kærlega fyrir sitt vinnuframlag. Þrátt fyrir viðkvæman rekstur þá hefur tilgangi starfsins í Vatnaskógi ekki verið haggð, en það er að boða trúnnu á Jesú Krist sem lifandi frelsara. Skógarmenn! Áfram að markinu!

*Salvar Geir Guðgeirsson, ritari stjórnar Skógarmanna
Ársæll Aðalbergsson, framkvæmdastjóri Skógarmanna*



Vindáshlíð

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Vindáshlíðar var haldinn 18. mars 2014 í húsi KFUM og KFUK að Holtavegi 28 í Reykjavík.

Stjórn Vindáshlíðar á starfsárinu skipuðu:

Guðrún Nína Petersen, formaður
 Jessica Leigh Andréddóttir, varaformaður
 Hanna Lára Baldvinsdóttir, upplýsingafulltrúi
 Ásta Björg Þorbjörnsdóttir, gjaldkeri
 Gerður Rós Ásgeirsdóttir, varagjaldkeri
 Guðný Einardóttir, ritari
 Rúna Þráinsdóttir, ritari

Skoðunarmenn reikninga voru:

Anna Kristín Guðmundsdóttir og
 Ragnheiður Arnkelsdóttir

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 15.

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Almenn stjórn sumarbúðastarfsins er mikið verk og allt unnið í sjálfböðavinnu. Meðal verka þar eru rekstur og viðhald húsakynna, ráðningar starfsfólks, skipulag sumarstarfs og almennur stuðningur við það, kaffisala og kvennaflokkur. Á árinu var farið í mikið viðhald sem krafðist undirbúnings, skipulags og vinnu en auk þess voru verkferlar bættir, s.s. innra eftirlit í eldhúsi.

Starfsmenn:

Forstöðukonur

Anna Arnardóttir, Auður Pálsdóttir, Ebba Katrín Finnsdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Hjördis Kristinsdóttir, Jóhanna Kristín Steinsdóttir, Sunna Gunnlaugsdóttir og Þórunn Arnardóttir.

Ráðskonur og ráðsmaður

Arna Auðunsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Elías Ingi Björgvinsson, Fjóla Ólafsdóttir, Halla Marie Smith og Ingibjörg Erlendsdóttir.

Foringjar

Anna Elísa Gunnarsdóttir, Anna Bergljót Böðvarsdóttir, Arna Auðunsdóttir, Ásgerður Alma Ómarsdóttir, Áslaug Dóra Einarsdóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Ástrós Jensdóttir, Berglind Ósk Einarsdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Berglind Ólafsdóttir, Berglind Ósk Einarsdóttir, Bríet Ósk Kristjánsdóttir, Dagrún Linda Barkardóttir, Ebba Katrín Finnsdóttir, Elísa Sif Hermannsdóttir, Erla Mekkin Jónsdóttir, Fjóla Dögg Halldórsdóttir, Gerður Rós Ásgeirsdóttir, Gígja Björg Guðjónsdóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Guðrún Nina Petersen, Gunnhildur Einarsdóttir, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Helga Sif Helgadóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir, Ingibjörg Lórey Zimsen Friðriksdóttir, Ingibjörg Tómasdóttir, Jenna Björk Guðmundsdóttir, Jóhanna María Friðriksdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Karen Jóhannsdóttir, Karítas Hrundar Pálsdóttir, Kristín Gyða Guðmundsdóttir, Kristín Sigrún Magnúsdóttir, Ólöf Birna Sveinsdóttir, Pálína Axelsdóttir, Pálína Agnes Kristinsdóttir, Sara Rós Ívarsdóttir, Salóme Jörunn Bernharðsdóttir, Sólveig Reynisdóttir, Unnur Margrét Ingólfssdóttir og Þórhildur Einardóttir.

Sumarstarf í Vindáshlíð 2014

Flokkar sumarsins 2014 voru:

Fl.	Tímabil	Dagar	Aldur	Fjöldi
1	Flokkur	10.–14. júní	9 til 11 ára	85
2	Ævintýraflokkur	16.–21. júní	11 til 13 ára	85
3	Flokkur	23.–28. júní	10 til 12 ára	85
4	Ævintýraflokkur	30. júní–5. júlí	12 til 14 ára	85
5	Flokkur	7.–12. júlí	10 til 12 ára	85
6	Flokkur	14.–19. júlí	9 til 11 ára	80
7	Óvissuflokkur	21.–26. júlí	13 til 15 ára	69
8	Skapandi stelpur	5.–9. ágúst	10 til 12 ára	51
9	Ævintýraflokkur	11.–16. ágúst	11 til 13 ára	83
10	Kvennaflokkur	29.–31. ágúst	18 til 99 ára	45
11	Mæðgnaflokkur	19.–21. sept.	6 til 99 ára	44
			Samtals:	797

Sumarið 2014 voru þrír ævintýraflokkar, einn óvissuflokkur fyrir unglingssstúlkur og nýr flokkur sem nefndur var Skapandi stelpur. Í þeim flokki var lögð áhersla á sköpun og listir.

Kvennaflokkurinn var helgina 29.–31. ágúst og var yfirskrifinn Heitar stað ég engum ann. Ráðskona var Fjóla Sæbjörg Ólafsdóttir og annað starfsfólk var Pálína Agnes Kristinsdóttir, Guðlaug María Sveinbjörnsdóttir, Ásta Guðrún Guðmundsdóttir, Gígja Björg Guðjónsdóttir og Ingibjörg Tómasdóttir. Sjálfboðaliðar voru Nanna Guðný Sigurðardóttir og Lilja Írena Guðnadóttir.

Á föstudagskvöldi hélt Brynhildur Bjarnadóttir skógræðingur fyrirlestur um skógrækt sem hún kallaði *Já, þær ætla að rækta hlíðina*. Dagskrá laugardagskvölds sá Margrét Eggertsdóttir um. Hún ræddi við Betsy Halldórsson, Sigríði Pétursdóttur og Guðfinnu Guðmundsdóttur, sem rifjuðu upp gamla og góða tíma í Vindáshlíð. Helga Magnúsdóttir söng nokkur lög.

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir var með biblíulestur og messuna.

Mæðgnaflokkur var helgina 19.–21. september. Stjórn og skipulag var á höndum Önnu Arnardóttur. Um eldhúsið sáu systurnar Steinunn og María Jónsdætur. Annað starfsfólk var Ingibjörg Tómasdóttir, Emilía Brynja Hreinsdóttir, Ásgerður Alma Ómarsdóttir og Guðfinna Eiríksdóttir. Boðskapur helgarinnar var að allar stelpur og konur væru prinsessur Guðs, því að Guð er konungur og börn konunga eru jú prinsar og prinsessur. Þátttakendur föndruðu kórónur úr pappa og teknar voru myndir af hverjum og einum með kórónu á höfðinu.

Fyrsti AD KFUK fundur vetrarins var að venju í Vindáshlíð. Að loknum dýrlegum kvöldverði, sem Hlíðarstjórn sá um, flutti Sr. Hulda Hrönn M. Helgadóttir erindið Áhrif og Tómas Torfason framkvæmdastjóri KFUM og KFUK hafði hugleiðingu. Systurnar Íris og Marta Andrédætur fluttu flautudúetta.

Ýmsir viðburðir í starfi Vindáshlíðar

Pakkargjörðarhátíð

Haldin var veisla að lokinni smíði nýja þaksins á íþróttahúsinu og var sjálfboðaliðum og smíðum boðið til pakkargjörðarmáltíðar á Holtavegi. Stjórnarkonur elduðu dýrindis kalkún og gómsætt meðlæti. Mæting var góð og mæltist pakkargjörðin vel fyrir.

Vinnuflokkur KSS

Um vorið, á meðan verkfalli framhaldskólakennara stóð, fór vaskur hópur KSS-inga upp í Vindáshlíð til þess að þrifa og gera fint. Þau gistu eina nótt og munaði mikið um þessa hjálp, sem þau fengu að sjálfsgöðu borgað fyrir.

Sala á jólatrám

Sala á jólatrám var í Vindáshlíð laugardaginn 6. desember frá kl. 11 til 15. Skógarhögg er orðinn árlegur viðburður og var mikil stemning. Boðið var upp á kaffi og heitt súkkulaði í matsal.

Útleiga

Vindáshlíð hefur verið leigð út undanfarin ár að vetrarlagi og hafa ýmsir hópar notfært sér það. Vindáshlíð var þó lokað frá miðjum nóvember og fram í byrjun mars, en kostnaður við að kynda húsinn á þeim árstíma er mjög mikill og enda færð óvenju þung. Bara var opið rétt á meðan jólatrén voru seld.

Árshátíð Hlíðarmeyja

Árshátíð barna var haldin sunnudaginn 9. febrúar. Að venju sáu foringjar síðasta sumars um stundina og líkt og á veislukvöldum var sungið, leikið og haft gaman. Á eftir var svo boðið upp á léttar veitingar. Það var mjög góð mæting á árshátíðina.

Vinnuflokkar

Vinnuflokkar voru í maí. Fremur dræm þátttaka var í þeim en það tókst þó að gera Hlíðina tilbúna undir sumarstarfið.

Kaffisala

Kaffisalan var haldin sunnudaginn 1. júní. Kaffisalan hófst að venju með messu kl. 14 í Hallgrímskirkju í Vindáshlíð og Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir messaði. Boðið var upp á nýbakað bakkelsi og var góð stemning í matsalnum.



Pann 9. september hófust framkvæmdir á þaki íþróttahússins og var skipt um járn, klæðningu og þakpappa. Willy Petersen hafði yfirumsjón með verkinu



Stjórn Vindáshlíðar 2014-2015 fv. Guðný Einarsdóttir, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Rúna Práinsdóttir, Guðrún Nína Petersen, Jessica Leigh Andrésdóttir, Ásta Björg Þorbjörnsdóttir og Gerður Rós Ásgeirsdóttir.

Framkvæmdir

Viðhald

Nokkurt viðhald þurfti á árinu og varð það heldur meira en skipulagt var í upphafi. Allir gluggar gamla hússins og í Fellum voru málaðir, sem og gluggar og hurðir á kirkjunni. Settur var ventill í glugga stígvélageymslu svo að loftaði betur frá frystiskápum í kjallara, borin mól í veginn og hann heflaður, skipt um öll lesljós í barnaherbergjum og nokkra rafmagnssofna. Keypt var ný tölva handa forstöðukonu og nettenginu breytt.

Fótboltamark var sett betur niður. Þá var keypt og sett upp ný aparóla fyrir framan íþróttahúsið. Skipta þurfti um heitavatnskúta í íþróttahúsinu og einnig fyrir eldhúsið. Helsta verkefnið var þó hið nýja þak á íþróttahúsi.

Þakviðgerð á íþróttahúsi

Pann 9. september hófust framkvæmdir á þaki íþróttahússins og var skipt um járn, klæðningu og þakpappa. Willy Petersen hafði yfirumsjón með verkinu, en verkið unnu smiðirnir Guðlaugur Gunnarsson og Björn Þór Baldursson með aðstoð nokkurra starfskrafta. Nokkrir tóku sér tíma til að aðstoða við verkið, en auk Hlíðarstjórnar mættu Albert Bergsteinsson, Ársæll Aðalbergsson, Bjarni Árnason, Björn Arnar Kárasón, Egill Sandholt, Fjola Ólafsdóttir, Guðmundur Hjartarson, Gunnar Örn Jónsson, Hannes Guðrúnarson, Kristján Þór Sverrisson, Ragnheiður Arnkelsdóttir, Vigfús Pálsson og Þórir Kristmundsson. Nokkur fyrirtæki styrktu verkið með efni, flutningi þess, starfskrafti og veitingum: Blikksmiðurinn hf, Byko, Hringrás hf, Hróar ehf, Ísloft Blikk- og Stálsmiðja ehf, Stjörnublikk ehf, Límtré-Vírnnet ehf, Wurth á Íslandi ehf, Ísloft og Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. Þakviðgerðirnar gengu að mestu mjög vel þrátt fyrir blauta tíð og er öllum þeim sem hjálpuðu til færðar okkar bestu þakkir og við biðjum þeim Guðs blessunar.

Fjáröflun – styrkir

Gjafir og styrkir

Nokkrir maraþonhlaupara styrktu Vindáshlíð með áheitum sem söfnuðust í Reykjavíkumaraþoni. Einnig styrktu nokkrir velunnarar Vindáshlíðar starfið með gjöfum í skálasjóð á árinu. Auk þeirra fyrirtækja sem styrktu þakviðgerðirnar þá styrkti Byko einnig starfið með láni á tromlu fyrir jólatrjáasöluna.

Sjálfboðaliðar

Samtals tóku 17 aðstoðarforingjar þátt í almennu sumarþúðastarfi. Aðstoðarforingar dvelja í Vindáshlíð einn flokk og taka þátt í öllu almennu starfi. Aðstoðarforingar sumarið 2014 voru: Aldís Björk Ingadóttir, Anna Karen Pálsdóttir, Bjargey Þóra Þórarinsdóttir, Edda Björk Pétursdóttir, Elín Pálsdóttir, Ester Helga Harðardóttir, Guðrún Helga Darradóttir, Helena Hafsteinsdóttir, Helga Sóley Björnsdóttir, Íris Björg Guðnadóttir, Katrín Edda Möller, Kristín Högnadóttir, María Kristín Árnadóttir, Sandra Rós Sigurðardóttir Wium, Steinunn Anna Másdóttir og Svanhildur Silja Þorsteinsdóttir.

Sjálfboðaliðar að viðhaldi í vinnuflokkum voru Klara Valdís Þórhallsdóttir, Magnús Haraldsson, Ragnheiður Arnkelsdóttir, Sigurður Pálsson, Vigfús Pálsson og Willy Petersen.

Einn af sumarflokkunum, 3. flokkur, var sjálfboðaliðaflokkur. Bára Sigurjónsdóttir sá um mönnun hans en í honum störfuðu: Anna Elísa Gunnarsdóttir, Anna Bergljót Böðvarsdóttir, Arna Auðunsdóttir, Auður Pálsdóttir, Bára Sigurjónsdóttir, Berglind Ósk Einarsdóttir, Ebba Katrín Finnsdóttir, Fjola Dögg Halldórsdóttir, Gerður Rós Ásgeirsdóttir, Guðrún Nína Petersen, Hanna Lára Baldvinsdóttir, Helga Sif Helgadóttir, Hulda Guðlaugsdóttir, Jóhanna María Friðriksdóttir, Karen Jóhannsdóttir, Sólveig Reynisdóttir og Unnur Margrét Ingólfssdóttir.

Öllum sjálfboðaliðum ársins er þakkað innilega fyrir þeirra störf í þágu sumarstarfsins.



Ölver

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Ölvers var haldinn 25. mars 2014

Stjórn Ölvers á starfsárinu skipuðu:

Þóra Björg Sigurðardóttir, formaður
Þóra Jenny Benónýsdóttir, ritari
Guðni Már Harðarson, gjaldkeri
Kristján Sigurðsson, meðstjórnandi
Erla Björg Káradóttir, skipuð af stjórn KFUM og KFUK
Hafsteinn Kjartansson, varamaður
Puríður Þórðardóttir, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Einar Helgi Ragnarsson
Þorsteinn Arnórsson (fyrir hönd stjórnar KFUM og KFUK)

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 8

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Hlutverk stjórnarinnar var að halda utan um sumarbúðarreksturinn, skipuleggja sumarstarfið, ráða starfsfólk og sinna viðhaldi á staðnum.

Stjórnin hélt einnig átta stjórnarfundi á starfsárinu auk þess að taka þátt í samráðsþingi KFUM og KFUK á Íslandi. Þá bauð stjórnin starfsfólki sumarsins í þakkarkvöldmat til að þakka þeim fyrir vinnu sína og til að eiga saman góða stund.

Starfsmenn:

Forstöðukonur: Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Guðni Már Harðarson, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, Kristný Rós Gústafsdóttir, Mjöll Þórarinsdóttir, Petra Eiríksdóttir, Sólveig Reynisdóttir, Þóra Björg Sigurðardóttir.

Ráðskonur: Ása Björk Ólafsdóttir, Ásthildur Guðmundsdóttir, Erla Björg Káradóttir, Hulda Björg Jónasdóttir, Ingibjörg Lilja Kristjánsdóttir, Irena Rut Jónsdóttir, Kjartan Ólafsson Víðó, Kristján S. Sigurðsson, Þóra Björg Sigurðardóttir.

Foringjar: Agnes Þorkelsdóttir, Aníta Eir Einarsdóttir, Axel Gústafsson, Ásthildur Guðmundsdóttir, Ástrós Jensdóttir, Benjamín Pálsson, Dáría Rudkova, Drífa Kristín Sigurðardóttir, Elísa Líf Ingvarsdóttir, Fanney Rún Ágústsdóttir, Gísli Geir Harðarson, Hafdís María Matsdóttir, Hilmar Einarsson, Ingibjörg Lilja Kristjánsdóttir, Jóna Þórdís Eggertsdóttir, Karítas Hrunnar Pálsdóttir, Kristbjörg Heiðrún Harðardóttir, Rebekka Ingibjartsdóttir, Sólveig Lára Kristjánsdóttir, Sveinn Kristinn Örnólfsson, Telma Ýr Birgisdóttir og Unnur Rún Sveinsdóttir,

Sumarstarf Ölver 2014

Flokkar sumarsins 2014 voru:

Fl.	Tímabil	Dagar	Aldur	Fjöldi
	M og M*	2.–4. maí	5 til 99 ára	19
1	Leikjaflokkur	10.–15. júní	8 til 11 ára	44
2	Listaflokkur	16.–20. júní	9 til 12 ára	48
3	Ævintýraflokkur	23.–29. júní	10 til 12 ára	45
4	Leikjaflokkur	30. júní–4. júlí	8 til 11 ára	46
5	Ævintýraflokkur	7.–13. júlí	10 til 12 ára	47
6	Unglingaflokkur	14.–18. júlí	13 til 15 ára	42
7	Ævintýraflokkur	21.–27. júlí	10 til 12 ára	36
8	Krúfaflokkur	28.–31. júlí	6 til 9 ára	30
9	Óvissuflokkur	5.–10. ágúst	9 til 11 ára	22
10	Þjakkaflokkur	15.–17. ágúst	6 til 9 ára strákar	13
			Samtals:	392

* Mæðgna- og mæðginaflokkur

Ýmsir viðburðir í starfi Ölvers:

Vinnuflokkar

Nokkrir vinnuflokkar voru haldnir í Ölveri þetta starfsárið en flestir þeirra voru síðastliðið vor. Frábærir sjálfbóðaliðar mættu á staðinn og tóku þátt í viðgerðum á staðnum og undirbúningi fyrir sumarstarfið

Kaffisala

Kaffisala Ölvers var haldin 24. ágúst 2014 í Ölveri. Þátttakan í ár fór fram úr björtustu vonum. Yfirumsjón með kaffisölunni í ár höfðu þær Erla Björg Káradóttir, Irena Rut Jónsdóttir og Karitas Eva Jónsdóttir en þær fengu úrvalsfólk til liðs við sig.

Fjáröflun

Velunnarar Ölvers hafa safnast saman og tekið þátt í virkri fjáröflun fyrir sumarbúðirnar. Meðal þess sem hefur verið á dagskrá þetta starfsárið er smákökubakstur uppi í Ölveri fyrir jóln auk þess sem nokkrir hlaupagarpar hlupu fyrir hönd Ölvers í Reykjavíkumaraþoninu þetta árið. Einnig höfum við verið með sölu á ýmsum varningi í gegnum heimasíðuna netsofnun.is. Stjórn Ölvers langar til að koma á framfæri þakklæti fyrir alla þá vinnu sem sjálfbóðaliðar þessir hafa lagt á sig.

Þakkarkvöldverður

Stjórn Ölvers hélt þakkarkvöldverð þann 13. september í Ölveri. Þetta var virkilega notaleg stund og gott að geta þakkað starfsfólkinu fyrir með góðum mat og samfélagi.

Útgáfa

Stjórn Ölvers lét gera bleika Ölversboli fyrir síðasta sumar ásamt því að láta útbúa flíspeysur fyrir starfsfólkið. Peysurnar voru frá Cintamani og merktar með nafni starfsmannanna, merki KFUM og KFUK á Íslandi og nafni sumarbúðanna.



Heiti potturinn í Ölver er alltaf vinsæll.



Framkvæmdir

Viðhald

Almennu viðhaldi var sinnt, laga þurfti Abbadís, bátinn okkar, ásamt því að það þurfti að laga hengirúmið. Við fengum ljósleiðara á svæðið í sumar. Við skiptum um vatnsdælu snemma í vetur vegna frostskenmda í lögnum.

Byggingarnefnd

Stjórn Ölvers skipaði byggingarnefnd vegna íþróttahússins sem mun rísa þegar fram líða stundir. Í nefndinni sitja Kári Geirlaugsson framkvæmdarstjóri GA, Runólfur Ástþórsson byggingaverkfræðingur og Lára Gunnarsdóttir arkitekt.

Sjálfbóðaliðar

Fjölmarginir sjálfbóðaliðar tóku þátt í starfi sumarbúðanna þetta starfsár, aðallega við þrif og viðhald á staðnum. Að auki störfuðu matvinnungar sem sjálfbóðaliðar í flokkum sumarsins. Hlutverk þeirra var að aðstoða foringjana en um leið er þetta aðferð til að þjálfar upp framtíðarstarfsmenn. Sjálfbóðaliðar tóku einnig þátt í fjáröflun fyrir sumarbúðirnar eins og fram hefur komið. Stjórn Ölvers langar að þakka þessum frábæru sjálfbóðaliðum fyrir þeirra störf.



Hólavatn

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Hólavatns var haldinn 26. mars 2014

Stjórn Hólavatns á starfsárinu skipuðu:

Hreinn Andrés Hreinsson, formaður
 Arnar Yngvason, gjaldkeri
 Jóhann Þorsteinsson, ritari
 Anna Elísa Hreiðarsdóttir, meðstjórnandi
 Þórður Danielsson, meðstjórnandi
 Jóhanna Sigurjónsdóttir, varamaður
 Pétur Ragnhildarson, varamaður

Skoðunarmenn reikninga voru:

Davíð Ingi Guðmundsson
 Hanna Þórey Guðmundsdóttir

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 6 og fóru þeir flestir fram á heimili formanns.

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

Verkefni stjórnar snéru mest að undirbúningi og skipulagi sumarstarfsins. Í lok sumars stóð stjórnin fyrir starfsmannakönnun og voru ýmis mál tekin til athugunar og var gagnlegt að fá tækifæri til að heyra skoðanir starfsfólksins á ýmsu er snertir starfið, bæði það sem vel er gert og jafnframt það sem hægt er að lagfæra og betrubæta.

Starfsmenn:

Forstaða: Arnar Ragnarsson, Ástríður Jónsdóttir, Birgir Urbanic
 Ásgeirsson, Haukur Árni Hjartarson, Jóhann Þorsteinsson, Ragnhildur Ásgeirsdóttir, Salvar Geir Guðgeirsson og Þóra Jenny Benónýsdóttir.
 Ráðskonur: Arndís Jóna Vigfúsdóttir, Anna Elísa Hreiðarsdóttir og Jóhanna Sigurjónsdóttir.

Foringjar: Hreinn Pálsson, Pétur Ragnhildarson, Íris Andrésdóttir, Jóhanna Elísa Skúladóttir, Pálína Agnes Baldursdóttir, Arnar Yngvason, Hreinn Andrés Hreinsson, Jóhann Þorsteinsson og Lárus Óskar Sigmundsson.
 Aðstoðarforingjar: Telma Guðmundsdóttir, Sara Rut Jóhannsdóttir, Andrea Ösp Karelsdóttir, Valdís Sigurðardóttir, Ríkhartður Ólafsson, Benjamín Gísli Einarsson og Marta Andrésdóttir.
 Sérfræðingar í Riddaraflökki: Guðbjörg Ingimundardóttir og Deborah Robinson.

Sumarstarf á Hólavatni 2014

Flokkar sumarsins 2014 voru:

Fl.	Tímabil	Dagar	Aldur	Fjöldi
1	Riddarafl.	6.–9. júní	10 til 13 ára	9
2	Frumkvöðlafl.	12.–14. júní	7 til 9 ára	26
3	Flokkur KVK	16.–20. júní	8 til 11 ára	34
4	Meistarafli.	23.–27. júní	13 til 16 ára	24
5	Flokkur KK	30. júní–4. júlí	8 til 11 ára	34
6	Flokkur KVK	7.–11. júlí	8 til 11 ára	33
7	Ævintýrafl. KK	14.–18. júlí	11 til 14 ára	26
8	Ævintýrafl. KVK	21.–25. júlí	11 til 14 ára	34
9	Listafli. KVK	28. júlí–1. ágúst	9 til 12 ára	32
			Samtals:	252

Yfirlit starfs

Boðið var upp á níu dvalarflokka og var lítil breyting á flokkaskrá á milli ára en þó var unglingaflokkurinn lengdur úr helgarflokki upp í 5 daga flokk og fékk sá flokkur nafnið Meistaraflokkur. Þá var öðru sinni boðið upp á sérstakan ADHD flokk fyrir drengi og var hann jafnframt lengdur frá fyrra ári og var frá föstudegi til mánudags. Aðsókn var góð og niunda árið í röð jókst heildarfjöldi barna og var aukningin um 18%. Alls dvöldu 252 börn á Hólavatni sumarið 2014.

Kaffisala

Sunnudaginn 17. ágúst fór fram árleg kaffisala Hólavats og var hún ágætlega sótt að venju. Stjórn Hólavats hefur undanfarin ár mætt á laugardegi fyrir kaffisölu og tekið höndum saman við undirbúning og grillað saman á laugardagskvöldinu og hefur það verið ánægjulegt samfélag fyrir stjórnarfólk.

Aðrir liðir í starfi Hólavats

Fermingarnámskeið

Í ágúst var boðið upp á fjögur fermingarnámskeið, en þrír hópar komu frá Glerárkirkju og einn sameiginlegur hópur frá sóknum í Eyjafjarðarsveit og frá Möðruvallasókn í Hörgárdal. Starfsmenn á námskeiðunum voru Jóhann Þorsteinsson, Hreinn Pálsson og Pétur Ragnhildarson. Auk þeirra voru unglingar úr æskulýðsstarfi Glerárkirkju og KFUM og KFUK sem hjálpuðu til með hópna úr Glerárkirkju og þá var nýráðinn djákni kirkjunnar, Sunna Krístrún Gunnlaugsdóttir, einnig með. Þessi viðbót við starfið er mjög ánægjuleg og vonir standa til þess að fjölga megi hópum lítilla á milli ára.

Útleiga

Á haustmánuðum var að venju nokkuð um útleigu en Verkmennaskólinn á Akureyri fór í tvær dagsferðir með stóra hópna nýnema og nýtti sér aðstöðuna í byrjun september, fór á báta, grillaði og leysti ýmis verkefni sem kennarar skólans hafa útbúið.

Skálaferðir nýnema við Menntaskólann á Akureyri voru á sínum stað en foreldrafélagið við Menntaskólann sér um skipulag og framkvæmd og dvöldu níu hópar í sólarhring á Hólavatni í október og nóvember og er það ánægjulegt að nýta megi staðinn með þessum hætti.



Aðsókn á Hólavatn hefur aukist ár frá ári. Alls dvöldu 252 börn á Hólavatni sumarið 2014.

Í janúar var leiðtogahelgi KFUM og KFUK á Íslandi haldin í fyrsta sinn á Hólavatni og dvaldi 35 manna hópur á staðnum og var almenn ánægja með aðstöðu og umhverfi og skemmtilegt fyrir leiðtoga að sunnan að koma loks til að sjá Hólavatn og kynnst staðnum.

Í nóvember og febrúar fóru tveir hópar á vegum félagsmiðstöðva Akureyrarbæjar í sólarhringsferðir og var ekki annað að heyra en að þau hefðu virkilega notið þess að dvelja á staðnum.

Framkvæmdir

Framkvæmdir voru frekar hóflegar en þó var skipt um stoðir undir pallinum að framan og þurfti að steypa nýjar undirstöður. Þá var klárað að klæða af rýmið undir pallinum og er þar nú komin rúmgóð og læst geymsla þar sem meðal annars er hægt að geyma hjólabíla þegar þeir eiga ekki að vera í notkun eða þegar enginn er á staðnum.

Gjafir og styrkir

Nokkuð hefur dregið úr styrkjum á milli ára og verður að líta svo á að þegar hægist á framkvæmdum, þá dregst saman það styrkfé sem sótt er í. Samkvæmt samkomulagi við foreldrasamtök ADHD barna á Norðurlandi var greiddur styrkur vegna Riddaraflöks að upphæð 300 þúsund. Styrkur frá Akureyrarbæ vegna sumarþúðanna nam rúmlega eitt hundrað þúsund krónum og Eyjafjarðarsveit endurgreiddi stærstan hluta fasteignagjalda. Styrkur fékkst frá Útgerðarfélaginu Samherja að upphæð 500.000 krónur.

Lokaorð

Enn eitt starfsárið er nú að baki og efst í huga okkar er þakklæti til Guðs fyrir handleiðslu hans og vernd. Við finnum svo glögg hve mikil ábyrgð fylgir því að reka sumarþúðir og við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að tryggja velliðan og öryggi þeirra barna sem til okkar koma. Í þeirri viðleitni okkar er ómetanlegt að fá til liðs við okkur hæft starfsfólk og í sameiningu viljum við áfram byggja upp öruggt og gott starf fyrir börn og unglinga. Á komandi starfsári fögnum við 50 ára afmæli Hólavats og það er margt sem við höfum að þakka fyrir. Bæn okkar er sú að Guð megi áfram leiða starf sumarþúðanna við Hólavatn og gefa að þar megi börn fá að njóta þess besta um ókomna tíð.

Akureyri í mars 2015,

Jóhann Þorsteinsson, ritari stjórnar Hólavats.



Kaldársel

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Kaldársels var haldinn 10. mars 2014

Stjórn Kaldársels á starfsárinu skipuðu:

Geirlaugur Ingi Sigurbjörnsson, formaður
 Ástríður Jónsdóttir, ritari
 Benedikt Snær Magnússon, gjaldkeri
 Anna Arnardóttir, meðstjórnandi
 Hafsteinn Gunnarsson, meðstjórnandi og varagjaldkeri
 Berglind Ólafsdóttir, varamaður
 Sigurður Jón Sveinsson, varamaður

Hafsteinn Gunnarsson sagði sig úr stjórn á haustdögum og tók Berglind Ólafsdóttir hans stað í aðalstjórn.

Skoðunarmenn reikninga voru:

Elín Elíasdóttir
 Guðmundur Jóhannsson

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 11

Helstu verkefni stjórnar á árinu voru eftirfarandi:

- Framkvæmd sumarstarfs 2014 þ.m.t. ráðning starfsfólks
- Lækkun rekstrarkostnaðar
- Vetrarleiga
- Viðhald húss og lóðar
- Samskipti og samráð við Hafnarfjarðarbæ
- Kynningarstarf
- Afmælishátið – Kaldársel 90 ára
- Undirbúningur sumarstarfs 2015

Framkvæmdir

- Allir gólfdukar hússins bónaðir, yfirferð og útskipting á neyðarljósum yfir í LED-ljós,
- Bjarni Árnason málaði og lakkaði utanhúss.
- Bætt við rafmagnstengli í matsal fyrir mjólkurvélar.
- Skipt út sápu- og pappírsskómmturum.
- Stíflulosun í þvottahúsi.
- Skipt um brotinn dyrakarm og lagað bilað klósett.

Starfsemi starfsstöðvar

Sumarstarf:

Í Kaldárseli er starfsrækt hefðbundið sumarstarf í 6 vikur á sumri. Sumarið 2014 voru tveir stelpuflokkar, einn strákaflokkur, tvö leikjanámskeið og Stelpur í stuði sem er flokkur fyrir stelpur með ADHD og skyldar raskanir.

Starfsfólk sumarsins:

Anna Arnardóttir
Arnór Heiðarsson
Áslaug Dóra Einarsdóttir
Ástríður Jónsdóttir
Benjamín Pálsson
Berglind Ólafsdóttir
Hjalti Hrafn Sigurðsson
Jóna Þórdís Eggertsdóttir
Ólöf Birna Sveinsdóttir
Sandra Dögg Svansdóttir
Sigurður Jón Sveinsson
Soffía Magnúsdóttir
Stefanía Steinsdóttir
Tinna Puriður Sigurðsdóttir

Starfsmenn á vegum BUGL undir stjórn Öldu Albertsdóttur.



Sumarstarf

Flokkar sumarsins 2014 voru:

Fl.	Tímabil	Dagar	Aldur	Fjöldi
1	Drengjaflokkur	16.–20.júní	8 til 11 ára	17
2	Stelpur í stuði	23.–27.júní	10 til 12 ára	18
3	Stúlknaflokkur	30. júní–4. júlí	8 til 11 ára	34
4	Leikjanámskeið	7.–11. júlí	6 til 9 ára	26
5	Leikjanámskeið	14.–18. júlí	6 til 9 ára	15
6	Ævintýraflokkur	21.–25.júlí	9 til 11 ára	13
			Samtals:	123



Gengið á Helgafell.

Ýmsir viðburðir í starfi Kaldársels

Vinnuflokkur 14.–15. júní 2014

Árlegur vinnuflokkur var haldinn til að undirbúa staðinn fyrir sumarstarfið. Fámennt en góðmennt var í floknum og var húsið þrifið, leiktæki og aðföng endurnýjuð. Stjórn Kaldársels þakkar öllum þeim sem komu að undirbúningi sumarstarfsins kærlega fyrir.

Vorhátíð 27. apríl 2014

Yfir 100 gestir komu á vorhátíð Kaldársels sem haldin var í glímrandi góðu veðri. Boðið var upp á léttar veitingar, andlitsmálningu, leiki og hellaferð og var dagurinn hinn ánægjulegasti.

Starfsmannahátíð 20. febrúar 2015

Starfsmönnum sumarstarfsins 2014 var boðið í mat í Kaldárseli og áttu ánægjulega kvöldstund saman við spjall og leik.

Gjafir og styrkir

Kaldársel fékk styrk frá velferðarráðuneyti og Lýðheilsustöð til þess að halda flokkinn Stelpur í stuði.

Sjálfböðaliðar

Kaldársel er svo lánsamt að eiga góða að og voru sjálfböðaliðastörfin af ýmsum toga, bæði við þríf og undirbúning hússins en einnig í sumarstarfinu þar sem nokkrir góðir gestir voru fengnir til að taka þátt í ýmsum upptökum fyrir krakkana. Þar á meðal voru ræningjar, Kaldárselströllið og jólasveinn.



Vinagarður leikskóli KFUM og KFUK

Skýrsla fyrir starfsárið 2014–2015

Stjórn og stjórnarstarf

Aðalfundur Vinagarðs var haldinn 17. mars 2014

Stjórn Vinagarðs á starfsárinu skipuðu:

Magnús Fjalar Guðmundsson, formaður
 Anna Kristín Guðmundsdóttir, gjaldkeri
 Edda Björk Skúladóttir, ritari
 Guðmundur Ingi Leifsson, fulltrúi stjórnar KFUM og KFUK
 Einar Helgi Ragnarsson, fulltrúi foreldra

Varamenn Nína Björk Þórsdóttir og Fjölur Guðmundsson

Skoðunarmenn reikninga voru:

María Aðalsteinsdóttir
 Páll Skaptason
 Hilmar Jónsson, varamaður

Fjöldi stjórnarfunda á árinu var 6.

Rekstrarárið 2014 var fyrsta heila árið þar sem leikskólinn er í fullum rekstri með 90 dvalarpláss en nýjasta deild skólans Lambagarður var tekin í notkun um mitt ár 2013. Deildirnar eru nú fimm talsins, Ungagarður og Lambagarður eru fyrir yngstu börn skólans (2 ára), Grísagarður og Kópagarður fyrir miðstigið (3–4 ára) og Uglugarður fyrir

elstu börn skólans (5 ára). Árið 2014 fór að mestu leyti í að finnpússa starfið og koma reglu á starfsemina eftir stækkun undanfarin ár. Helstu verk stjórnar Vinagarðs á árinu voru framkvæmdir á lóð leikskólans og umhverfi hans, en einnig var öðru sem snýr að rekstri skólans sinnt.

Starfsmenn leikskólans

Við leikskólann eru tæp 18 stöðugildi, en starfsmenn leikskólans á árinu voru María Sighvatsdóttir leikskólastjóri, María Jónsdóttir aðstoðarleikskólastjóri og Sigrún Lilja Hjartardóttir matráður. Deildarstjórar voru Alma Auðunardóttir, Hulda Björg Jónasdóttir, Kristbjörg Harðardóttir, Ólöf Jóna Jónsdóttir og Ragnhildur Gunnarsdóttir. Aðrir háskólamenntaðir starfsmenn eru Hafdís María Matsdóttir nemi á menntavísindasviði HÍ, Anna Jóhanna Hilmarsdóttir BA í þjóðfræði, María Sigurðardóttir BA umhverfis og auðlindafræðingur og nemi í kennslufræði við HA, Dovile Vaiciulis BA ensku og Eva Dögg Sveinsdóttir BA ensku og framhaldsskólakennari. Leiðbeinendur voru Arna Ingólfsdóttir, Aðalheiður Sighvatsdóttir, Hreinn Pálsson, Inga Hanna Ragnarsdóttir, Sigríður Unnur Lúðviksdóttir, Sigrún Ásta Kristinsdóttir, Þóra Kristjánsdóttir og Þorbjörg Tómasdóttir. Angelica Lawino aðstoð í eldhúsi.

Leikskólastarfið

Á Vinagarði er vináttan í víðum skilningi rauði þráðurinn í starfinu og eitt af sérkennum skólans og markmið starfsins er að efla kristið siðgæði, virðingu og sjálfstæði, frumkvæði og sköpunargleði. Lögð er rík áhersla



Börn af Vinagarði kíkja á sólmyrkvann 20. mars 2015

á að í leikskólanum sé notalegt andrúmsloft og að þar ríki gleði og væntumþykja. Markmið starfsins er að kenna börnunum að við erum hluti af sköpunarverki Guðs og að börnin læri að bera umhyggju fyrir náttúrunni og öllu því sem Guð hefur skapað. Einnig er lögð áhersla á að börnin beri umhyggju fyrir öðrum og þau læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með góða og sterka sjálfsmynd.

Á hverri önn er unnið með ákveðin áhersluatriði sem hafa áhrif á allt starf leikskólans, s.s. hópastarf, hreyfingu, málörvun og myndsköpun. Síðastliðið haust unnu yngstu börnin með litina og eftir áramót hafa þau unnið með líkamann. Eldri börnin unnu með loftið fyrir áramót en söguna „Lítil saga um latan unga“ eftir Guðrúnu Helgadóttur eftir áramót. Kristínfræðsla skipar alltaf stóran þátt í starfinu þar sem daglega er lesið úr Barnabíblíunni og börnum kenndar bænir, minnisvers og söngvar. Börnin á Vinagarði tóku þátt í verkefninu Jól í skókassa og skiluðu börnin 90 kóssum að þessu sinni. Í vetur hefur djákinn í Áskirkju komið reglulega í heimsókn á Vinagarð og haft stund með börnunum. Þetta samstarf við sóknarkirkjuna hefur verið skemmtileg viðbót í starf leikskólans. Um jól og páska fara börnin á leikskólanum í heimsókn til sr. Sigurðar í Áskirkju þar sem einstaklega vel hefur verið tekið á móti hópnum. Elstu börnin á leikskólanum fara mánaðarlega í Friðuhús sem er dagvistarstofnun fyrir minnisjúka. Þar syngja börnin fyrir fólkið og Dadda segir öllum stutta sögu. Í lokin er svo boðið upp á hressingu og spjall. Næstelsti árgangurinn fóru svo á sambærilegar stundir í félagsstarf Hrafnistu. Þessar stundir hafa gefið öllum þátttakendum mikið og verið mjög þroskandi fyrir börnin svo ekki sé nú talað um ánægjuna þegar þau njóta strætóferða í leiðinni.

Hinrik Valsson danskennari sá um danskennslu fyrir börnin eins og undanfarin ár sem endar á danssýningu þar sem foreldrum og forráðamönnum er boðið. Brendt Ogradnik kom í heimsókn í nóvember og sýndi ævintýrið um Einar Áskel og í febrúar komu Aðalsteinn Ásberg og Þorgerður Ása og fluttu tónlistardagskrána „Berrösuð á tánum“. Eins og undanfarin ár var elstu börnun leikskólans boðið á sundnámskeið síðastliðið vor. Þá ganga börnin úr leikskólanum í Laugardalslaugina og synda þar við leiðsögn sundþjálfara. Oft er sundferðunum fléttað saman við veffangsferðir um Laugardalinn.

Samstarf er á milli elsta árgangs leikskólans og Langholtsskóla. Á degi íslenskrar tungu var börnunum boðið á samverustund í Langholtsskóla og í desember var þeim boðið á leiksýningu hjá nemendum Langholtsskóla. Elstu nemendunum á Vinagarði hefur einnig verið boðið einn dag í Suðurhlíðaskóla og endurgjalda nemendur þar heimsóknina með því að



Vinagarður er staðsettur á lóð félagsins við Holtaveg í Reykjavík.

koma í heimsókn á Vinagarð einn dag. Elstu börnin fara nokkrum sinnum yfir veturinn á Sólheimabókasafn á kynningu og sögulestur og hefur það tekist mjög vel. Elstu börnin fóru í útskriftarferð í maí, þar sem haldið var á Suðurnesin þar sem Skessuhellir í Keflavík og Hvalneskirkja voru skoðuð. Ferðin endaði í sumarbústað þar sem var leikið, grillaðar pylsur og farið í fjöruferð. Elstu börnin enda skólaárið á hátíðlegri útskriftarathöfn þar sem foreldrum er boðið að vera með.

Í vetur hefur verið unnið að gerð nýrrar námskrár leikskólans ásamt læsisstefnu sem verður innleidd næsta vetur. Unnið er út frá gildum leikskólans „trú, von og kærleikur“ sem mun endurspeglast í námskránni. Allir kennara á Vinagarði fóru á TRAS-réttindanámskeið í vetur. TRAS er skráningartæki til þess að fylgjast með og fá yfirsýn yfir málþroska barns og hvernig hann þróast. Þetta skráningartæki verður notað til að meta stöðuna á faglegu starfi á Vinagarði.

Foreldrasamstarf

Vinagarður býr að því að eiga ótrúlega öflugt og afkasta mikið foreldrafélag. Foreldrafélagið bauð börnum og foreldrum upp á ferð í Vatnaskóg í haust, þar sem fjölskyldur gátu notið dagsins saman við leik, söng og útveru. Starfsfólki og foreldrum var boðið til jólasamveru í nóvember þar sem í boði var jólaglögg og smákukur. Stjórn foreldrafélagsins undirbjó og hélt jólaball og þar var starfsfólki færðar jólagjafir. Rúmlega 200 manns mættu og skemmtu sér hið besta. Á jólaballinu var einnig sælkerabasar þar sem börnin koma til með að njóta söluandvirkisins. Foreldrafélagið bauð til grillveislu í samvinnu við opið hús á leikskólanum í maí. Þátttaka á þessum degi var mjög góð eins og endranær.

Framkvæmdir

Aðbúnaður á leikskólalóðinni hefur ekki verið fullnægjandi að mati Vinnueftirlitsins þar sem undirlag leiktækja hefur ekki verið eins og best verður á kosið og aðgengi á milli húsa þótti ekki fullnægjandi. Til að bregðast við þessum athugasemdum Vinnueftirlitsins var ákveðið að fara út í viðamiklar framkvæmdir á lóð skólans og nánasta umhverfi á árinu. Framkvæmdirnar snéru að því að laga undirlag leiktækja á hluta af leikskólalóðinni til að koma í veg fyrir hugsanleg meiðsli vegna falls úr leiktækjum þar sem grófri mól var skipt úti fyrir gúmmímottur og gras ásamt því sem hluti lóðarinnar var hellulagður. Daglega er matur fluttur frá leikskólalóðinni að kjallara Þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK þar sem tvær deildir skólans eru nú til húsa. Stígurinn á milli húsa var ekki

þægilegur yfirferðar, malarstígur sem varð drullusvað á vorin og stundum glerháll á veturna var oft hættulegur yfirferðar fyrir börn, starfsfólk og foreldra. Ákveðið var að helluleggja stíginn og plan norðan við leikskóla og hiti settur í gangstíga. Malarstígur fyrir framan leikskólann var hellulagður og hitalögnum bætt þar við. Einnig var komið á tengingum á milli húsa fyrir samskiptakerfi, þ.e. síma, tölvur og öryggiskerfi. Að lokum var ákveðið að bæta aðgengi frá Þjónustumiðstöð KFUM og KFUK við neðra bílaplan með hellulögðum gangstíg. Töluvert jarðrask fylgdi þessum framkvæmdum en jarðveggskipta þurfti fleiri hundruð rúmmetrum af efni. Framkvæmdum var að mestu lokið á haustdögum en frágangi sem snýr að gróðursetningu og öðru smálegu var frestað til vorsins 2015. Við jarðveggskiptin vegna framkvæmdanna á árinu gafst tækifæri til að útbúa bananalaga hól sem var nýttur sem sleðabrekka í vetur. Pennan hól á að tyrfa í vor en jafnframt verður unnið að fegrun umhverfisins á svæðinu.

Önnur mál

Á árinu voru keyptar fyrstu spjaldtölvurnar til notkunar á deildum skólans. Munu þær mæta aukinni þörf á kennsluáðferðum fyrir börn með sérþarfir auk þess að nýtast í almennu starfi með börnunum. Drög hafa verið lögð að kaupum á fleiri slíkum tölum á árinu 2015.

Stjórn leikskólans hefur sótt um til Reykjavíkurborgar að fjölga dvalarplássum við skólann, bæði með fjölgun dvalarpláss samkvæmt rekstrarleyfi og eins samningi um framlag til sjálfstætt starfandi skóla. Markmiðið með því að fjölga dvalarplássum er að geta stundað svokallað yfirflot yfir sumarmánuðina, þ.e. að byrja strax að vori að taka inn ný börn áður en þau sem eldri eru kveða skólann. Á sumrin hefur nýting skólans ekki verið eins og best verður á kosið þar sem elstu börnin eru að hætta og yngstu börnin hefja aðlögun og þá myndast oft tímabil þar sem dvalarpláss eru illa nýtt. Með yfirfloti á að reyna að styrkja rekstur skólans og nýta aðstöðu og starfsfólk betur en nú er með því að tryggja að öll dvalarpláss við skólann séu því sem næst fullnýtt.

Samningaviðræður við KFUM og KFUK um skrifstofukostnað stóðu yfir stóran hluta ársins 2014. Skrifstofukostnaður er kostnaður vegna þjónustu sem leikskólinn kaupir af KFUM og KFUK, m.a. bókhaldsþjónustu, innheimtuþjónustu, launaútreikning ásamt leigu á samkomusal og fleira. Kostnaður skólans vegna þessara þjónustuviðskipta hækkar töluvert frá því sem áður var, enda hefur skólinn vaxið og dafnað á undanförunum árum.

Hljóðvist í kjallara Þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK hefur verið til skoðunar. Leikskólinn notar húsnæðið undir tvær deildir og þykir hljóðvist verulega ábótavant. Verkfræðistofan Efla hefur þegar mælt hljóðvist í húsnæðinu og nú er niðurstaða þeirra mælinga beðið. Til stendur að bæta hljóðvist í þessum hluta húsnæðis leikskólans ef niðurstöður mælingar gefa tilefni til.

Stjórn leikskólans reynir eftir fremsta megi að tryggja að rekstur leikskólans skili jákvæðri afkomu. Einn liður í þeirri vegferð var að kanna hvort hægt væri með einhverju móti að fjölga börnum á minnstu deild skólans Lambagarði sem hýst er í fyrrum húsvarðaríbúð í kjallara Þjónustumiðstöðvar KFUM og KFUK. Stjórn leikskólans hefur horft til þess að stækka þann hluta húsnæðisins með einhverju móti. Jón Þór Þorvaldsson, arkitekt hússins, var fenginn til að skoða hvaða möguleikar væru fyrir hendi. Honum þótti stækkun núverandi húsnæðis ekki ákjósanlega en benti hins vegar á möguleika á stækkun kjallarans til vesturs. Stjórn skólans er þessi misserin að skoða þennan möguleika



með tilliti til áhrifa á rekstrarafkomu skólans og verða þessar hugmyndir kynntar ef stjórnin metur það hagkvæmt að ráðast í slíkar framkvæmdir. Keyptar voru innréttingar í þvottahús sem settar voru upp.

Síðastliðið haust var hluti af frístundaheimili Langholts- og Lauganesskóla fært í Laugardalinn, nánar tiltekið í fyrrum hverfisbækistöð borgarinnar. Við þessa breytingu eykst umferð foreldra sem sækja börn sín í vistun seinnipart dags mikið á bílastæði leikskólans, en Reykjavíkurborg hefur bent foreldrum á gott aðgengi að frístundaheimilinu frá bílastæði leikskólans á skýringarmynd sem send var foreldrum barna sem sækja frístundaheimilið. Stjórn skólans hefur haft töluverðar áhyggjur af aukinni umferð á bílastæði við lóð skólans með tilheyrandi slyshættu.

Unnið var við ýmislegt annað á árinu og kann stjórn skólans mörgum kærar þakkar fyrir óeigingjarnt sjálfbóðastarf í þágu skólans. Þar má nefna foreldra og foreldrafélag skólans sem unnu frábært starf á árinu í þágu barna og starfsfólks skólans. Einnig má nefna hjónin Maríu Sighvatsdóttur leikskólastjóra og Auðunn Eiríksson sem unnu í sínum frítíma að því að setja upp nýjar rólur og mál.

Að lokum þakkar stjórn leikskólans starfsfólkinu fyrir framúrskarandi störf á árinu með börnunum og fyrir að hafa skapað þeim hlýlegt og kærleiksríkt umhverfi.





Allir eiga þeir að vera eitt
(Jóh. 17:21)

Ekki með valdi né krafti,
heldur fyrir anda minn!
-segir Drottinn allsherjar
(Sak. 4:6)